

Engin störf eru bara fyrir karla




Eyjastelpan Þura Stína Kristleifsdóttir fékk ekki vinnu sem háseti þótt hún hafi siglt um heiminn í heilt ár. Þura Stína og fleiri ungar konur ræða um karllægan vinnumarkað og átakið #kvennastörf. ➔28-30



Nýtur forréttinda Þorsteinn Víglundsson um jafnrétti.

➔32



Draumurinn réttist í rifnum takkaskóm Leið Sadio Mané á toppinn var þyrnum stráð. ➔38



Bjartsýni í Rúanda Christine Ngulikiyinka, sendiherra Rúanda, heimsótti Ísland.

➔18

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

SPENNANDI TÆKIFÆRI FYRIR UNGT FÓLK
UPPLÝSINGAR Á BLS. 13 Í BLAÐINU



BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Nýttu tækifærið!

Dekurtjútti Lyfju lýkur á morgun. Nýttu tækifærið og kiktu á frábær tilboð á dekurvörum í næstu verslun eða í netversluninni á lyfja.is

Allt að
30%
AFSLÁTTUR

www.lyfja.is


SMÁRALIND

ER FERMINN
Í KORTUNUM?



OPIÐ TIL 18 Í DAG

Veður



Á morgun er spáð austan 8 til 13 metrum á sekúndu. Snjócoma eða slydda í flestum landshlutum og hiti kringum frostmark. **SJÁ SIÐU 50**



Verðlagið á Íslandi færir ferðamenn frá landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ferðamenn hætta við Íslandsferð

FERÐAÞJÓNUSTA Rannveig Snorradóttir, ferðaheildsali í Noregi, segir æ erfiðara að selja ferðir til Íslands vegna gengis og verðlagningar hér á landi. Tugir hópa hafa afbókað ferðir til landsins. Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF, hefur áhyggjur af stöðunni.

„Ég er búin að fá mikið af afbókunum á þær ferðir sem við höfum haft til boða því þær seljast ekki vegna gengis og verðlags. Þetta er staða sem ég hef óttast að gæti komið upp síðustu mánuði og nú er hún að raungerast,“ segir Rannveig. „Það segir nokkuð mikið þegar það er ódýrara að ferðast í Noregi en á Íslandi.“

Rannveig segir bæði sterka stöðu krónunnar vera vanda í íslenskri ferðaþjónustu en einnig sé vandinn að einhverju leyti heimatilbúinn. „Við höfum séð verðhækkunar hjá sumum aðilum á Íslandi sem ekki er hægt að útskýra með gengisþróun sem hægt er að kalla sem óraun-sæjar hækkunar.“

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF, segir stöðuna erfiða og minni og minni hagnaður sé af hverjum ferðamanni en áður. „Sterk staða krónunnar hefur vissulega áhrif á útflutningsgrein eins og ferðaþjónustu,“ segir Helga. „Verðhækkunar og launapróun hafa áhrif á verðlagningu.“ – sa

Stuð á degi heilags Patreks



Mikið fjór var á írsku barnum The Drunk Rabbit í miðbæ Reykjavíkur í gær. Þar var fólk komið saman til að fagna degi heilags Patreks. Er deginum oft fagnað með bjórdrykkju. Dagurinn er þjóðhátíðardagur Írlands en almennur frídagur á Norður-Írlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hurðir úr Eden í Rósagarðinn

MENNINGARMÁL Útihurðirnar sem leiddu gesti og gangandi inn í verslunar- og veitingastaðinn Eden í Hveragerði á sínum tíma og sluppu óskaddaðar að utanverðu þegar staðurinn brann í júlí 2011 verða settar upp í Rósagarðinum, nýopnuðu veitingahúsi og rósa-ræktunarstöð.

Edenhurðirnar eru skornar út af Erlendi Magnússyni og sýna Adam og Evu í aldingaröðinum Eden að því er segir í fundargerð bæjarráðs Hveragerðis. Bærinn fékk hurðirnar að gjöf eftir brunann.

„Bæjarráð samþykkir að hurðirnar verði lánaðar til Rósagarðsins við Breiðumörk enda verði þeim gerður sómi og þær sýndar á áberandi stað til minningar um Eden,“ segir bæjarráðið. Forsvarsmenn Rósagarðsins segjast munu gera hurðunum hátt undir höfði. – gar

Þóknanir hlaupa á þremur milljörðum


Á síðustu sex mánuðum námu þóknanir til fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu um þremur milljörðum króna. Formaður Félags fasteignasala segir að samdráttur sé þó í sölu fasteigna, þóknanirnar dreifist víða og fáar eignir í boði.

HÚSNÆÐISMÁL Með hækkandi fasteignaverði hefur þóknun sem greiðist til fasteignasala landsins farið hækkandi. Á síðustu sex mánuðum má áætla að þóknun til fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu hafi numið um þremur milljörðum króna. Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala, telur að miðað við hve margir vinni í faginu sé þetta þó ekki há tala. Sökum færra eigna sé nú samdráttur í sölu hjá mörgum fasteignasölum.

Frá september til febrúarloka nam fjöldi kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu 4.210 samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands. Á tímabilinu nam veltan 193,2 milljörðum króna og var því meðalsamningur metinn á 45,9 milljónir. Að jafnaði nemur þóknun til fasteignasala um 1,5 prósentum af kaupverði og má því áætla að 2.897,9 milljónir króna hafi verið greiddar í þóknun á tímabilinu. Tæplega niútu fasteignasölur starfa á höfuðborgarsvæðinu og má því áætla að hver fasteignasala hafi að jafnaði fengið 32,2 milljónir í þóknun á tímabilinu, eða rúmlega fimm milljónir á mánuði.

Kjartan Hallgeirsson telur að miðað við hve margir vinni í faginu sé þetta ekki há tala. „Dreifingin er ansi mikil á þessum þóknunum, ef þú skoðar þetta sem tímagjald þá eru þetta aldrei háar tölur.“

Kjartan segir að þóknanir vegna lítilla eigna hafi hækkad umtalsvert undanfarnin misseri. Þóknanir hafa verið hærri samhliða aukinni veltu, en sökum færri eigna á sölu undanfarna mánuði hafi þær dregist saman. Kjartan segir að áhrif þess muni birtast í veltutölum þjóð-



Það eru miklu færri eignir að seljast núna, þannig að það er samdráttur í sölu hjá fasteignasölum.

Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala



skrár Íslands á næstu mánuðum. „Þetta tengist auðvitað bara veltu þannig að þegar er meiri velta eru auðvitað hærri þóknanir. En þetta er eins og fiskiskip sem siglir áfram, stundum ertu að fá meiri afla og stundum minni og það þarf að fá jafnvægi.“

„Það eru miklu færri eignir að seljast núna, þannig að það er samdráttur í sölu hjá fasteignasölum. Þó að sé auðvelt að selja eru færri eignir til sölu og fjöldi fasteignasala til staðar og þar af leiðandi eru tekjurnar minni fyrir þá sem eru að vinna í þessu.“ saeunn@frettabladid.is

11. maí í 17 nætur

Frá kr.
159.995
m/allt innifalið

Eldri borgarar

COSTA DEL SOL

Griego Mar Hotel

Netverð á mann frá kr. 159.995 m.v. 2 í herbergi.

Heimsferðir

ÚRVALIÐ ER ENDALAUST

VEISLA

Þú færð allt fyrir glæsilega veislu á einum stað.



PIPARITIMA - SÍA

Kringlan

Af öllu hjarta

LAUGARDAGUR

10 - 18

SUNNUDAGUR

13 - 18

**GJÖF SEM
HENTAR
ÖLLUM**



kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

TÖLUR VIKUNNAR 12.03.2017 – 18.03.2017

1.154

rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi eru í gildi á landsvisu.



95%

skaðlausara er að veipa en reykja samkvæmt rannsókn.

38% karla drekka sig ölvæða einu sinni í mánuði eða oftar og um 23% kvenna.

800 matjurtagarðar verða leigðir út á vegum Reykjavíkurborgar í sumar.

24,6%

fólks á öldrunar- og hjúkrunarheimilum fá sterk geðlyf en eru þó ekki haldin geðsjúkdómum.

21.000 fólksbilar, rúmlega, voru fluttir hingað til lands í fyrra.

72.000 Íslendingar höfðu skráð sig til þátttöku í blóðskimunarátakinu Blóðskimun til bjargar í vikunni.

Þrjú í fréttum Fimleikar, akstur og fjarvistir

Sólveig Jónsdóttir,

framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands

sagði það ómurglega staðreynd að árið 2017 væri dýrt að vera í íþróttum. Þetta sagði Sólveig vegna fréttu um að tvær systur hefðu ekki fengið leyfi til að keppa á fimleikamóti þar sem þær áttu ekki nýjustu keppnisbúningana sem kosta tæplega 50 þúsund krónur. Sólveig sagði alla þurfa að vera í eins búningum á mótum.



Guðmundur Ármann Pétursson,

framkvæmdastjóri Sólheima

kvaðst ekki skilja hvernig einstaklingur sem þurfi sérstakt búsetuúræði sé ekki metinn nægilega fatlaður til að þurfa akstursþjónustu. Einstaklingur sem fékk ferðaþjónustu í sveitarfélagi sem hann bjó í var ekki metinn nógu fatlaður til að fá slíka þjónustu þegar hann flutti á Sólheima.



Sigríður Björk Guðjónsdóttir

lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu,

greindi frá því á ráðstefnunni Álag og fjölgun slysa hjá lögreglu að á síðasta ári hefði alltaf einn af hverjum tíu lögglumönnum á höfuðborgarsvæðinu verið fjarverandi úr vinnu, það er 28 af 290. Sigríður sagði að lögglumönnum fjölgaði ekki í samræmi við þarfir. Á sama tíma ykist álagið á þá sem fyrir væru.



Vill lóðir frá ríkinu undir íbúðir

Borgarstjóri vill samstarf við ríkið um íbúðauppbyggingu á sex ríkislóðum innan borgarmarkanna. Íbúðirnar verði byggðar upp án hagnaðarsjónarmiða. Fleiri en borgin þurfi að koma að átaki um uppbyggingu.

Borgarstjóri vill viðræður við ríkið um uppbyggingu á sex ríkislóðum í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar. Telur borgarstjóri að á lóðunum mætti reisa um 800 íbúðir. Þetta kemur fram í bréfi sem borgarstjóri sendi Þorsteini Víglundssyni, félags- og húsnæðismálaráðherra, fyrr í mánuðinum.


„Við erum opin fyrir því hvort við leysum þær til okkar eða hvort ríkið gangist sjálft fyrir því að láta byggja á þeim eða að við gerum það einfaldlega í samstarfi. En með þessu bréfi vildum við einfaldlega þrýsta á þetta,“ segir Dagur.

Hann segist vilja að ríki og borg nái samstöðu um að þessar íbúðir fari til uppbyggingar með þarfir ungs fólks í huga. „Það er sá hópur sem stendur höllustum fæti á húsnæðismarkaði. Annars vegar eru þarna nokkrar lóðir sem myndu henta mjög vel til þess að byggja stúdentaíbúðir en ég sé líka fyrir mér að það væri áhugavert að þróa þarna litlar og meðalstórar íbúðir sem væru hugsaðar fyrir kaupendamákaðinn,“ segir Dagur. Ríki og borg myndu í sameiningu finna leiðir til að tryggja að sú uppbygging færi fram án hagnaðarsjónarmiða, eða því sem næst.

Í bréfi dags kemur fram að viðræður við fyrri ríkisstjórn hafi leitt til þess að borgin keypti lóð við Elliðaárvog sem var í eigu Sementsverksmiðjunnar og lóð Kennaraháskólans við Bólstaðarhlíð þar sem verður byggt upp fyrir stúdenta og eldri borgara. Viðræður um aðra mikilvæga reiti hafi ekki skilað árangri.

Dagur segir við Fréttablaðið að því hafi verið borið við að ríkinu sé óheimilt að heimila uppbyggingu á þessum lóðum nema hámarksverð fái fyrir. „Þá þarf hugsanlega lagabreytingu eða eitthvað en þá er bara að gera það. Borgin er að láta land undir uppbyggingu sem er ekki í hagnaðarskygni án þess að fá þar hámarksendurgjald fyrir,“ segir Dagur og vísar þar í lóðaút-

Lóðirnar sex sem Borgarstjóri leggur til



- 1 Sjómannareitur
- 2 Landhelgisgæslulóð
- 3 SS-reitur
- 4 Borgarspítalareitur
- 5 Veðurstofusvæði
- 6 Suðurgata-Hringbraut

SKJÁSKOT/MAP.IS

Meiri uppbygging í Úlfarsárdal

Á borgarráðsfundi í fyrradag spurðu borgarráðsfulltrúar út í tillögur um fjölgun lóða í Úlfarsárdal. Dagur segir að í pípunum sé stækkun Úlfarsárdals upp á allt að 500 íbúðir. „Þá er bæði verið að auka uppbyggingarmöguleika innan hverfisins og bæta við hverfið. Það er búið að vera í sam-



ráði núna, meðal annars við íbúasamtökin, og ég á von á að það verði klár í auglýsingu á næstu vikum,“ segir Dagur við Fréttablaðið. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja þetta hins vegar litla fjölgun og benda á að íbúðapörfin í dag sé um 5.000 íbúðir og svo 1.000 íbúðir daglega.

hlutanir vegna stúdentaíbúða og vegna íbúða sem borgin hyggst reisa í samvinnu við verkalýðshreyfinguna.

„Mér líst mjög vel á þetta. Þetta verður aldrei afgerandi en samt eitt þúsulspilið í því sem við erum að vinna með í húsnæðismálunum,“ segir Þorsteinn Víglundsson, félags- og húsnæðismálaráðherra. „Ég reikna með að þetta verði í þeim aðgerðum sem við munum leggja til við aðgerðahóp ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál,“ segir Þorsteinn en nefndin mun móta tíu tillögur til lausnar á húsnæðisvandinum. jonhakon@frettabladid



KOMDU OG PRUFADU

Opið í dag laugardag 12 - 16

Margar góðar reynsluakstursleiðir í nágrenni Mosfellsbæjar.

Tökum vel á móti þér!
Rjúkandi Lavazza kaffi á könnunni.

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Bit með fyrirvara um prentavillur og myndavíki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

SÚPER TILBOÐ Í MARS

JOTUN Lady veggmálning **20-30% afsláttur**

**30%
afsláttur**

Algerlega
mött
málning
Hrikalega flott!

3 ltr

JOTUN

SÚPER TILBOÐ

6.290 kr

~~8.995 kr~~

Lady Pure Color 3 ltr.
Mött veggmálning
7122045-48

**25%
afsláttur**

3 ltr

JOTUN

SÚPER TILBOÐ

2.245 kr

~~2.995 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning
3 ltr.
7119781-83



**46%
afsláttur**

BLACK & DECKER

SÚPER TILBOÐ

12.995 kr

~~23.995 kr~~

Keðjusög CS1835
1800W, 35 cm blað, hraði 12,5 m/sek.
5083681

**25%
afsláttur**

Nilfisk

SÚPER TILBOÐ

11.995 kr

~~15.995 kr~~

Háprýstidæla C105.7-5 (EU)
105 bór, 440 ltr./klst. Sjálfvirk gagnsetning
og stöðvun með click & Clean kerfi.
5254201



VOR ERIKURNAR KOMNAR

599 kr

Vor erika
10327408

blómaval

Nú styttest í vorið

Hekklippurnar á betra verði um helgina

BLACK & DECKER

SÚPER TILBOÐ

9.895 kr

~~16.495 kr~~

Hekklippur 500W
500W, 50 cm blað. Klippir allt
að 22 mm sverar greinar.
5083643

**40%
afsláttur**



BLACK & DECKER

SÚPER TILBOÐ

9.995 kr

~~14.995 kr~~

Hleðsluborvél
10,8V, tvær 1,5Ah
Li-ion rafhlöður,
hærsla 26Nm.
5245565



Byggjum á betra verði



VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ
ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

Villi Naglbýtur gaf fyrsta hjólið í hjólasöfnun Barnaheilla í ár

SAMFÉLAG Hjólasöfnun Barnaheilla - Save the Children á Íslandi er hafin. Er þetta í sjötta sinn sem hjólasöfnunin fer fram en hún er unnin í samstarfi við Æskuna, Sorpu og ýmsa velunnara. Er markmiðið að koma ónotuðum hjólum í notkun á ný.

Hjólin eru gefin börnum sem hafa ekki kost á að kaupa sér reiðhjól og er hægt að sækja um hjól hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Verður hjólunum safnað á endurvinnslustöðvum Sorpu, þau gerð upp af sjálfbodaliðum og svo afhent.

Í tilkynningu frá Barnaheillum kemur fram að um 1.200 börn hafi notið góðs af fyrri hjólasöfnunum.

Í ár afhenti Vilhelm Anton Jónsson, leikari og tónlistarmaður, fyrsta hjólið.

– Þea



Vilhelm Anton Jónsson

Vilja fund eftir dóm Steingríms

STJÓRNSÝSLA Minnihluti allsherjar- og menntamálanefndar hefur óskað eftir sérstökum fundi nefndarinnar vegna nýfallins dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Steingríms Sævars Ólafssonar.

Minnihlutinn telur dóminn vekja spurningar um núverandi lagaumgjörð tjáningarfrelsis á Íslandi. Að mati minnihlutans þarfnast málefnið frekari skoðunar og óskaði hann því eftir að nefndin haldi sérstakan fund. Vill minnihlutinn að bодаður verði álitsgjafir og sérfræðingar til þess að ræða málið sem allra fyrst.

Í tilkynningu sem Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, sendi fjölmiðlum segir að efni fundarins muni snúast um hvernig bæta megi íslenska lagaumgjörð til þess að tryggja betur vernd tjáningarfrelsis á Íslandi.

Einnig verði að komast að því hvernig best verði tryggt að Ísland uppfylli kröfur Mannréttindasáttmála Evrópu um vernd tjáningarfrelsis, sem og sambærilegra ákvæða í öðrum mannréttindasáttmálum sem ríkið hefur gengist við.

Minnihlutinn hefur því óskað eftir að fá á fundinn fulltrúa frá Hæstarétti Íslands, fulltrúa frá dómsmálaráðuneytinu, fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu, fulltrúa frá mannréttindaskrifstofu Íslands eða mannréttindaskrifstofu Háskóla Íslands auk sérfræðinga í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá hefur fulltrúa blaðamanna verið boðið á fundinn en fimm sinnum hefur Mannréttindadómstóllinn snúið við dómi Hæstaréttar. – jhh



Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata

Syrgðu fallna vini



Íbúar í vesturluta írösku borgarinnar Mósúl syrgja fallna ættingja og vini sem fórust í loftrás í gær sem beindist að hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við íslamskt ríki. Íraski herinn reynir nú að bola hryðjuverkasamtökunum úr borginni og er hart barist. NORDICPHOTOS/AFIP

Kanna hvort blöðrupang nýtist gegn lífsstílsjúkdómum

Matis og Rannsóknastofa í öldrunarfræðum hafa fengið grænt ljós frá Vísindasiðanefnd um rannsókn á áhrifum þangs gegn þekktum lífsstílsjúkdómum. Nýr iðnaður í fæðingu ef vel tekst til. Mikið af þanginu finnst í íslenskum fjörum og er ónýtt hráefni í dag. Virku efnin í þanginu eru dregin út og notuð í matvæli.

NÝSKÖPUN Þekkingarfyrirtækið Matis og Rannsóknastofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum hafa fengið samþykki Vísindasiðanefndar fyrir rannsókn á áhrifum blöðrupangs á bólgubætti hjá of þungum, fullorðnum einstaklingum. Eins verður kannað hvort blöðrupang hafi áhrif á blóðsykur og blóðfitu – og efnin geti nýst í baráttunni við þekktu lífsstílsjúkdómum.

Hörður G. Kristinsson, rannsókn- og nýsköpunarstjóri Matis, útskýrir að svokallaðir bólgubættir séu undirliggjandi orsök í mörgum sjúkdómum – hjarta- og æðasjúkdómum og liðagigt, svo dæmi séu tekin.

„Við erum þó að skoða fleira, til dæmis andoxunarvirkni og hvort þangið geti jafnvel haft áhrif á þá bætti sem valda sykursýki. Við erum því að gera viðtæka skimun á þessu efni sem búið er að þróa. Rannsóknin er til þess að sjá hvernig efnid virkar við inntöku hjá mönnum, en mikið liggur þegar fyrir úr tilraunum sem lofa mjög góðu,“ segir Hörður.

Hráefnið blöðrupang, sem einnig er nefnt bóluþang, vex eingöngu í fjörum og er víða algengt í Norður-Evrópu – ekki sist hér á Íslandi.

„Þetta var eitthvað nýtt hér fyrir á öldum en hefur verið vannýtt í samanburði við sumar aðrar þangtegundir. Það skýrist af því að það er ekki sérstaklega bragðgott þegar það er borðað eitt og sér. Það sem við erum að gera er að draga út virku efnin í þanginu sem hægt er að neyta beint eða blanda í önnur matvæli,“ segir Hörður og bætir því



Handskera þarf blöðrupangið og ekki má taka of mikið í einu. MYND/MATIS

Fyrir 40 ára og eldri í yfirþyngd

- Þátttakendur í rannsókninni þurfa að vera fullorðnir einstaklingar, 40 ára og eldri, með líkamspygndarstuðul (BMI) ≥ 27 .
- Þungaðar konur eða konur með barn á brjósti eru útilokaðar frá þátttöku.
- Einstaklingar sem hafa samband og hafa áhuga á að taka þátt í rannsókninni þurfa að draga úr neyslu á matvælum sem innihalda omega-3 og forðast lýsi í tvær vikur áður en ihlutun hefst og meðan á þátttöku stendur.
- Blöðrupang/bóluþang (Fucus vesiculosus) er ríkt af jodi, ómeltanlegri sterkju, salti og lífvirkum efnum.
- Þangduftið verður til þegar ákveðin lífvirk efni eru dregin út úr því og einangruð.
- Lífvirku efnin eru sett í hylki úr gelatini til að auðvelda inntöku.
- Notkun á þanginu til manneldis er þekkt og rannsóknir á lífvirkum efnum í því benda til þess að duft úr þanginu gæti haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilegar breytur (bólgubætti og blóðsykur).

Ef vel gengur myndum við reyna að búa til nýjan iðnað úr ónýttu hráefni.

Hörður G. Kristinsson, rannsókn- og nýsköpunarstjóri Matis



við að þangið er nýtt annars staðar í heiminum en í litlum mæli – og ekkert hér á Íslandi í dag.

En hvað ef þessi tilraun eða rannsókn skilar góðum árangri?

„Við erum að líta til fæðubótar-efna og markaðar fyrir þau. Þá væri hugmyndin sú að setja á fót framleiðslu hérna á Íslandi og framleiða meðal annars úr þessu þangi, og þá fyrir erlendan markað. Ef vel gengur myndum við reyna að búa til nýjan iðnað úr ónýttu hráefni,“ segir Hörður en allt þangið er, og yrði, handskorið og þess gætt að hvert svæði sé vel hvílt á milli. Helstu matarholurnar eru kannski Breiðafjörður en mikið er af þessu þangi við Faxaflóa og Reykjanes – og reyndar í fjörum um allt land.

svavar@frettabladid.is

Danskir dagar



Graasten brauðsalöt
Ómissandi á dönskum dögum.

3 stjarnet álegg
Spegepölse og salami.

Göl og Tulip Leverpostej
Klassisk grou, Sønderjysk og Bacon.

Tulip Pálækker
Hamburgerryg, Kamsteg og Spegepölse.

K Salöt
Danskerne's foretrukne.

Nýtt í Hagkaup **direkte fra Danmark**



299

Earth Control snakk
En chips, som er tykkere, sprødere og sprængfyldt med smag.

direkte fra **Danmark**



89

Ga-Jol og Spunk
Vingummi og saltlakrids.

direkte fra **Danmark**



359

Karen Volf smákökur
Lækkert og nemt.

direkte fra **Danmark**



129

Ceres Hvidtøl
Maltøl som gør folk glade.

Gildir til 19. mars á meðan birgðir endast. Nýtt í Hagkaup **direkte fra Danmark**



549

Anton Berg Sweet Moments
Forkæl dig selv med Sweet Moments – eller del dem med en, du holder af.

direkte fra **Danmark**



Pinguin

Pinguin-slik er favoritter blandt danskerne, når der skal hygges.

direkte fra **Danmark**



399

Toms súkkulaðiálegg
Ljóst og dökkt.

direkte fra **Danmark**



329

399

Rynkeby safar
Epla og appelsínu. 1,75 L.

AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsóknar 10 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. rg.nr. 397/2003.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á www.samgongustofa.is. Umsóknarfrestur er til og með 27.03.2017.

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

Skoða að flytja inn kók í dós

NEYTENDAMÁL Svo gæti farið að allt kók í áldósum og í gleri hér á landi verði innflutt og því ekki framleitt hér á landi úr íslensku vatni. Markaðsstjóri Coca-Cola á Íslandi segir það kost fyrir fyrirtækið að vera hluti af alþjóðlegu fyrirtæki og geta flutt inn í stað þess að framleiða vöru hér á landi.

„Við reynum á hverjum tíma að bregðast við markaðsaðstæðum. Ef við teljum það heppilegra að flytja inn vöruna þá gerum við það. Ákveðnar vörulínur getum við til að mynda ekki framleitt hér,“ segir Stefán Magnússon, markaðsstjóri Coca-Cola European Partners á Íslandi, sem á og rekur verksmiðju Coca-Cola á Íslandi.

Sala á gosi hér á landi er mest í plastflöskum og mun framleiðsla á gosi hér á landi og átöppun í plastumbúðir ekki leggjast af. Hins vegar er aðra sögu að segja um áldósur og glerflöskur.

„Við höfum verið að flytja inn Sprite og Fanta í áldósum síðustu ár. Salan í þeim vöruflokkum gefur ekki tilefni til þess að þær vörur séu framleiddar hér á landi. Gamla góða Coca-Cola er þannig vara að þó að við flytjum það inn í áldósum ættu neytendur að fá nákvæmlega sömu vöruna og áður,“ segir Stefán og bætir við: „Við erum með mjög virkt gæðaeftirlit með okkar vörum og Coca-Cola er ferskvara.“ – sa



Maður drekkur kók í dós árið 1990. Íslenska vatnið hefur gert kók að einstökum svaladrykk en nú gæti verið breyting í farvatninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sakar svikara um íbúðasvik

Halldór Viðar Sanne, dæmdur svikari, hefur verið kærður fyrir að hafa fé af konu um fyrirframgreidda leigu húsnæðis sem hann átti ekki. Halldór sér eftir því sem hann gerði en segir ásakanirnar bull og vitleysu.

LÖGREGLUMÁL Bergljót Snorradóttir segir farir sínar ekki sléttar af viðskiptum við dæmdan svindlara, Halldór Viðar Sanne. Á hún að hafa greitt honum fyrirframgreidda leigu á einbýlishúsi í Njarðvík sem hann átti ekki heldur var sjálfur með í leigu. Halldór Viðar kannast ekki við að hafa tekið við peningum af Bergljótu og kallar hana lygara.

Halldór Viðar Sanne á sér langa sögu í svikum og þrettum. Bergljót segir Halldór mjög færan í því sem hann gerir. „Þetta byrjar á því að hann auglýsir einbýlishúsi í Njarðvík til leigu á bland.is í síðasta mánuði. Sonur minn hafði hug á að leigja þetta hús ásamt tveimur öðrum. Við förum fjögur að skoða húsið og honum list á hópinn og okkur á húsið.“ segir Bergljót. „Hann tjáði okkur að mikil eftirspurn væri eftir húsinu og því þyrfti hann að fá fyrirframgreiddu svo tryggt væri að hópurn tæki íbúðina á leigu,“ segir Bergljót. Húsnæðið í Njarðvík var ekki og

er ekki í eigu Halldórs. Hann var með húsið sjálfur á leigu og mátti ekki leigja það áfram.

„Einnig hringdi hann í þjónustufulltrúann minn til að telja henni trú um að millifæra um 900 þúsund krónur af reikningi mínum í fyrirframgreidda leigu. Það simtal er til á hljódupptöku,“ segir Bergljót. „Hins vegar náði hann af mér 300 þúsund krónum. Ástæða þess að ég segi þessa sögu er til að aðrir hugsi sig um áður en farið er í viðskipti við þennan mann.“

Halldór segir þetta mikinn miskilning. „Þessi kona er ekki að segja sannleikann og hefur logið í tvgang upp á mig,“ segir Halldór Viðar.



Ástæða þess að ég segi þessa sögu er til að aðrir hugsi sig um áður en farið er í viðskipti við þennan mann.

Bergljót Snorradóttir



„Það stóð til að leigja húsið út en við ákváðum að selja það frekar.“

Halldór, segist sjá mikið eftir sínum mistökum á síðustu árum en nú reyni hann að byggja upp framtíð og hann segir svikin, þrettina og lygarnar að baki.

„Auðvitað sé ég eftir því sem ég gerði. Ég sveik marga en ég hef verið dæmdur fyrir þau brot og tekið út minn dóm. Nú er ég breyttur maður,“ segir Halldór Viðar.

Bergljót segir Halldór Viðar hafa kássast upp á rangan aðila. „Hann mun ekki komast upp með það að stela af mér peningum. Ég mun ekki sitja og horfa á það þegjandi og hljóðalaust. Ég hef nú þegar kært málið til lögreglu og veitt þeim gögn um samskipti mín við Halldór sem ég á skrifuð,“ segir Bergljót. sveinn@frettabladid.is

Barnadagar
20–25%
afsláttur af öllum barnavörum



Apótekarinn⁺
- lægra verð



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

FYRIR ÁST ÞÍNA Á

AYGO



TVEGGJA ÁRA ÞJÓNUSTUPAKKI FYLGIR

Verð frá: 1.630.000 kr.

Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár. Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum AYGO
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefni **Átaki til atvinnusköpunar**. Veittir eru styrkir til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnisins:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja

Sérstök áhersla er lögð á

- Verkefni sem eru nýjung og skapa ný störf
- Ný verkefni í ferðamálum á sviði þjónustu, upplifunar og afþreyingar og eiga að stuðla að því að dreifa ferðamönnum jafnar um landið

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: hildur@nmi.is

Umsóknarfrestur til kl. 12:00 á hádegi þann 18. apríl 2017




Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



ÁTAK TIL
ATVINNUSKÖPUNAR



Vatnsskortur í Perú



Íbúar í úthverfi Lima, höfuðborgar Perú, safna vatni úr gosbrunni. Óvenju mikil rigning hefur valdið flóðum á svæðinu. Það hefur orðið til þess að flest vatnsveitukerfi borgarinnar hafa fallið saman. Skortur hefur því myndast á drykkjarvatni í borginni. NORDICPHOTOS/AFP

Undrabörn og ofurmeistarar

Nokkrar af sterkustu skákkonum heims og undrabörn mæta á Reykjavíkurskákímótið. Þegar eru keppendur frá 46 löndum búnir að melda sig.

SKÁK GAMMA Reykjavíkurskákímótið 2017 er hið sterkasta í rúmlega hálfri aldar sögu mótsins og gæti ennfremur orðið það fjölmennasta. Þegar er 251 skákmaður skráður til leiks frá 46 löndum. Þeir ofurstórmeistarar tefla, nokkrar af sterkustu skákkonum heims, auk undrabarna og goðsagna úr sögu mótsins.

Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands, segir að fjölda- og gæti ennfremur orðið það fjölmennasta. Þegar er 251 skákmaður skráður til leiks. Þar af eru 69 Íslendingar. Fjölmennastir gestanna eru Indverjar sem eru 29 talsins. Í næstu sætum eru Bandaríkin en þaðan koma tuttugu skákmenn, þrettán frá Kanada en einnig mæta stórir hópar Hollendinga, Svía, Englendinga og Þjóðverja.

„Mótið, sem stendur dagana 19. til 26. apríl, hefur fengið mikla athygli erlendis og var nýlega kosið næstbesta opna skákímótið af Samtökum atvinnuskákmanna en mörg hundruð alþjóðleg skákímót eru haldin ár hvert. Reykjavíkurskákímótið hefur á þessari rúmu hálfu öld unnið sér orðspor sem einstakt skákímót sem íslensk skákhreyfing er ákaflega stolt af,“ segir Gunnar.

Meðal skráðra keppenda er 31 stórmeistari sem er umtalsverð fjölgun frá síðustu árum og enn á eftir að bætast eitthvað í þann hóp, ef að líkum lætur. Stigahæsti keppandi mótsins er Anish Giri, einn allra sterkasti skákmaður

Reykjavíkurskákímótið hefur á þessari rúmu hálfu öld unnið sér orðspor sem einstakt skákímót sem íslensk skákhreyfing er ákaflega stolt af.

Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands



heims, sem hefur 2.769 skákstig. Hann er stigahæsti skákmaður í sögu Reykjavíkurskákímótanna. Tveir aðrir keppendur hafa meira en 2.700 skákstig, sem oft er notað til að greina ofurstórmeistarara frá þó mjög sterkum kollegum þeirra. Það er Rússinn Dmitry Andreikin og Georgíumaðurinn Baadur Jobava, sem þykir einn frumlegasti og skemmtilegasti skákmaður heims.

„Meðal keppenda nú er Rameshbabu Praggnanandhaa, sem er nafn sem er rétt er að leggja á minnið, ef það er á annað borð hægt. Sá er aðeins 11 ára og þykir líklegur til að slá met Sergey Karjakin sem yngsti stórmeistari allra tíma,“ segir Gunnar sem bætir við að á mótinu megi einnig finna sterkustu skákkonur heims. Þeirra á meðal er hin indverska Hariku Dronavalli sem er á topp 10 í heiminum og landa hennar Tanja Sadchev sem sló eftirminnilega í gegn á Reykjavíkurskákímótinu í fyrra. svavar@frettabladid.is



17 - 0901 - HVITA HÚSIÐ / S I A

KYNNINGARFUNDUR VEGNA ÚTBOÐS Á AÐSTÖÐU HÓPBIFREIÐA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Isavia boðar til kynningarfundar vegna útboðs á aðstöðu hópbifreiða á Keflavíkurflugvelli. Fundurinn verður haldinn **miðvikudaginn 22. mars kl. 14:00 á Hótel Reykjavík Natura**. Markmið fundarinnar er að kynna útboðsferlið og svara spurningum þeirra sem hafa áhuga á að taka þátt í útboðinu. Útboðið sjálft hefst innan nokkurra vikna og verður auglýst sérstaklega.

Við hvetjum áhugasama aðila til að mæta á fundinn og kynna sér væntanlegt útboðsferli. Nánari upplýsingar má fá með tölvupósti á netfangið vidskipti@isavia.is.



ISAVIA

FUNDARSTAÐUR:
HÓTEL REYKJAVÍK NATURA

DAGSETNING:
22. MARS 2017

Smáhundakynning

20% AFSLÁTTUR AF GÆLUDÝRAVÖRUM OG FÓÐRI



FRÁ 13:00 TIL 17:00 | LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMIÐ OG KYNNIST FJÖLDA TEGUNDA AF SKEMMTILEGUM SMÁHUNDUM
SPENNANDI DÝRAVÖRUKYNNINGAR ★ LUKKUPOTTAR ★ DÝRALÆKNIR
HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF ★ RAUÐAKROSSHUNDUR OG MARGT FLEIRA

PRO PLAN

ROYAL CANIN

Hill's

NordicGold

BELCANDO

Brit PREMIUM

GLÆSILEGT ÚRVAL AF FRÆJUM OG LAUKUM
FÁÐU RÁÐGJÖF HJÁ GARÐYRKJUFRÆÐINGI

20%

af Jarðaberja- og Rabarbararótum



20% AFSLÁTTUR
AF ÞYKKBLÖBUNGUM
OG KAKTUSUM



NÝ SENDING AF
KRYDDJURTUM OG
SÍGRÆNUM PLÖNTUM



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Telja Djúpið bera 30.000 tonna eldi

Áform fiskeldisfyrirtækja, sem þegar hafa verið kynnt, slaga nú þegar upp í það magn sem Hafrannsóknastofnun telur hægt að leyfa – eða 25.000 tonn. Burðarþolsmat Hafró leyfir 30.000 tonn. Eldismenn segja ekkert athugasvert við niðurstöðu Hafró, þar sé sérþekkingin.

FISKELDI Hafrannsóknastofnun telur að aðstæður í Ísafjarðardjúpi leyfi ekki eldi á meira en 30.000 tonnum af fiski á hverjum tíma. Þetta er undir því magni sem fiskeldismenn hafa talið að mögulegt sé að ala í Djúpinu. Ef fyrirhuguð áform um eldi, sem þegar hafa verið kynnt, ná fram að ganga slagar það upp í það magn sem þar er mögulegt að framleiða eða um 25.000 tonn á ári.

Hafrannsóknastofnun birti á dögunum burðarþolsmat sitt, en með breytingu á lögum um fiskeldi árið 2014 voru sett inn ákvæði um að rekstrarleyfi skuli fylgja burðarþolsmat, sem framkvæmt sé af Hafrannsóknastofnun. Í lögum er mat á burðarþoli svæða skilgreint sem þol þeirra til að taka á móti auknu lífrænu álagi, án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.

Í greinargerð Hafró segir að vegna aðstæðna í Ísafjarðardjúpi, og varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif áætlaðs eldis á vatnsgæði og botndýralíf, sé gert ráð fyrir að heildarlífsmassi í firðinum verði aldrei meiri en 30 þúsund tonn og að vöktun á áhrifum eldisins fari fram. „Slík vöktun yrði forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli fjarðarins, til hækkunar eða lækkunar, sem byggt yrði á raunögnum,“ segir í greinargerð Hafró.



Mikil uppbygging er á Vestfjörðum vegna fiskeldis, en í skugga harðrar gagnrýni úr ýmsum áttum. FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva (LF), segir það ekkert launungarmál að Ísafjarðardjúpi hafi verið talið bera meiri eldisstarfsemi en burðarþolsmat Hafró gerir ráð fyrir.

„En sérþekkingin liggur hjá Hafró og því mun vöktun eldisvæðanna, eftir að framleiðsla er hafin, leiða



Allt snýst þetta jú um að reyna að hámarka nýtingu eldisvæðanna án þess að valda neikvæðum varanlegum áhrifum á umhverfið.

Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva



25

þúsund tonn eru áform þriggja fyrirtækja um eldi í Ísafjarðardjúpi.

í ljós hvort rými verði fyrir endurskodað mat í framtíðinni. Allt snýst þetta jú um að reyna að hámarka nýtingu eldisvæðanna án þess að valda neikvæðum varanlegum áhrifum á umhverfið. Þar fer hagar okkar eldismanna og umhverfisins saman því ef viðkomandi svæði ber ekki áætlað framleiðslumagn þá viljum við ekki hefja þar starfsemi,“ segir Höskuldur í skriflegu svari til Fréttablaðsins.

Áform þriggja fyrirtækja um eldi í Ísafjarðardjúpi hafa verið kynnt. Arnarlax áformar 10.000 tonna eldisframleiðslu í Ísafjarðardjúpi sem stjórnað verður frá Bolungarvík. Eins að fyrirtækið Háafell, sem er dótturfyrirtæki Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal, hafi áætlanir sem gera ráð fyrir 7.000 tonna framleiðslu á laxi í Ísafjarðardjúpi og verður vinnsla fyrirtækisins á Ísafirði. Þá áformar fyrirtækið Arctic Sea Farm eldi af svipaðri stærð og Háafell. svavar@frettabladid.is



MOUNT
HEKLA



Fjällräven Kånken
12.800 kr.



Patagonia Torrentshell
16.800 kr.



Patagonia Bolur
4.900 kr.



Hestra Alpine Leather
12.800 kr.



Hanweg Tatra GTX
36.800 kr.



Patagonia Black Hole 60L
16.800 kr.



Mount Hekla Bjarmi
19.800 kr.



Fjällräven Fünas 35
19.800 kr.



Patagonia Black Hole Cube
4.800 kr.



Fjällräven Kånken No. 2
19.800 kr.





Fjällräven Keb
29.800 kr.



Fjällräven Abisko Svefnpoki
23.800 kr.



SPENNANDI TÆKIFÆRI FYRIR UNGT FÓLK OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 12-16



ÞJÓNUSTUDEILD BL BÝÐUR UNGU FÓLKI Í HEIMSÓKN TIL AÐ KYNNA SÉR HAGNÝTT STARFSNÁM MEÐ MIKLA MÖGULEIKA

Við bjóðum öllum sem hafa áhuga á að kynna sér framtíðina í bilgreinum að koma í heimsókn til okkar í dag og kynna sér þau fjölbreyttu og skemmtilegu störf sem bjóðast við þjónustu, viðgerðir og tæknistjórnun bíla.

Ungt fólk sem ihugar nám á framhaldsstigi er sérstaklega boðið velkomið ásamt forráðamönnum sínum en **BL býður upp á spennandi starfsnám þar sem greiddur er allur námskostnaður viðkomandi nemanda yfir námstímann.**

Kíktu við á skemmtilega kynningu hjá þjónustudeild BL við Sævarhöfða 2 í dag og fáðu þér pylsu og gos



Leggðu inn umsókn um starfsnám á <http://www.bl.is/um-okkur/saekja-um-vinnu>
Nánari upplýsingar hjá starfsmannastjóra BL á netfanginu anna@bl.is

BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 x 200 x 78 cm

179.990 kr. ~~239.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



25%
AFSLÁTTUR

OTTAWA

Borðstofustóll,
brúnt, grátt eða svart PVC áklæði.

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~



EASY

Priggja sæta sófi.
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 232 x 95 x 85 cm

35%
AFSLÁTTUR

69.990 kr.
~~109.990 kr.~~



20%
AFSLÁTTUR

FRIDAY

Hornsófi 2H2
Dökkgrár eða brúnn.
Stærð:
300 x 300 x 90 cm.

239.990 kr. ~~299.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

GAGA

Hægingastóll.
Lime-grænt eða svart ekta leður.

149.990 kr. ~~219.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

DEVON

Tveggja sæta svefnsófi með breiðum örmum.
Stærð: 175 x 88 x 83 cm Grátt slitsterkt áklæði.

99.990 kr. ~~139.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

DEVON

Tveggja sæta svefnsófi. Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 151 x 86 x 82 cm

99.990 kr. ~~139.990 kr.~~



MORRISON

Borðstofuborð úr hvíttaðri olíuborinni eða olíuborinni gegnheilli eik.

MORRISON borðstofuborðið er 100 cm breitt, 200 cm langt og hæðin er 73 cm. Það er stækkanlegt í 358 cm með þremur stækkunum sem fylgja. Hægt er að kaupa viðbótarstækkanir sem gera það mögulegt að stækka borðið í 512 cm. Hvítuð eða olíuborin eik.

30%
AFSLÁTTUR

279.993 kr.
~~399.990 kr.~~

HELGAR SPRENGJA

NATUZZI EDITIONS

B978 vandaður horntungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Silfur- eða platinum-grátt slisterkt áklæði.

Stærð: 294 x 101/250 x 85 cm

299.995 kr. ~~599.990 kr.~~



50%
AFSLÁTTUR

NATUZZI EDITIONS

DINEX

Borðstofuborð úr eik. Stærð: 90 x 90 cm.



39.995 kr.
~~79.990 kr.~~



90 x 90 cm.
Tvær 33 cm stækkanir fylgja.

50%
AFSLÁTTUR

BELINA

Borðstofustóll. Svartur með viðarfótum.



70%
AFSLÁTTUR

5.997 kr. ~~19.990 kr.~~

MARCUS

Borðstofustóll. Svartur eða hvítur.



50%
AFSLÁTTUR

3.995 kr. ~~7.990 kr.~~

EIFFEL

Eldhússtóll með króm-löppum. Litir: Rautt, grátt, svart eða hvítt.



25%
AFSLÁTTUR

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~

EIFFEL

Eldhússtóll með svörtum löppum. Litir: Grátt, svart, hvítt eða turkis blátt.



25%
AFSLÁTTUR

7.490 kr. ~~9.990 kr.~~

WILMA

Borðstofustóll, slitsterkt grátt áklæði.



35%
AFSLÁTTUR

9.990 kr. ~~15.990 kr.~~

Íslandsarmur nýnasista ætlar í aðgerðir

Íslandsarmur norrænnar hreyfingar sem kennd hefur verið við nýnasisma kveðst ánægður með vöxt hreyfingarinnar undanfarið ár. Markmiðið sé ekki þingframboð heldur að upplýsa fólk um það sem hreyfingin kallar fjölmeningargildruna.

SAMFÉLAG Forstöðumenn Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar, Íslandsarms hreyfingar á Norðurlöndum sem kennd hefur verið við nýnasisma, segja í nafnlausu skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að þeir séu ánægðir með vöxt hreyfingarinnar undanfarið ár. Þó vildu þeir ekki svara því hversu margir væru í hreyfingunni eða hversu mikið meðlimum hefur fjölgað.

Fréttablaðið fjallaði um hreyfinguna í ágúst á síðasta ári. Var þá send fyrirspurn á netfang hreyfingarinnar sem finna má á heimasíðu hennar og barst sams konar nafnlaust svar. Þá fengust þau svör að hreyfingin væri vaxandi og myndi vaxa enn meira. Ekki fékkst heldur svar við spurningum um fjölda meðlima.

„Íslendingar eru orðnir vanir því að kjósa tþpíska smáborgaraflokka sem að styðjast við tölur. Við erum ekki að leita að tölum, við erum að leita að baráttumönnum. Við erum ekki að leita að fólki sem segist kjósa okkur í næstu kosningum. Við viljum fólk sem er tilbúið í götuaðgerðir,“ segir í svarinu. Þar er vísað til þess að setja upp veggspjöld og dreifa dreifibréfum með upplýsingum um hreyfinguna.

Enn fremur segir að margir hafi hitt meðlimi hreyfingarinnar en fáir séu tilbúnir til að „berjast í þessu ósýnilega stríði sem kerfið býður okkur upp í“. Þeir aðilar mæti þó kurteisi og sé ekki bolað í burtu heldur komið í skilning um að þeir eigi ekki heima í hreyfingunni.

„Ef einhver vill vera virkur á fjögurra ára fresti þegar kosningar eru þá eru nægir flokkar í landinu. Það jákvæða við hreyfinguna okkar, síðan við urðum opinberlega virkir á landinu, er að þar er ungt fólk sem hefur fengið nóg og er reitt ástandinu í landinu okkar,“ segir í svarinu. Það sé hreyfingunni mikil hvatning að ungt fólk með hátt menntunarstig sé áhugasamt.

Þá sé fólk innan hreyfingarinnar sem vill ekki koma fram undir nafni eða sýna sig í störfum fyrir hana, til



Frá kröfugöngu sænska arms Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar í Stokkhólmi árið 2007. Mynd/Peter Isotalo

Við erum ekki að leita að fólki sem segist kjósa okkur í næstu kosningum. Við viljum fólk sem er tilbúið í götuaðgerðir.

Úr svari Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar til Fréttablaðsins.

dæmis vegna atvinnu eða stöðu innan ríkisins. Það styðji hreyfinguna með öðrum hætti. „Í heild þá erum við ánægðir með vöxt okkar vegna þess

að fólkið sem við skráum nær yfir okkar staðla.“

Líkt og í ágúst í fyrra hyggur hreyfingin ekki á framboð. Markmiðið sé ekki að sitja á þingi heldur að breyta hugarfari fólks. Í svarinu segir að kerfið hafi brugðist og á meðan fólk geri sér ekki grein fyrir því sé ekki hægt að biðja fólk um að kjósa hreyfinguna.

„[Fólk verður] að gera sér grein fyrir því að það sé að hverfa hægt og við erum nær því að verða eins og Norður og Mið-Evrópulönd með glæpatíðnina, nauðganir, morð og svo framvegis,“ segir í svarinu. Enn fremur segir að ef hreyfingin hefði fjármagn

til að reka kosningabaráttu yrði það frekar notað í dreifingu dreifibréfa, veggspjalda og þess háttar til þess að „fá fólk til að átta sig á fjölmeningargildruni“.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í ágúst kennir Norræna mótstöðuhreyfingin sig við þjóðernisfélagshyggju. Vilji hreyfingarinnar sé meðal annars að stöðva innflutning á fólki til landsins og stuðla að brottflutningi meirihluta fólks sem ekki er af norðurevrópskum uppruna. Skapa eigi norrænt samfélag með sameiginlegum her og herskyldu.

thorgnyr@frettabladid.is

Úr stefnuskrá Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar

- Með öllum ráðum vinna að því að taka völdin af alþjóðlegum Sionistum sem með valdi eða fjármunum stjórna stórum hluta þessa heims.
- Skapa sjálfbært norrænt samfélag með sameiginlegum her, sameiginlegum gjaldmiðli og miðstýrðum banka, einnig sameiginlegum landslögum. Þátttöku í Evrópusambandinu og öðrum óvinveittum sam-tökum verður þegar í stað hætt.
- Norrænir fjölmiðlar skulu vera í eigu ríkisborgara hins nýja Norðurs. Innlendir sem og erlendir fjölmiðlar sem vinna gegn norrænu fólki verða bannaðir.
- Skapa samfélag þjóðernisfélagshyggjumanna þar sem skipting auðlinda verður gerð með alla ríkisborgara í huga – hina sterku sem og hina veikku.
- Taka upp herskyldu og stækka herinn. Allir sem hafa lokið norrænni herskyldu munu halda vopnum sínum og búnaði. Hver borgari á að vera tilbúinn að hjálpa til við að verja þjóðina gegn innlendum sem og erlendum óvinum.
- Skapa ríki byggt á réttlæti og heiðarleika þar sem allir borgarar eru jafnir fyrir lögum.

Aðalfundur

Aðalfundur VR verður haldinn **þriðjudaginn 28. mars kl. 19.30** á Hilton Reykjavík Nordica.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, lagabreytingar og ákvörðun um innborgun í VR varasjóð.

Dagskrá og frekari upplýsingar er að finna á **vr.is**.

Við hvetjum félagsmenn til að mæta.



Fáir hafa nýtt réttinn til að skipta um heilsugæslustöð

HEILBRIGÐISMÁL Innan við 1% þeirra sem eru skráðir með heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu hafa nýtt sér þann möguleika sem gafst um áramótin að skipta um heilsugæslustöð. Þessi tala er þó líklega ekki marktæk, að sögn Ingveldar Ingvarsdóttur, deildarstjóra hjá Sjúkratryggingum Íslands.

„Í byrjun janúar var verið að leiðrétta skráningar. Verið var að ljúka við skráningu þeirra sem ekki höfðu heilsugæslustöð og einnig var nokkuð um að einstaklingar væru skráðir á tveimur stöðum, bæði hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni og á heilsugæslustöð. Það er ekki heimilt,“ greinir Ingveldur frá.

Samkvæmt nýja fjármögnunarakerfinu sem tók gildi um áramótin eiga allir sjúkratryggðir að vera skráðir á heilsugæslustöð eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni. Í lok nóvember í fyrra voru rúmlega 21 þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu ekki með heilsugæslustöð en í byrjun þessa árs voru allir sjúkratryggðir íbúar á höfuðborgarsvæðinu, 205 þúsund manns, skráðir.

Ef einstaklingur ákveður að færa sig á milli stöðva flyst fjármagn sem greitt er með viðkomandi yfir á nýju stöðina. „Með þessu myndast hvati hjá heilsugæslustöðvum til að bjóða upp á betri þjónustu við skjólstæðinga sína,“ tekur Ingveldur fram.

Innt eftir því hvort hægt sé að

Einnig var nokkuð um að einstaklingar væru skráðir á tveimur stöðum, bæði hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni og á heilsugæslustöð. Það er ekki heimilt.

Ingveldur Ingvarsdóttir, deildarstjóri hjá Sjúkratryggingum Íslands



merkja hvort einhverjar heilsugæslustöðvar séu vinsælli en aðrar segir Ingveldur að ekki sé hægt að sjá neitt slíkt út úr þeim gögnum sem Sjúkratryggingar hafi. „Það er auðvitað meiri breyting hjá stærri stöðvunum sem stýrist líklega mest af því að þær eru staðsettar í fjölmönnum hverfum. Hlutfallsleg breyting á skráningu virðist vera svipuð milli stöðva.“

Nú eru 17 heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og 12 sjálfstætt starfandi heimilislækna. Tvær nýjar stöðvar verða opnaðar í sumar. – **ibs**

Ford KUGA



#HÆFASTUR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseginnleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu, bakkmyndavél og fimm stjörnu öryggi svo fátt eitt sé nefnt. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:

5.690.000 KR.



Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Christine Nkulikiyinka er sendiherra Rúanda á Norðurlöndunum. Í vikunni kom hún til Íslands til að afhenda Guðna Th. Jóhannessyni trúnaðarbréf sitt.

Hún segir að árið 1994 hafi Rúanda verið gjörsamlega í rúst eftir þjóðarmorðið. Það þurfti að byggja algerlega upp frá grunni og það þurfti að gera það án fordæmis því hvergi annars staðar hafði neitt þessu líkt gerst.

„Við þurftum að setjast niður til að reyna að finna einhverja leið út úr þessari afar erfiðu stöðu. Út úr öllum þessum samræðum og hugmyndum sem skoðaðar voru kom áherslan á mikilvægi þess að við séum ein þjóð. Við erum öll Rúandabúar og gamla skiptingin í hótúa og tútsa þyrfti að hverfa. Hótúar og tútsar eiga raunar margt sameiginlegt og við vitum að saman getum við náð langt en sundradir komumst við ekkert.“

Eitt af því fyrsta sem gert var, strax í júlí 1994, var að taka úr persónuskilríkjum fólks skráningu um það hvort viðkomandi sé hótúi eða tútsi. En í reynd var þetta erfitt ferli fyrir íbúa landsins og er það enn í dag.

„Þetta gerðist í þorpunum og þar vita menn nákvæmlega hver drap hvern, og þekkja þá með nafni. Það tók okkur töluverðan tíma að geta undirbúið það, að byggja upp traust á meðal íbúanna sjálfra, en það var afar mikilvægt. Og það þurfti að byggja upp traust til ríkisvaldsins, því það var fyrriverandi stjórn sem skipulagði morðin. Traustið var ekki lengur fyrir hendi.“

Niðurstaðan varð sú að leita aftur til gamalla hefða og endurverkja þær til að byggja upp nýtt samfélag. Þessi leið er raun einstæð fyrir Rúanda og hefur reynt vel, þótt misjafnlega hafi gengið.

„Við tókum upp þessar gömlu hefðir og aðlöguðum þær samfélagi samtímans. Við kölluðum þær heimagerðar lausnir, lausnir sem koma beint úr hefðum okkar og hafa rúandísk heiti, þannig að allir skilja strax að þetta er eitthvað sem Rúanda stendur fyrir,“ segir hún.

„Sú vinsælasta kallast gacaca, en það er eins konar hefðbundin úrskurðarvald í ágreiningsmálum. Við sáum að ef við ættum að fara með öll afbrot tengd þjóðarmorðinu í gegnum réttarkerfið þá myndi það taka meira en hundrað ár, því við vorum þá komin með 120 þúsund fanga vegna þjóðarmorðsins. En við þurftum að leita réttlætis til að geta náð sáttum og byggja upp nýtt samfélag. Þannig að við fundum þessa hefð sem við köllum gacaca, og hún virkar ekki ósvipað gamla alþinginu ykkar: Fólk kemur saman og ræðir málin og finnur lausn.“

Hún segir að oft séu margir ekkert almennilega sáttir við niðurstöðuna, en viti samt að þetta sé það besta sem hægt var að gera í stöðunni.

„Það mikilvægasta er ekki endilega að refsa heldur að finna lausn til þess að fólk geti haldið áfram að búa áfram saman. Einn fær það á tilfinninguna að réttlætinu hafi að einhverju leyti verið náð fram, og annar fær það á tilfinninguna að hann geti komið aftur inn í samfélagið eftir að hafa verið kannski 15 eða 20 ár í fangelsi.“

Þetta er einmitt það sem er að gerast núna. Þeir sem tóku þátt í þjóðarmorðinu eru að koma aftur inn í samfélagið eftir tuttugu ár eða svo í fangelsi.

„Þeir eru að koma aftur inn í gömlu hverfin, til sama fólksins sem þeir voru kannski að reyna að drepa á sínum tíma en gátu ekki. Fólkíð lifði af og býr nú í hverfinu eins og áður. Þannig er ástandið og þetta er oft mjög erfitt. En við erum með mjög góðar aðgerðaráætlanir, bæði stjórnvöld og óháð félagasamtök, sem eiga að hjálpa fólki að ná saman og finna sættir, fræða fólk um fyrirgefninguna og um mannréttindi, að maður verði að virða líf annarra. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að þessar hörmungar endurtaki sig.“



Christine Nkulikiyinka, sendiherra Rúanda, segir landið nú með þeim öruggustu í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Konur gegndu lykilhlutverki við uppbyggingu Rúanda

Rúandabúar hafa náð ótrúlega miklum árangri við að reisa landið úr rústum eftir þjóðarmorðið árið 1994. Öll áhersla hefur verið lögð á að ná sáttum og útrýma þeirri hatrömmu skiptingu í þjóðflokka sem leiddi af sér hörmungarnar. Nú horfa þeir bjartsýnir til framtíðarinnar eftir að hafa fundið lausnina.

Endurvaktar hefðir

GACACA

Hefðbundin úrskurðarvald:

Almenningur kemur saman til að leysa úr ágreiningi og taka ákvarðanir með samræðum

GIRINKA

Ein kýr handa hverri fjölskyldu:

Þeir sem eru betur stæðir gefa fátækri fjölskyldu eina kú, sem bæði styrkir fjárhag hennar og eykur virðingu hennar í samfélaginu. Hún á síðan að gefa fyrsta kálfinn til annarrar fátæktrar fjölskyldu.

IMIHIGO

Frammistöðusamningur: Allir embættismenn undirrita samning um þau verkefni sem þeir ætla að inna af hendi. Árlega er svo farið yfir árangurinn.

UMUGANDA

Samfélagsstörf síðasta laugardag í hverjum mánuði: Nágrannar koma saman til að þrifa í hverfinu, lagfæra og fegra umhverfið og huga að ymsu sem þarf að sinna

● ● **Við erum öll Rúandabúar og gamla skiptingin í hótúa og tútsa þyrfti að hverfa.**

Christine Nkulikiyinka

● ● **Það mikilvægasta er ekki endilega að refsa heldur að finna lausn til þess að fólk geti haldið að búa áfram saman.**


Christine Nkulikiyinka

Uppbyggingin hefur gengið ótrúlega vel. Hagvöxtur hefur verið mikill á nánast hverju ári allt frá aldamótum, unnið hefur verið markvisst gegn spillingu og verulega hefur dregið úr fátækt þótt enn búi 37 prósent landsmanna við mikla fátækt. Ferðaþjónusta er hratt vaxandi og Rúanda er eitt öruggasta land í heimi. Og landið er orðið þekkt fyrir það hve góður árangur hefur náðst í því að jafna stöðu kynjanna.

„Konur eru nú 64 prósent þingmanna í Rúanda,“ segir Nkulikiyinka. Hvergi er þetta hlutfall hærra. Hún segist telja að sterk staða

kvenna í stjórnkerfinu eigi töluverðan þátt í því hve vel hefur gengið að ná sáttum í samfélaginu og vinna að uppbyggingu.

„Konur gegna afar mikilvægu hlutverki í samfélaginu, og það á öllum sviðum. Þess vegna var það svo mikilvægt að gefa konum tækifæri til að taka þátt í að byggja upp samfélagið og vinna að sáttum,“ segir hún. „En það mikilvægasta í þessu eru samt þau skýru skilaboð sem stjórnvöld hafa gefið frá sér, um að við séum ein þjóð og allir eigi virðingu skilda. Það ríkir mikil bjartsýni í landinu núna.“



Hlutur kvenna í stjórn Rúanda er nú meiri en í nokkru öðru ríki heims. Paul Kagame er forseti.

Rúanda er fjölliött smáríki í mið-austanverðri Afríku, þrisvar sinnum minna en Ísland að flatarmáli en þar búa 12 milljónir manna.

Stóri harmleikurinn í sögu Rúanda er þjóðarmorðið árið 1994 þegar hótúar, sem eru í yfirgnæfandi meirihluta íbúa, réðust gegn minnihlutahópi tútsa og myrtu ríflega milljón manns á rúmlega þremur mánuðum. Hinir myrtu voru flestir tútsar en einnig urðu hófsamir hótúar, sem vildu hlífa tútsum, fyrir barðinu á morðæðinu.

Paul Kagame hefur verið forseti

síðan 2000, er nú 59 ára og sækist eftir kjöri fyrir næsta kjörtímabil í kosningum sem haldnar verða í ágúst næstkomandi. Hann var yfirmaður í þjóðernisfylkingu Rúanda, FPR, stjórnmalaflokki útlægra tútsa sem gripu til vopna og stöðvuðu á endanum þjóðarmorðið.

Hann hefur stýrt uppbyggingu landsins eftir þjóðarmorðið og náð miklum árangri. Efnahagsþróun hefur verið mikill á síðustu árum, fátækt hefur minnkað verulega og lýðræði er í hávegum haft. Hlutur kvenna í stjórn landsins er nú meiri en í nokkru öðru ríki heims.

**RÝMINGARSALAN Á
KORPUTORGI**

**HELDUR ÁFRAM
ALLT Á AÐ SELJAST!**

**30-50%
AFSLÁTTUR**



GILDIR AÐEINS Á KORPUTORGI

SKOÐUN

Krónufíllinn



Kristín
Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ríkisstjórnin hyggst síðar í þessum mánuði tilkynna um sérstakar aðgerðir sem eiga að stemma stígu við frekari styrkingu krónunnar. Þær aðgerðir koma þá til viðbótar afnámi gjalddeyrishaftanna sem tilkynnt var í vikunni.

Gamalkunnugt harmakvein berst nú frá útflutningsgreininum, sjávarútvegi sérstaklega, en nú í seinni tíð einnig ferðamannaíðnaði þar sem fólk óttast að hátt verðlag hér á landi valdi því hreinlega að við verðleggjum okkur út af markaðnum.

Fyrir okkur sem munum tímana tvenna kemur orðið gengisfelling upp í hugann við tíðindi sem þessi. Það orð er þó ekki lengur í tísku að því er virðist og því talað um „sérstakar aðgerðir“.

Krónan féll snarlega í kjölfar tíðindanna um afnám haftanna á þriðjudag. Nú í lok viku er hún hins vegar allt að því búin að vinna þá veikingu til baka. Skyldi engan undra. Ísland er skuldlaust land, hagvöxtur er kringum 7 prósent og hér ríkir að því er virðist ævarandi hávaxtarstefna. Við þetta bætist svo ferðamannastraumurinn sem engan enda virðist ætla að taka. Skilyrði eru einfaldlega með þeim hætti að krónan ætti að halda áfram að styrkjast að minnsta kosti til skamms tíma.

Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað eru enn sem komið er óútfærðar. Þó nefndi fjármálaráðherra að til greina kæmi aukin gjaldtaka í ferðaþjónustunni. Önnur hugmynd ráðherrans er að skikka lífeyrissjóðina til frekari fjárfestinga erlendis. Með öðrum orðum, það á að reyna að stemma stígu við ferðamannaflaumnum og senda lífeyri landsmanna úr landi með valdi.

Seðlabankinn hefur svo látið í skína að vaxta-lækkun fylgi í kjölfarið.

Ekki er að undra þótt útflutningsfyrirtækin í landinu kvarti. Það er engin leið að gera áætlanir þegar uppgjörsmýntin styrkist um 15 til 25 prósent gagnvart helstu viðskiptamyntum á tólf mánaða tímabili. Gallinn er bara sá að sömu fyrirtæki kvarta ekki þegar aðstæður eru á hinn veginn og krónan hefur tekið snarpa dýfu. Þá ríkir gullgrafarahugarfar og gullfiskaminnið tekur völdin. Þar liggur þeirra sök.

Stöðugt hagkerfi er forsenda farsælla viðskipta til lengri tíma. Sveifluhagkerfi býður hins vegar hættu á skammtímahugsun heim.

Ef hér væri stöðugur gjaldmiðill í stað okkar íslensku örmyntar þyrfti ekki að koma til „sérstakra aðgerða“ eins og nefndar voru hér að ofan. Við þyrftum heldur ekki að hlusta á regluleg harmakvein frá innflutnings- og útflutningsgreinum á víxl. Þeim sem legðu áherslu á stöðugan rekstur til lengri tíma yrði umbunað.

Góðu árin væru kannski ekki alveg jafn góð, en þau mögru væru heldur ekki alveg jafn mögur.

Íslenska krónan er, sem fyrr, fíllinn í herberginu.



Góðu árin væru kannski ekki alveg jafn góð, en þau mögru væru heldur ekki alveg jafn mögur.

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Játningar fyrirverandi fermingarbarns

Að fermast er örugglega meiriháttar mál. Mér er að minnsta kosti sagt það. Ég get samt ekki sagt að mín upplifun hafi verið þannig. Það var ekki eins og ég hefði upplifað mig fagnandi að komast í fullorðinna manna tölu. Ég fann satt að segja ekki mikinn mun. Nema á gjöfunum.

Það hlýtur að vera í lagi að játa það, hátt í fjórutiu árum síðar, að það var ekki fyrir ólýsanlega hrifningu á feðgunum sem ég ákvað að fermast. Það var miklu frekar vegna gríðarlegar spennu fyrir silfurlitum Marantz-útvarpsmagnara og Marantz-plötuspilara. Hann var að visu ekki úr silfurlínunni, en maður fær víst ekki allt.

Fyrir peninginn sem ég fékk keypti ég mér svo AR-hátalara sem voru nógu sterkir til að lækka fasteignaverðið í Hlíðargerðinu. Restin fór svo í plötur. Þannig held ég að þetta hafi verið hjá flestum vinum mínum. Nema hjá þeim sem áttu svo afslappaða foreldra að þeir fengu skellinöðru. Það var útilokað á mínu heimili. Áhyggjubálið móðir mín hefði ekki sofið dúr að minnsta kosti fram að bílprófi.

Allur fermingarundirbúningurinn er óljós. Mig rámar í einhvers konar fermingarfræðslu í matreiðslustofunni í Réttó (hljómar vissulega undarlega) og svo áttum við að mæta í kirkju. Þegar ég var spurður hafði ég alltaf verið aftast. Komið frekar seint og þurft að fara aðeins fyrr. Þið áttið ykkur sennilega á þessu.

Ég man líka, að þó að ég kynni alla texta á Utangarðsmannaplötunum, gat ég ekki lært línuna mína (sem heitir pottþétt eitthvað annað). Samt valdi ég þá stystu. Mér fannst líka nóg að kunna faðirvorið. Það var að minnsta kosti í áttina. Einhverra hluta vegna fermdist ég um haust. Ég held að það hafi verið vegna þess að við vorum að breyta húsinu heima og það var ekki tilbúið þegar vertíðin gekk í garð. Það átti reyndar eftir að koma sér einstaklega vel.

Það var nefnilega til síðs að kaupa sérstök fermingarföt. Það var klárlega ekki mjög gáfulegt að kaupa terlín-jakkaföt á dreng sem gekk bara í gallabuxum og stækkaði um 5-10 sentimetra á ári. Þess vegna leysti ég þetta sjálfur með því að fá lánuð fót hjá Gústa vini mínum. (Sem vill svo skemmtilega

til að er yfirmaður minn í dag.) Ef ég man rétt, þá reyndi ég að nota þessa hagræðingu mína til að fá meiri pening í fermingargjöf en er ekki viss um að það hafi tekist.

Ég var eins og fáviti á fermingarmyndinni. Altså hópmyndinni sem er eina myndin sem um er að ræða. Ég harðneitaði nefnilega að fara í sérstaka fermingarmyndatöku og komst upp með það. Ég held að það hafi verið ákveðinn skilningur á því að ég hefði ekki náð fullum blóma sem unglíngur og það yrði ekki mikið haldið upp á myndir frá þessum degi. Auk þess kostaði það náttúrulega heilan helling. Það er reyndar furðuleg ákvörðun að taka heilu albúmin á ljósmyndastofu, akkúrat á þeim tíma þegar börn eru að ná hátindi gelguskeiðsins. Ég hlæ enn þegar ég hugsa um myndirnar af Frosta bróður, í flauelsjakkafötum og tólf sentimetra hælum með Prins Valiant greiðslu.

Þess má til gamans geta að fermingarmyndir eiginkonu minnar hafa aldrei verið stækkaðar og eftir meira en áratugar hjónaband hef ég ekki enn fengið að sjá þær. Allt annað frá þessum degi er í móðu. Það komu margir gestir og ég drattaðist niður úr herberginu mínu til að heilsa og taka við umslagi. Tók svo stígann í tveimur stökkum til að athuga hvað ég hefði grætt. Sennilega ekki neitt rosalega kristilegt.

En ég ber virðingu fyrir þeim sem ákveða að láta ferma sig af því að þeir trúu. Og reyndar líka þeim sem láta ferma sig borgaralega. Já, og þeim sem láta bara ekkert ferma sig. Mér finnst að krakkar eigi að fá að ákveða þetta sjálfir, án þrýstings. Og þó að fermingardagurinn geti verið óskaplegt mygl, með frændum og frænkum sem maður þekkir ekkert, þá er þetta samt soltið merkilegur dagur. Þetta er einn af stóru áföngunum, þar sem maður fær að vera miðpunktur alls tilstandsins og ef maður er þannig innstilltur, dagurinn sem maður hættir að vera barn og verður, nei ekki fullorðinn, heldur unglíngur af öllum kröftum. Jafnvel svona semi-fullorðinn.

Í vor fermist fjórða dóttir mín, upp á gamla móðinn. Hún valdi það alveg sjálf og ég er stoltur af henni. Ég vona bara að hún njóti dagsins og hann verði henni minnisstæðari en minn eigin fermingardagur er mér.

Nýræktarstyrkir

Miðstöðvar
Íslenskra
bókmennta

Nýræktarstyrkjum er ætlað að styðja við útgáfu á fyrstu verkum nýrra höfunda.

Hér er átt við skáldverk í víðri merkingu orðsins; sögur, ljóð, leikrit eða eitthvað allt annað.


Leitað er eftir breidd og fjölbreytni í umsóknum.



Miðstöð Íslenskra bókmennta

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2017. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á www.islit.is

VIÐ OPNUM Í KAUPTÚNI Í LOK MAÍ 2017



Costco Wholesale er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lágsta mögulega verðinu.

Fyrirtækjaaðild



Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki. Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis.

Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

Einstaklingsaðild



Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild.

Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.



Sækið um aðild og fáðið gjafabréf
í Costco og njótið sértíloða!*

Skráning aðildarumsókna er hafin á www.costco.is

Skráningarskrifstofur í Kaupþúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.

Costco Iceland, Kaupþún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kaupþúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið. Eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum. Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufjár, kreditkorta eða debetkorta. Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.

Svona er þetta ferðalag

Gunnar Nelson telur að hann gæti fengið titilbardaga á næsta ári ef allt gengur vel. Hann snýr aftur í búrið eftir tíu mánaða fjarveru í kvöld er hann mætir Bandaríkjamanninum Alan Jouban. Sá kappi er sýnd veiði en ekki gefin.

Í London

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



MMA Blaðamaður biður rólegur eftir að formlegri dagskrá á fjölmiðladegi ljúki til að spjalla við Gunnar Nelson sem er búinn að sitja á barstól og svara spurningum fréttamanna í 45 mínútur. Gunnar er í gráum joggingbuxum, blárri þægilegri peysu, strigaskóm og með úfið hár eins og hann hafi verið að stíga fram úr rúminu. Fjölmiðlahluti bardagalífsins hefur aldrei verið í miklu uppáhaldi hjá honum en svona reynslubolti lætur þetta ekkert á sig fá.

„Þetta er alltaf voðalega svipað og tiltölulega auðvelt,“ segir Gunnar sallarólegur. „Þetta er líklega síðasta viðtalið mitt í dag og við byrjuðum nú bara upp úr hádegi. Ég get ekki kvartað.“

Mótherji hans í kvöld, Alan Jouban, er fyrirsæta og mætti eins og klipptur út úr tiskutímariti. Því var skondin sjón að sjá þá saman á pallinum – tveir ólíkir menn í ólíkum fötum.

„Hann er náttúrlega Versace-módel – helvíti huggulegur. Ég veit ekki hvort maður hefur það í sér að vera að slá hann of mikið í andlitið og eyðileggja eitthvað meira fyrir honum en bara UFC-ferilinn. Það er kannski óþarfi,“ segir Gunnar skælbrosandi.

Með sinn eigin stíl

Gunnar hefur oftast hugsað nánast eingöngu um sjálfan sig þegar kemur að undirbúningi fyrir bardaga. Hann hefur svo oft lent í því að fá nýjan mótherja nánast á síðustu stundu að það hefur engu skilað að undirbúa sig sérstaklega fyrir einhvern ákveðinn mann. Hann er þó að undirbúa sig vel fyrir spörkin hans Joubans en segir annars allt með hefðbundnu sniði.

„Þetta er allt í rauninni eins og við höfum alltaf haft þetta. Maður horfir á nokkra bardaga með mótherjanum og reynir aðeins að láta líkja eftir vopnum hans þegar maður er að æfa. Við erum samt ekki að búa til leikáætlun í kringum það sem hinn maðurinn gerir. Það höfum við aldrei gert. Þetta er svipað og og alltaf. Maður horfir aðeins á hreyfingarnar hans og virkjar aðeins viðbrögðin við þeim,“ segir Gunnar.

Jouban vill halda bardaganum standandi því hann er góður að slá og sparka – sérstaklega sparka. Gunnar er hvergi banginn við að standa á móti honum eða hverjum sem er því hann er alltaf að bæta sig standandi. Staðreyndin er einfaldlega sú að Gunnar er nákvæmastur allra í veltivigtinni þegar kemur að því að slá frá sér og landa höggum.

„Ég er með minn eigin stíl og ég

held að fólk hafi bara ekki séð neitt sérstaklega mikið af honum. Hann er alltaf að þróast. Ég fékk aðeins að nota hann í síðasta bardaga sem gaf mér líka tilfinningu fyrir því hvernig hann virkar í bardaga. Það var gott því það er öðruvísi að gera þetta á æfingum heldur en í bardaga,“ segir Gunnar.

Sér beltið í hillungum

Einn helsti löstur Alans Jouban í búrinu er hvað hann byrjar oft hægt og það ætlar Gunnar að nýta sér. „Mér finnst það líklegt. Ég fer yfirleitt inn með sterka byrjunarárás. Mér finnst það skipta máli og það er líka minn stíll. Ég reyni að klára bardagana mína þegar ég sé opnanir. Þær eru mjög víða og svo býr maður sjálfur til opnanir. Ég á sennilega eftir að byrja nokkuð sterkt,“ segir hann.

John Kavanagh, þjálfari Gunnars, sagði í viðtali við íþróttadeild að hann sjái Gunnar fá titilbardaga í lok árs ef hann hefur betur gegn Jouban og

Ég er með minn eigin stíl og ég held að fólk hafi bara ekki séð neitt sérstaklega mikið af honum.


Gunnar Nelson

9.

Þetta verður niundi UFC-bardagi Gunnars Nelson á ferlinum en hann hefur hingað til unnið sex bardaga og tapað tvisvar sinnum.

fá svo stóran bardaga í sumar sem hann klári með sigri. Gunnar er ekkert að hlaupa fram úr sér en er að hugsa svipaða hluti.

„Ég er ekkert að fara að hætta núna. Ég er að vinna mig upp enn þá. Svona er þetta ferðalag. Ég horfi ekkert fram hjá Alan en ég ætla að reyna að ná tveimur bardögum til viðbótar á árinu. Að sjálfsögðu mun ég reyna að vinna þá og þá gæti ég vel trúað að maður gæti barist um titilinn á næsta ári,“ segir Gunnar Nelson.



Nýjast

ATHYGLISVERDIR LEIKIR BÍÐA Í MEISTARAEILDINNI
Evrópumeistarar Real Madrid mæta Bayern München í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu en dregið var í gær. Englandsmeistarar Leicester City mæta Atlético Madrid, silfurliði Meistaradeildarinnar í fyrra. Ítalíumeistarar Juventus mæta Spánarmeisturum Barcelona. Þessi lið mættust í úrslitaleik Meistaradeildarinnar 2015 þar sem Barcelona hafði betur, 3-1. Þá mættast tvö skemmtilegustu lið Evrópu, Borussia Dortmund og Monaco. Fyrri leikirnir fara fram 11. og 12. apríl og þeir seinni 18. og 19. apríl.

UNITED FER TIL BELGÍU

Manchester United mætir Anderlecht í átta liða úrslitum Evrópu Meistaradeildarinnar en United er eina enska liðið sem er eftir í Evrópu Meistaradeildinni. Belgía á hins vegar tvo fulltrúa; Anderlecht og Genk sem mætir Celta Vigo. Ajax mætir Schalke 04 og Lyon og Besiktas eigast við. Fyrri leikirnir fara fram 13. apríl og þeir seinni 20. apríl.

ÍSLENSKT GULL Í SAN MARÍNÓ

Ísland vann gull í tvímenningi kvenna og silfur í tvímenningi karla á Smáþjóðaleikunum í Keilu sem fara fram þessa daganna í San Marínó. KFR-stelpurnar Magna Ýr Hjálmtýsdóttir og Dagný Edda Þórisdóttir tryggðu sér gullið í tvímenningi kvenna með sannfærandi sigri. Íslenska karlaliðið komst einnig í úrslit en þeir Björn G. Sigurðsson og Arnar Davíð Jónsson töpuðu eftir spennuleik.



Um helgina

Stöð 2 Sport:

L 12.20 West Brom - Arsenal Sport
L 14.50 Stoke - Chelsea Sport 2
L 15.15 Bilbao-Real Mad. Sport 3
L 15.50 ÍR - Stjarnan Sport 2
L 16.20 Keflavík - Valur Sport 4
L 16.30 Arnold Palmer Golfstöðin
L 17.20 B'mouth - Swansea Sport
L 17.25 Leeds - Brighton Sport 3
L 21.00 UFC: Gunni Nelson Sport
L 23.00 Bank of Hope Golfstöðin
L 01.00 Box: Golovkin / Jacobs Sp.

S 11.50 M'boro - Man. Utd. Sport
S 14.00 Tottenham - S+hamton Sport
S 16.30 Man. City - Liverpool Sport
S 16.30 Gladbach - Bayern Sport 2
S 16.30 Arnold Palmer Golfstöðin
S 18.05 Valur - Víkingur Ó. Sport 3
S 18.30 Keflavík - Tindast. Sport
S 19.40 Barcelona-Valencia Sport 2
S 21.00 Körfuboltakvöld Sport
S 23.00 Bank of Hope Golfstöðin

Frumkýningar á leikjum:

L 18.30 W. Ham-Leicester Sport 4
L 19.30 C. Palace - Watford Sport 4
L 19.50 Sunderl. - Burnley Sport 2
L 20.15 Everton - Hull Sport 4

Olís-deild karla:

L 15.00 Fram - Valur Safamýri
S 16.00 Haukar - Akureyri Ásvellir
L 15.00 Fram - Valur Safamýri

Domino's-deild karla 8 liða úrslit:

L 16.00 ÍR - Stjarnan Seljaskóli
L 16.00 Þór Ak. - KR Höllin, Ak.
S 19.15 Keflavík - Tindast. Keflavík
S 19.15 Þór Þorl. - Grind. Þorláksh.

Domino's-deild kvenna:

L 16.30 Keflavík - Valur Keflavík
L 16.30 Grindav. - Snæfell Grindav.
L 16.30 Skallagr.-Njarðv. Borgarn.
S 19.15 Haukar - Stjarnan Ásvellir

IGNIS

MÍKRÓ JEPPI



Way of Life!

18 cm
undir lágsta
punkt

4.7 m
beygiuradíus

Sparneytin
og öflug 1.2L
Dualjet vél

ALLGRIP
AUTO

Allrip auto fjórhjóladrifskerfið
gerir aksturinn skemmtilegri
og tryggir auknið öryggi við
allar aðstæður

FRUMSÝNING!

FRUMSÝNUM MÍKRÓ JEPPI SUZUKI IGNIS 4X4
LAUGARDAGINN 18. MARS, OPIÐ FRÁ KL 12-17.

Suzuki Ignis er nýr valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseginnleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt utan sem innan.

IGNIS
er bíllinn sem
þú hefur beðið
eftir!

Þú þarft ekki að bíða lengur.
Komdu í heimsókn og prufaðu Ignis.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Það er hausverkur hjá Heimi Hallgrímssyni hvernig hann á að stilla upp liði sínu í næsta leik. Margir lykilmenn eru fjarverandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við lifum ekki í fullkomnum heimi

Ólafía Þórunn í beinni á Golfstöðinni
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Tryggðu þér áskrift á aðeins 233 kr. á dag
6.990 kr. á mánuði

365.is | Sími 1817

Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari valdi í gær 24 manna leikmannahóp fyrir landsleiki gegn Kósóvó og Írlandi. Mikil meiðsli herja á íslenska hópinn og mörg ný andlit fá nú tækifæri til þess að láta ljós sitt skína.

FÓTBOLTI Ísland spilar gríðarlega mikilvægan leik við Kósóvó í Albaníu þann 24. mars næstkomandi og fjórum dögum síðar spilar liðið vináttulandsleik gegn Írlandi ytra.

Alfred Finnbogason, Birkir Bjarnason, Jóhann Berg Guðmundsson og Kolbeinn Sigþórsson eru allir meiddir og svo er Theodór Elmar Bjarnason í leikbanni. Það eru heldur betur stór skörð að fylla.

Kári Árnason og Arnór Ingvi Traustason eru báðir í leikmannahópnum þó að þeir séu búnir að vera meiddir. Báðir munu væntanlega spila með félagsliðum sínum um helgina og að öllu óbreyttu mæta þeir leikfærir í landsleikina. 24 leikmenn voru þó valdir út af óvissunni um meiðsli.

Landslið Kósóvó kom aðeins á síðasta ári inn í UEFA og FIFA og það er því litil reynsla hjá leikmönnum liðsins að spila saman. Í liðinu eru þó sterkir einstaklingar og sumir hafa spilað með öðrum landsliðum áður en færðu sig um set þegar tækifærið til að spila fyrir Kósóvó kom upp. Liðið er í 165. sæti á heimlistanum en Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari segir að það muni rjúka upp þann lista enda mun sterkara en staða þess á listanum segi til um. Það sé svona neðarlega þar sem það sé nýtt og hafi ekki sankað að sér neinum stigum.

„Þetta er leikur sem íslenska landsliðið þarf að vinna en við gerum lítið úr öllum mótherjum ef við eigum að vinna einhvern leik. Ég vona að þú og allir Íslendingar hafi vit á því að vera ekki að tala niður andstæðinginn. Það hjálpar aldrei til að vinna,“ segir Heimir en hann hefur skoðað andstæðing sinn vel og ber mikla virðingu fyrir honum.

„Þetta er ný þjóð sem hefur ekki spilað marga landsleiki en það eru þarna leikmenn með mikla hæfileika. Þeir spila með góðum liðum í góðum deildum. Ef við berum saman þeirra lið og lið íslensku leikmannanna þá er ekki mikill munur þar á. Einstaklingsgæðin eru svipuð. Þeir eru í því ferli að mynda lið og það tekur svoltinn tíma. Þeir hafa ekki þann lúxus að hafa horft á þessa leikmenn með sínum yngri landsliðum eða spilað lengi saman. Ég hrósa þjálfaranum fyrir hversu fljótt honum hefur tekist að mynda lið. Það tekur tíma því þjálfarinn fær liðið aðeins í nokkra

Hópurinn

Markverðir:

Hannes Þór Halldórsson, Randers
Ögmundur Kristinsson, Hammarby
Ingvar Jónsson, Sandefjord

Varnarmenn:

Hörður B. Magnússon, Bristol City
Ari Freyr Skúlason, Lokeren
Ragnar Sigurðsson, Fulham
Kári Árnason, AC Omonia
Hólmar Örn Eyjólfsson, Maccabi Haifa
Sverrir Ingi Ingason, Granada
Viðar Ari Jónsson, Brann
Birkir Már Sævarsson, Hammarby

Miðjumenn:

Aron Sigurðarson, Tromsø
Eliás Már Ómarsson, IFK Göteborg
Emil Hallfreðsson, Udinese
Aron Einar Gunnarsson, Cardiff City
Gylfi Þór Sigurðsson, Swansea
Ólafur Ingi Skúlason, Karabukspor
Rúrik Gíslason, Nürnberg
Arnór Ingvi Traustason, Rapid Vin

Sóknarmenn:

Jón Daði Böðvarsson, Wolves
Viðar Örn Kjartansson, Maccabi
Björn Bergmann Sigurðarson, Molde
Kjartan Henry Finnbogason, Horsens
Óttar Magnús Karlsson, Molde

daga á ári.“ Landsliðsþjálfarinn vill lítið ræða um hvar veikleikarnir liggja hjá Kósóvó en segir að flestir andstæðingar Kósóvó hafi pressað þá framarlega og það horfi hann á.

Á þeim tíma sem Heimir hefur verið með landsliðið hefur hann nánast undantekningalaust getað spilað á sama liðinu og ekki þurft að gera miklar breytingar á hópnum. Nú reynir í fyrsta skipti almennilega á breiddina og menn með litla reynslu eins og Aron Sigurðarson, Óttar Magnús Karlsson, Kjartan Henry Finnbogason og Viðar Ari Jónsson eru í hópnum.

„Þetta starf er oftast krefjandi. Þetta hefur verið frekar þægileg sigling hingað til og við höfum nánast alltaf getað valið sama leikmannahóp. Örugglega hundleiðinlegt á blaðamannafundum að fá sömu glæruna aftur og aftur. Að þessu sinni eru mikil forföll og sem betur fer fengum við verkefni í janúar og febrúar þar sem við gátum skoðað leikmenn og þeir mátað sig í þessu umhverfi. Þeir hafa virkilega staðið sig vel og þessi verkefni í byrjun ársins eru að hjálpa okkur mjög mikið akkúrat í dag,“ segir Eyjamaðurinn en hann sagði liðið vera að fá of mörg mörk á sig og svo vantar hann sína helstu framherja einnig í þessum leikjum.

„Það er kannski hægt að segja að ég sé með áhyggjur en ég er þó meira spenntur fyrir þessum leik. Auðvitað vilja allir þjálfarar hafa alla sína leikmenn heila á leikdegi en svoleiðis gerist bara í fullkomnum heimi og við lifum ekki í fullkomnum heimi.“
henry@frettabladid.is

Hans mál hvað hann gerir áður en kemur í landsliðsverkefni

Á blaðamannafundi landsliðsins í gær kom fram að framherjinn Viðar Örn Kjartansson hefði komið ölváður til móts við landsliðið í undirbúningi leiksins gegn Króatíu síðasta nóvember. Hann kom degi á undan landsliðinu til Ítalíu í æfingabúðirnar.

Þjálfarinn var augljóslega ekki mjög kátur með það en refsaði þó leikmanninum ekki þar sem undirbúningurinn var ekki formlega hafinn. Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari ræddi þó málið við Viðar Örn sem baðst afsökunar á hegðun sinni.

„Við hreinsuðum þetta mál á fyrsta degi og héldum svo áfram. Hvað hann gerir áður en hann kemur í landsliðsverkefni er hans mál. Við ræddum málið og hann er ekki í skammarkróknum,“ segir Heimir sem sagði málið vera á gráu svæði því spurning væri hvenær menn séu komnir í landsliðsverkefni.

„Það gera allir mistök í lífinu og svo þurfa

menn að sýna að þeir vilji bæta fyrir sín mistök og ég hef enga trú á öðru en að Viðar vilji gera það.“

Heimir segir að reglurnar séu alveg skýrar hjá landsliðinu, að ekkert áfengi sé leyft með liðinu. Hann vísaði á bug sögusögnum um að tveir leikmenn landsliðsins hefðu setið að sumbli eftir áður nefndan leik gegn Króatíu. Hann sagði að það hefði komið beiðni um að menn fengu leyfi til þess að fá sér bjór sem hann hefði hafnað.

„Það var ekki agabrot að neinu leyti. Menn voru að horfa á UFC og voru nánast allir í orkuþrykkjum. Sumir voru í vatni,“ sagði Heimir.





Sheer
Driving Pleasure

SVONA LÍTUR SIGURVEGARI ÚT.

NÝR BMW 5 SERIES.



**FRUMSÝNUM NÝJAN BMW 5 SERIES
Í DAG FRÁ 12-16.**

Bílaðamenn um allan heim eru sammála um að nýr og glæsilegur BMW 5 Series skjóti keppnautum sínum ref fyrir rass. Þýska bílablaðið Auto Motor und Sport segir um nýjan BMW 5 Series: „Svona lítur sigurvegari út“. Við bjóðum ykkur velkomin að reynsluaka sigurvegaranum BMW 5 Series á glæsilegri bílasýningu í dag milli klukkan 12-16. BL Sævarhöfða 2.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

www.bmw.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL



Auður Rafnsdóttir reynir ávallt eitthvað nýtt í ræktun á hverju ári. Þetta árið er hún spennit fyrir blöndu af fjólublárrí og grænni basilíku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kominn tími til að sá fyrir kryddjurtum

Góð mold, áburður, ást og umhyggja. Þetta er það allra nauðsynlegasta sem fólk þarf að huga að sem ætlar sér að sá fyrir kryddjurtum að mati sérfræðingsins Auðar Rafnsdóttur. Nú er orðið nógu bjart til að sá fræjum og tilvalið að hefja ræktunina.

Það er orðið bjart fram á kvöld og því má fólk fara að drífa sig að sá fyrir kryddjurtum,“ segir Auður Rafnsdóttir einn þekktasti sérfræðingur í kryddjurtaræktun á landinu. Þumalputtareglan sé að sá fyrir jurtum þegar það er orðið bjart fram á kvöld. Sáningartíminn sé fram í júní.

Ræktar til matargerðar

Auður sáir í litla sáningarkubba í kassa. „Ég er með lítinn kassa, gróðurhús sem ég set sáningarkubba í. Ég sái hverri sort í fjóra kubba því sum fræ koma upp og sum ekki. Ég er með sjö sortir,“ segir Auður sem prófar ávallt eitthvað nýtt á hverju ári. „Núna er ég spennit fyrir



HVAÐ SEM FÓLK ÆTLAR NÚ AÐ REYNA, ÞÁ ER ÞETTA ALLT SPURNING UM GÓÐA MOLD, ÁBURÐ, ÁST OG UMHYGGJU.

fjólublárrí basilíku. Nú er hægt að fá fjólubláa og græna í sama umslaginu. Annars hef ég mest gaman af því að rækta kryddjurtir sem ég nota til matargerðar. Ég rækta því alltaf óreganó og timían því ég hef gaman af því að gera Bernaise-sósu. Þá rækta ég basilíku til að hafa með tómötum og buffalóosti. Ég hef líka gaman af því að rækta dill þó það sé erfitt á Íslandi,“ segir Auður en dill er viðkvæmt fyrir of mikilli birtu. „Svo finnst mér alveg ómissandi og mjög gaman að rækta salvíu sem ég nota

mikið með kjúklingi,“ segir Auður.

Góð mold og áburður

Í lok apríl kaupir Auður gjarnan litla græðlinga líka. „Ég kaupi bæði þínulitlar plöntur og stærri plöntur, það er gaman að hafa ræktun á mörgum stigum í eldhúsinu.“

Hún gefur lesendum það ráð að

Asiskar jurtir og rætur er móðins að rækta heima við um þessar mundir.

mata ungbarn. Fyrst er það brjóstamjólkin, góð mold. Síðan bætist við næring. Ég set áburð út á þegar það eru komin fleiri en tvö kímbloð og bæti svo örlítið við eftir því sem jurtin vex.“

Auður segir kryddjurtaræktun þurfa daglega umhirðu. „Það þarf aðallega að fylgjast vel með, kíkja undir blöðin hvort

þar leynist fluga eða lús. Ef svo er þá er hægt að skola af plöntunni. Gott ráð er að setja edik- og hunangsblöndu í gluggann til að halda flugunum frá. En auðvitað verður nú fólk að geta farið frá, í fri eða í bústaðinn. Þá eru til ýmsar lausnir til vökvunar. Það eru til vökvunargræjur sem vökva fyrir eigandann, það er líka hægt að útbúa slíkar græjur, jafnvel úr kólflosku.“

En hvað skyldi vera það mest framandi sem Auður hefur ræktað af kryddjurtum? „Nú er vinsælt að prófa að rækta jurtir sem eru notaðar í asíska matargerð, til dæmis lemongrass. Margir rækta chili. En svo heyrir ég að fólk er farið að forvitnast meira um ræktun hvítlauks og jafnvel engifers. En hvað sem fólk ætlar nú að reyna, þá er þetta allt spurning um góða mold, áburð, ást og umhyggju,“ klykkir Auður út með.

kristjanabjorg@frettabladid.is



The Digitalization of the Financial Sector

Vorráðstefna RB 10. maí í Hörpu


RB stendur fyrir spennandi ráðstefnu þar sem helstu viðfangsefni eru upplýsingatækni og fjármálaþjónusta framtíðarinnar. Á ráðstefnunni verður fjallað um það hvernig viðskiptamódel banka hefur verið að breytast undanfarin ár og hvernig sú þróun mun halda áfram í framtíðinni.

Við höfum fengið til liðs við okkur sannkallaða þungavigtarfyrirlesara með gífurlega mikla reynslu úr Fintech, stafrænum bankaviðskiptum, gervigreind, nýsköpunar- og fjármálageiranum, svo eitthvað sé nefnt.

Fundarstjóri er Björgvin Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar hjá Íslandsbanka.

Skráning og nánari upplýsingar á www.rb.is

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Framtíðarsýn RB er að auka gæði og hagkvæmni fjármálaþjónustu á Íslandi.



How a new challenger bank is shaking up traditional banking
Jason Bates, meðstofnandi 11:FS, Monzo Bank og Starling Bank



AI and Banking
Babak Hodjat, stofnandi Sentient Technologies



A Different Approach to Company Culture in an IT Company
Rich Sheridan, höfundur bókarinnar Joy Inc og forstjóri Manlo Innovations



Digital Banking Trends
Danielle Neben, digi.me, McGill University



The Digitalization of the Finance Sector: Back to the Future
Jan Damsgaard, Copenhagen Business School



Changing Business Models in Banking
Friðrik Þór Snorrason, forstjóri RB



Opnunarræða
Hreinn Jakobsson, stjórnarformaður RB





Eyjastelpan Þóra Stína fékk ekki vinnu sem háseti þótt hún hafi siglt um heiminn í heilt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vildi komast á sjó

Þóra Stína Kristleifs-dóttir er grafískur hönnuður, dj og skipstjóri. Hún segir karllægan kúltúr ráðandi á vinnumarkaðinum. Stelpur verði strax varar við það á unglingsaldri að viss störf séu þeim ekki ætluð.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Þegar leitað er að myndum af kvenskipstjórum á leitarsíðu Google birtast fremur annarlegar niðurstöður. Konur í grímubúningum eða stillt upp á kynferðislegan máta á skipsfjöllum. Þykjustuskipstjórar. Þegar aftur á móti er leitað að karlskipstjórum verður niðurstaðan allt önnur. Þá birtast ábúðarmiklir og reyndir karlar, alvarlegir í bragði. Alvöru skipstjórar.

Þóra Stína Kristleifsdóttir er 27 ára og með margbrotinn bakgrunn, hún starfar sem grafískur hönnuður á auglýsingastofunni Brandenburg,

er plötusnúður og lærður skipstjóri. Þegar hún nefnir að hún sé menntuð sem skipstjóri þá er það iðulega dregið í efa. Hún er spurð hvort hún sé nú í alvörunni með pungapróf.

„Ég finn að ég er hætt að nenna að furða mig á þessum skökku viðhorfum. Ég fann mikið fyrir þeim þegar ég byrjaði að dj-a. Þá var fólk mikið að bjóðast til að hjálpa mér með tæknileg atriði. Strákum fannst ég hljóta að þurfa hjálp við að tengja inn í kerfi eða eitthvað slíkt og vissu síðan kannski minna en ég. Og ég er ekkert að biðja um hjálp. Þarf hana bara ekkert. Þetta gerist itrekað og er alltaf jafn bagalegt,“ segir Þóra Stína.

„Það trúir því enginn að ég sé skipstjóri. Ég er alin upp í Vestmannaeyjum og var þar í fiskvinnslu. Ég vildi nýta bakgrunn minn og ná mér í smábátaréttindi. Ég gerði það og var úti að sigla skútum í tæpt ár. Ég byrjaði í Tyrklandi, sigldi í gegn um Miðjarðarhafid og yfir Atlantshafid og endaði í Karibahafinu. Þegar ég kom heim var ég full sjálfstrausts. Ég er frókk að edlisfari og finnst alla jafna ekkert útilokað. Ég var bara viss um að ég væri búin að sanna mig. Ég var með tilskilin réttindi og hafði öðlast reynslu,“ segir Þóra Stína sem var ábyrg fyrir skútunum sem hún sigldi, með tilskilin réttindi eða upp að 24 metrum og atvinnuréttindi upp að 13 metrum.

„Ég fór því og sótti um hjá stóru útgerðunum og líka bátum með eigin útgerð. Ég sótti um á mörgum stöðum og bara um almennt pláss háseta á togurum. Með reynslu mína af siglingunum og fiskvinnslu er ég meira en vel hæf í þau störf. Í stuttu máli fékk ég ekki starf. Frá stóru útgerðunum fékk ég bara staðlað svar, þar var algjört áhugalessi. Þetta var auðvitað svölitið áfall,“ viðurkennir hún. Launin eru enda eftirsóknarverð og ævintýraþorstinn ekki slokknaður eftir sigl-

ingar um hálfan heiminn.

Þóra Stína menntaði sig líka sem grafískur hönnuður og starfar við það í dag. Í auglýsingaiðnaði hallar mjög á konur þegar hærri stöðugildi eru skoðuð. Grafískir hönnuðir eru 40% konur, þær eru 26% af hönnunarstjórum og 23% listrænna stjórnenda. Þessi hlutföll hafa ekki breyst síðustu ár en nær allir framkvæmdastjórar auglýsingastofa í dag eru karlar. Á Brandenburg, stofunni sem Þóra Stína starfar á, er kona í framkvæmdastjórn. Þóra Stína segist heppin.

„Hér á Brandenburg er kvennaauður og hér eru fleiri konur en alla jafna í áhrifastöðum. En kúltúrin í þessum bransa er karllægur,“ segir Þóra Stína og segist þurfa að tala fyrir kynsystur sínar sem starfa í iðnaðinum. „Það er svo undarleg tilfinning að finna hallar undan fæti þegar við komum út á vinnumarkaðinn, enda stöndum við jafnfætis bekkjarbræðrum okkar í námi. Um leið og námi lýkur þá tekur við sá veruleiki að strákar virðast eiga miklu auðveldara með að fá störf á auglýsingastofum, þótt það mætti halda að það væri meiri ávinningur í að hafa bæði karla og konur á vinnustaðnum enda erum við að tala við almennan hóp, bæði karla og konur. Það er eiginlega óskiljanlegt hvað þessi iðnaður er karllægur,“ segir Þóra Stína. „Svo þurfum við líka að sitja undir fáránlegri launamismunum, eins og er því miður raunin í flestum geirum – þegar þú ert loks búin að fá starfið þá er strákur með sömu menntun að vinna sama starfið á mun hærri launum.“

Þóra Stína segir nauðsynlegt að ráðast í átak á borð við #kvennastörf. „Það er full þörf á því, ég er ekki viss um að strákar skilji þennan veruleika sem við búum við og það er gott fyrir stelpur líka að átta sig á því að það þarf að pota í vegg, búa sér til pláss, ryðja sér leið. Við stelpurnar finnum strax fyrir því að okkur eru ætluð sérstök störf strax þegar við erum unglingar. Þannig erum við strax skilyrtar. Þetta á til dæmis við um þjónustustörf. Það eru fáránlega fáar stelpur að vinna í eldhúsi, við matargerð. En mjög margar reiða fram matinn og eru í þjónustu. Ég bað um að fá að starfa í eldhúsi og þurfti að sækja það fast áður en það fékkst í gegn. Þetta er bara eitt örlitit dæmi,“ segir Þóra Stína. „Það er mikilvægt að vinna gegn því að við séum strax hölfuð niður í hlutverk. Það er alveg fáránlegt að lenda í þessu strax sem ungl-ingur, þegar maður er fimmtán, sextán ára og að mynda sér skoðun á lífinu. Ég vona að það sé að breytast. Það eru auðvitað engin störf sem eru #kvennastörf. Þetta er úrelt og ég geri allt sem ég get til að hvetja fólk til að breyta viðhorfi sínu.“

Þóra Stína telur að hluti vandan sé innræting sem hefjist strax í barnæsku. „Við eigum að vera eitthvað eitt frekar en annað. Við eigum ekki að vera að trana okkur fram, vera fyrir eða taka pláss,“ segir hún og tekur dæmi úr eigin æsku. „Ég var tólf ára og tók þátt í Rimnaflæði (keppni í rappi og rímum). Ég þorði ekki að vera ein og bað aðra stelpu um að fara með mér. Þegar við komumst áfram upp úr forkeppninni og vorum einu stelpurnar varð ég fyrir stanslausu áreiti frá strákum. Um að ég væri athyglissjúk, af hverju ég væri að taka þátt í rappkeppni, ég væri ekkert góð. Ég fékk alltaf þá tilfinningu að ég væri fyrir strákunum. Ég væri að taka þeirra pláss.“

Þessi sama tilfinning grípur um sig á fullorðinsárum. „Við tókum þetta líka fyrir, Reykjavíkurdætur, á íslensku tónlistarverðlaunum í opunaratriðinu. Þá fylltum við sviðið af íslenskum tónlistarkonum. Því að í tónlistarbransanum erum við stanslaust að fá að heyra að konur séu svo fáar í bransanum og eða við séum annaðhvort ekki til í að koma fram vegna óframfærni eða aðrir séu betri en við. Þetta er enn þá orðræða í fjölmiðlum,“ segir hún.



ÉG ER FRÓKK AÐ EDLISFARI OG FINNST ALLA JAFNA EKKERT ÚTILOKAÐ. ÉG VAR BARA VISS UM AÐ ÉG VÆRI BÚIN AÐ SANNA MIG.

Skipstjórn

Fjöldi íslenskra kvenna hafa gegnt stöðu formanns á skipum í gegnum tíðina og nokkrar hafa verið skráðar sem skipstjórar stærri skipa. Það var þó ekki fyrr en á niunda áratugnum sem fyrsta konan lauk prófi í skipstjórn og í dag hafa 11 konur lokið námi við Skipstjórnarskólann.

● **51 nemandi** er skráður í dagnám á skipstjórnarbraut í Tækniskólanum í dag. Þar af eru **3 konur**.

● Þá eru **114 nemendur** einnig skráðir í dreifnámi í skipstjórn og eru **konurnar 2** þar á meðal. Heildarfjöldi við nám í skipstjórn er því **165 nemendur**, þar af **5 konur**.




Aðalfundur

Aðalfundur Matvæla- og veitingafélags Íslands verður haldinn **miðvikudaginn 22. mars n.k.** Fundurinn verður haldinn á Hótel Hilton Nordica, Vox Club og hefst kl. 16.00

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Eftir fundinn flytjum við okkur yfir á Vox Home og þar verður nýsveinum afhent sveinsbréf og því fagnað að 90 ár eru frá stofnun Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands og 70 ár frá stofnun Félags íslenskra kjötiðnaðarmanna.



Mazda bílar eru hannaðir af ástríðu, hvert einasta smáatriði vel ígrundað og úthugsað. Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

ELSKAÐU AÐ KEYRA



MAZDA 3



Brimborg

Bíldshöfða 8
110 Reykjavík

S. 515 7000

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

mazda.is

Tekjumöguleikar fyrir konur

Markmið átaksins **#kvennastarf** er að hvetja ungar stúlkur til að skrá sig í nám í karllægum greinum. **Ágústa Sveinsdóttir**, segir vannýttu tekjumöguleika fyrir konur felast í iðnnámi.

Öll störf eru kvennastörf,“ eru ein-kunnarorð átaksins #kvennastarf sem hófst í mars. Myllumerkið hefur verið áberandi á samfélagsmiðlum en um er að ræða áttak og kynningarherferð á vegum Samtaka iðnaðarins og Tækniskólans, í samstarfi við alla iðn- og verkmenntaskóla á Íslandi. Markmið átaksins er að hvetja ungar stúlkur og konur til að skrá sig í nám í svokölluðum „karllægum greinum“.

„Það þarf fleiri nemendur í iðn- og tækninám. Kveikjan að þessu átaki er hversu fáar konur stunda nám í vissum geirum iðnaðar. Vinnuáhrifurinn líður fyrir þessa einhæfni. Svo er þetta líka fyrst og fremst bara mikilvægt jafnréttismál sem skólarnir vilja láta sig varða,“ segir Ágústa Sveinsdóttir, hönnuður og markaðsfulltrúi hjá Tækniskólanum og einn talsmanna átaksins.

Þegar Ágústa fór að kanna þátttöku stúlkna og kvenna í iðngreinum kom henni lágt hlutfall þeirra á óvart. „Tölfraeðin er sláandi svo



Kynjahallinn er útbreiddur í atvinnulífnum,“ segir Ágústa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

ekki sé meira sagt, það er ljóst að það er þörf á þessu átaki. Enda er ég viss um að námið og störfin henta konum jafn vel og körlum. Mér finnst líka ólíklegt að bara strákar

hafi áhuga á þeim. Tekjumöguleikarnir eru líka góðir,“ bætir hún við.

„Ég gerði til að mynda sjálf rannsókn á konum sem starfa sem flugmenn. Ég hafði samband við Félag

Íslenskra flugmanna, hringdi í öll fyrirtæki á Íslandi sem eru með flugmenn í starfi. Konurnar eru ótrúlega fáar, á mörgum stöðum voru engar starfandi flugmenn. Hlutfallið var best hjá Icelandair, eða um tíu prósent,“ segir Ágústa og nefnir annan geira sem kom henni á óvart hvað fáar konur starfa við.


„Það kom mér mikið á óvart hvað það eru fáar konur með sveinspróf í matreiðslu. Maður tengir konur við matargerð, það er alveg á hreinu að þær hafa mikinn áhuga á mat og matargerð. En það sést ekki á vinnuáhrifnum. Þær eru fáar í matariðnaði,“ segir Ágústa sem talaði við bæði stúlkur og konur sem tengjast iðnaðinum.

„Sumar þeirra nefndu að barn-eignir þeirra þættu fyrirstaða. Það er með ólíkindum að svo úrelt viðhorf skuli viðgangast. Karlmennt eiga börn líka, við búum í nútíma samfélagi og það sló mig að konur hafi þurft að mæta þessu gamaldags viðhorfi og eigi því erfðara með að fá inngöngu. Sumar hafa líka talað um að það sé gert ráð fyrir því að vaktaálag geri þeim erfitt fyrir að halda heimili. Eins og karmenn haldi ekki líka heimili,“ bendir Ágústa á.

Til að byrja með stóð aðeins til að fara í áttak tengt námi í Tækniskólanum. Strax við undirbúning þess kom í ljós að þörf væri á almennri vitundarvakningu. „Maður fór að rýna í tölur og niðurstöðurnar bentu til þess að kynjahallinn væri svo mikill að þörf væri á umræðu og aðgerðum. „Svo kemur í ljós að kynjahallinn er miklu útbreiddari í atvinnulífnum eins og maður hefur séð í þjóðfélagssumræðunni síðastliðna mánuði.“

Hún segir að flest fyrirtæki í dag sýni mikinn velvilja og sum þeirra meira að segja eru mjög spennt

Sveinspróf kvenna



Heildarfjöldi karlanna á Íslandi sem lokið hafa sveinsprófi í lög-gildri iðngrein eru **32.641**. Heildarfjöldi kvenna er **5.151**.

fyrir því að fá stelpur til starfa. En þó tala sumar stelpur í iðnnámi um að þær þurfi að berjast meira fyrir sínu. Til dæmis hafa nokkrar stelpur nefnt að þær hafi átt í meiri erfðileikum með að komast á samning heldur en strákarnir. „Þetta þarf að laga, það þarf að fara yfir aðgangshindranir stelpna í iðnnám. Iðnaðarstörf hafa breyst mikið, efnir eru léttari og tæknin hefur breyst. Iðnaðarstörf eru ekki endilega mikið erfði,“ segir Ágústa sem segir þátttöku í herferðinni hafa vakið hana til umhugsunar.

„Stelpur virðast þurfa að segja hlutina fimm sinnum oftar en strákar. Þeim líður oft eins og þær megi ekki gera mistök og finna fyrir því að það eru gerðar aðrar og meiri kröfur til þeirra en strákanna. Það er að minnsta kosti mitt persónulega mat,“ segir Ágústa.

Tölfræði um konur í iðngreinum

Forritun

Á tölvubraut í Tækniskólanum þar sem lögð er áhersla á forritun og tölvunarfræði eru **260 manns** við nám. **8 þeirra eru stelpur**.

3% Konur

Konur eru í minnihluta þeirra sem læra og vinna við forritun í dag. Hér má sjá kynjahlutfall þeirra sem lokið hafa sveinsprófi í ýmsum málmiðngreinum í gegnum árin.

Blikksmiði

452 Karlar
7 Konur

Rennismíði

10 Konur
543 Karlar

Stálsmiði

0 Konur
463 Karlar

Vélvirkjun

22 Konur
4407 Karlar



Matreiðsla

Frá upphafi hafa **1406 karmenn** útskrifast með sveinspróf í matreiðslu á Íslandi en aðeins **194 konur**. Árið 1970 lauk fyrsta konan sveinsprófi í matreiðslu á Íslandi.

35% Konur
65% Karlar

87 nemendur eru skráðir í matreiðslunám á vorönn 2017 í MK og VMA. Þar af eru **23 konur** eða um: **35%**.

Þakklát konum sem ruddu brautina

Ég veit ekki af hverju þetta stafar. Mér dettur helst í hug að stelpur skorti fyrirmyndir og kannski er það eitthvað í samfélaginu,“ segir Jara Fatima Brynjólfssdóttir, flugmaður hjá Icelandair, sem skaut á ritstjórnarskrifstofu Fréttablaðsins til viðtals skömmu áður en hún fór í flug. „Ég vil endilega gefa mér tíma til þess að ræða þessi mál og ég vona að umræða um fáar konur í flugi verði hvarning þeim sem vilja láta drauminn rætast,“ segir hún.

Í dag eru samanlagt **807 flugmenn** og flugstjórar hjá helstu flugfyrirtækjum landsins. Aðeins **57 þeirra** eru konur eða um **7%**.

Jöru langaði til þess að verða flugmaður frá því hún var litil stelpa. „Ég átti ekki fyrirmyndir í fluginu. En foreldrar mínir studdu mig og hvöttu og ég held það hafi skipt miklu máli. Það eru sterkar konur í fjölskyldunni sem voru í ábyrgðarstöðum og ég held það hafi líka skipt máli. Áður en ég hóf nám þá var erfitt að fá vinnu sem flugmaður hjá flugfélögum landsins. Mér var ráðlagt að fara fyrst í háskóla til að hafa eitthvað til vara. Ég hugleiddi það en svo ákvað ég að læra það sem ég vildi starfa við, flug.“


Jara telur líklegt að kvenkyns flugmönnum fjölgi eftir því sem fyrirmyndirnar verða fleiri. Sjálf er hún meðvitund um að vera orðin fyrirmynd. „Ég á litla frænku og reyni að vera góð fyrirmynd fyrir hana. Hún segist vilja verða flugmaður.“

Hún segist ekki finna fyrir mótbyr í starfi sínu sem flugmaður. „Strákarnir hafa alltaf tekið mér vel en stundum fæ ég samt þessa tilfinningu að ég þurfi að sanna mig. En þá kröfu geri ég líklegast til sjálftrar mín, hún kemur ekki utan frá eða frá strákunum, langt frá því,“ segir Jara.



Jara segir mikilvægt að fjölga fyrirmyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Konur í flugi á Íslandi




Um það bil **110.000 flugmenn** eru starfandi í heiminum í dag og samkvæmt nýjustu könnunum eru um **5.000 þeirra konur** og **1.500 flugstjórar**.

Í dag eru samanlagt **807 flugmenn** og flugstjórar starfandi hjá helstu flugfyrirtækjum á Íslandi en aðeins **57 konur**.

Hún segir þurfa að fjölga konum í flugi. „Mér finnst flestöll fyrirtæki vera meðvitund um þetta. Hjá Icelandair eru tíu prósent flugmanna konur og vonandi hækkar hlutfallið. Fyrsta konan sem varð atvinnuflugmaður á Íslandi er enn starfandi hjá Icelandair. Mér finnst það gott. Konurnar sem voru fyrstar og ruddu brautina eru mikilvægar fyrirmyndir. Ég er þeim þakklát. Hlutirnir breytast hratt og í rétta átt.“

Í sumar flaug ég með konu í fyrsta skipti. Áður hafði ég alltaf flogið með karlmanni. Ég man að ungur maður horfði inn í klefann og fannst þetta augljóslega mjög sérstakt. En á sama tíma þá fannst mér það nú líka. Þetta er undrun sem ég verð vör við, ekki hneykslan,“ segir Jara. En hvað skyldi það vera sem þarf til að verða flugmaður? „Það þarf að hafa mjög mikla ástríðu fyrir flugi. Þú þarft virkilega að vilja þetta. Þetta eru mörg skref sem maður fer í gegnum og mikil sia. Til að ná á endapunktinn þarftu að vera ákveðin, viljasterk og full ástríðu.“



FRÁ OFBELDI TIL SÁTTA

Þessi áhrifamikla bók er skrifuð í samvinnu geranda og brotþola sem er algert einsdæmi í heiminum enda kemur hún samtímis út í fimm löndum.

Um þrjár milljónir manna hafa séð **TED** fyrirlestur þeirra Þórdísar Elvu & Toms.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna var settur í 61. skipti í byrjun vikunnar í Allsherjarþinginu í New York. „Ég sem karlmaður mun beita mér persónulega fyrir valdeflingu kvenna en við þurfum alla karlmenn með okkur í lið,“ sagði António Guterres, aðalritari SP, þegar hann setti fundinn.

Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, er einn þeirra sem ætla að beita sér fyrir valdeflingu kvenna svo um munar. Hann er nýkominn heim af ráðstefnunni sem hríðarbylurinn Stella setti sitt mark á. Snjóþyngslin í New York-borg hömluðu umferð í borginni og röskuðu dagskránni. Bylurinn þótti mörgum táknað fyrir gengi kvenna á vinnumarkaði. Þær gangi oft á móti vindi.

Þorsteinn kynnti jafnlaunastaðalinn og hlaut góðar undirtektir. Leikkonan Patricia Arquette steig í ræðustól og þakkaði Íslendingum fyrir að grípa til róttækra aðgerða í jafnréttismálum. Konur heimsins þyrftu á því að halda.

Þorsteinn segir umræðu um launajafnrétti hafa verið í brenni-depli á fundinum en eins og síðustu ár hafi einnig verið rætt um kynbundið ofbeldi.

Aðgerðir sem virka

„Það var töluvert mikið rætt um hvað einstök aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru að gera til að ná fram sameiginlegum markmiðum um jafnrétti fyrir 2030. Það hefur verið virkilega gaman að fylgjast með áhuga og mjög jákvæðum viðbrögðum varðandi jafnlaunastaðalinn og lögbindingu jafnlaunavottunar,“ segir Þorsteinn.

„Við höfum gengist undir skuldbindingar um að útrýma kynbundnum launamun fyrir árið 2022 sem er eftir aðeins fimm ár. Ég vil leiða með fordæmi á alþjóðavettvangi hvað þetta varðar. Það er mikilvægt ef við ætlum að ná að standast þessar skuldbindingar, að við séum með raunverulegar aðgerðir sem virka. Jafnlaunavottun er mjög mikilvægt tæki til þess,“ segir Þorsteinn.

Þorsteinn segir mikilvægt að taka þátt í umræðu á alþjóðavettvangi um jafnréttismál enda leiði Ísland baráttuna. „Við njótum þess að við höfum í átta ár í röð mælst efst þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Maður finnur að það er hlustað á Ísland í þessum efnun. Þetta er árangur sem alþjóðasamfélagið hefur veitt athygli. Árangurinn leggur okkur líka þær skyldur á herðar að halda áfram að leggja metnað í þetta. Við verðum, ef við ætlum okkur að halda þessari stöðu, að vera í fyrsta sæti, að átta okkur á því að við höfum engan að elta í aðgerðum til að bæta kynjajafnrétti. Við verðum að þora að taka áhættu, stíga ný skref til að komast lengra. Og við verðum að muna það að þó að við mælumst efst þá höfum við ekki náð jafnrétti kynjanna.“

Þorsteinn hefur setið í áhrifastöðum í íslensku atvinnulífi og sest í ráðherrastól eftir að hafa gegnt starfi framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. Hann þekkir kynjahlann í íslensku atvinnulífi vel og segir mörg tæki til aðgerða.

„Það er svo margt hægt að gera. Sumt höfum við nú þegar framkvæmt. Í fyrsta lagi gripum við til aðgerða eins og þeirra að koma á kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja. Það var aðgerð sem virkaði fljótt og hlutfall kvenna í stjórnnum reis mjög hratt. Það sem mér finnst persónulega áhugavert að fylgjast með í því samhengi er að það er að koma upp öflugur hópur kvenna í viðskiptalífinu sem er að risa til ábyrgðar í kjölfarið á þessari breytingu. Auðvitað var umhugsunarvert að það þyrfti að grípa til þessara aðgerða. En það kom í ljós við aðgerðina að það var ekkert vandamál að manna



„Þegar ég horfi á dætur mínar þá sé ég svo vel tækifæri nýrrar kynslóðar,“ segir Þorsteinn Víglundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þá rekast þær á glerþakið

Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, segir ungar konur rekast á glerþakið þegar þær koma út á vinnumarkaðinn. Hann er nýkominn heim af fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York. Hann segir konur sem standa honum jafnfætis hafa þurft að berjast miklu meira fyrir sínu og segir tíma kominn til að uppræta vandann.

stjórnir með mjög hæfum konum. Í einhverjum tilfellum má segja að vinnubrögð við mönnum stjórna hafi batnað. Karlar sem eru í þessum valdastöðum sem hafa ráðið mönnum í stjórnir þurftu að leita út fyrir sitt tengslanet,“ segir Þorsteinn og segir það hafa leitt til meiri fagmennsku. „Það er miklu meira horft til hæfis bæði karla og kvenna. Ég held að flestir séu sammála um að stjórnirnar sem voru myndaðar eftir að lögin voru sett eru faglegar og fjölbreyttar í framsetningu. Við erum með öflugri stjórnir,“ bendir Þorsteinn á en segir að á sama tíma valdi það vonbrigðum að löggjöfin hafi ekki haft áhrif á framgang kvenna í æðstu stöður í fyrirtækjum. „Eða þegar kemur að stjórnarformennsku. Það er áhyggjuefni. Löggjöf sem þessi er ekki að skila þeim árangri sem til er ætlast bara með því að ná 40% marki í stjórnnum. Framgangur kvenna til ábyrgðar þarf að vera meiri í æðstu stöður og þegar kemur að stjórnarformennsku. Þar þarf atvinnulífið að horfa til eigin ábyrgðar í þeim efnun.“

Hvað með þær ungu konur sem nefna að það sé erfitt að komast að í karllægum greinum á vinnumarkaði? Þorsteinn segir átakið #kvinnastörf sem miðar að því að fjölga konum í svokölluðum karllægum greinum jákvætt og nauðsynlegt. Það þurfi einnig að grípa inn í með fræðslu fyrr á skólastiginu. „Við þurfum að fræða stelpur og stráka enn betur um valkostina á vinnumarkaði, að það er ekkert til sem heitir dæmigerð karla- og kvinnastörf. Að stelpur og strákar geti valið sér hvaða starfsvettvang

sem er. Það er mikilvægt að brjóta niður stereótýpunar og gæta þess að það séu fyrirmyndir í öllum starfsgreinum. Þess vegna er það alvarlegt ef aðgengi að karllægum greinum er erfitt,“ segir Þorsteinn. *Finnur hann fyrir andstöðu við hugmyndir sínar um aðgerðir til jafnréttis á vinnumarkaði?* „Ég virði þá gagnrýni sem hefur verið á jafnlaunavottun. Þar er áberandi sjónarmið að það megi ekki setja of mikla reglubyrði á atvinnulífið, sjálfur hef ég staðið í þeim sporum að berjast gegn slíku. Ég var samt kominn á þá skoðun hjá Samtökum atvinnulífsins á sínum tíma að það er einfaldlega ekki ásættanlegt hversu hægt okkur miðar í þessum efnun. Við vörpum ýmiss konar kröfum á fyrirtæki í þeirra daglega starfi, þegar kemur að umhverfismálum, endurskoðun og ársreikningagerð og alls konar þáttum. Allt teljum við þetta vera ásættanlegar kvaðir. Og þá hlýtur maður að spyrja sig, af hverju ekki þegar kemur að jafnrétti? Þetta eru engan veginn það íþyngjandi aðgerðir að þær séu ekki réttlætlanlegar. Það eru gríðarlegir hagsmunir í húfi. Jafnrétti. Við verðum að skoða hvað er að baki því að við förum í þessar aðgerðir, 7-8% kynbundinn launamunur og 20% heildarlaunamunur, kynbundinn og af öðrum orsökum. Mér hefur fundist jákvætt að þeir atvinnurekendur sem hafa reynsluna jákvæða og gagnlega. Svo þegar kemur að fjölskylduábyrgðinni og fjarveru frá vinnumarkaði þá sjáum við að það eru tvisvar sinnum fleiri konur en karlar sem reiða sig á almanna-tryggingar þegar kemur að lífeyri.



ÉG ER SAMT EKKI Í NOKKR-

UM VAFA UM AÐ KONURN-

AR SEM STANDA MÉR

JAFNFÆTIS Hafa þurft

AÐ Hafa MIKLU MEIRA

FYRIR SÍNU. Það eru

MEIRI KRÖFUR GERÐAR TIL

KVENNA.

Konur eru að meðaltali með þrjátíu prósent lakari lífeyri. Það er vegna mismununar á vinnumarkaði,“ bendir Þorsteinn á og segist ekki finna fyrir andbyr. „Íslensk þjóð er jákvæð og tilbúin til þess að halda áfram að leiða þessa baráttu.“ Þorsteinn á þrjár dætur á aldrinum þrettán ára til tvitugs. *Fær hann þeirra innsýn heimavið?* „Örugglega nýt ég þess að huga að reynslu þeirra og konu minnar. Ég á líka mjög jafnréttisþenkjandi móður sem vann úti og í ábyrgðarstöðum. Mér finnst líka frábært þegar ég horfi á dætur mínar að þá sé ég svo vel tækifæri nýrrar kynslóðar. Þær telja það bara fullkomlega sjálfsagt að þeim standi allar dyr opnar. Geti

menntað sig á hvaða sviði sem er, starfað á hvaða sviði sem er. Njóti í öllu sömu réttinda og karlar. Það er þá líka gríðarlega mikilvægt að veruleikinn sem tekur við á vinnumarkaði sé sá,“ segir Þorsteinn og vísar í reynslu ungra kvenna af því að koma út á vinnumarkað eftir nám.

„Viðhorfið breytist þegar á vinnumarkaðinn er komið, þá rekast þær á glerþakið. Það er okkar skylda að þessi eldmóður sem unga kynslóðin hefur og hugmynd hennar um að tækifærin séu jöfn verði raunveruleikinn á vinnumarkaði. Það er okkar markmið.“

Þorsteinn hefur notið velgengni. Ferill hans hefur verið beinn og breiður vegur. Hann reis fljótt til áhrifa. *Hefur hann notið forréttinda sem karlmaður á vinnumarkaði?*

„Þetta er mjög góð spurning sem er erfitt að fullyrða um. Ég hef verið lánsamur en alveg örugglega notið forréttinda í ljósi þess ójafnvægis sem hefur verið á vinnumarkaðnum í gegnum tíðina. Það er einmitt gríðarlega mikilvægt að tækifærin séu jöfn. Ég þekki persónulega konur sem hafa notið góðs gengis en ég er samt ekki í nokkrum vafa um að konurnar sem standa mér jafnfætis hafa þurft að hafa miklu meira fyrir sínu. Það eru meiri kröfur gerðar til kvenna, það er minni þolinmæði gagnvart mistökum. Þær þurfa að hafa meira fyrir framgangi sínum.“

Konur fá stundum aðrar spurningar, það dettur fáum vinnuveitendum í hug að ræða við karla um barneignir. En það getur hent konur á vinnumarkaði og er hluti af því ójafnrétti sem við þurfum að uppræta,“ segir Þorsteinn.

Þingmenn um kvennaping Sameinuðu þjóðanna



Hildur Sverrisdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks

Ísland skar sig úr og var dálítill súp-erstjarna þarna með málflutningi sínum um launajafnrétti, óhindraðan aðgang kvenna að vinnumarkaði, kynfrelsi og frjósemisréttindi kvenna og þátttöku karla í jafnréttisumræð-

unni. Ég frá jafnréttiseyjunni hálf-skammaðist mín stundum fyrir okkar baráttu miðað við baráttu kvenna frá öðrum heimshlutum, sem standa í baráttu fyrir grunnréttindum sem við höfum löngu komið í farveg.

Auðvitað er það samt hlutverk okkar, sem lengra erum komin í réttindabaráttunni, að tala um leiðina sem er ófarin að takmarkinu um jafnrétti og líka deila reynslu okkar af því sem ætti mögulega að varast.

Það er ekki lítið hlutverk að vera sendinefnd vonarglætu. Það er líka



ÞAÐ ER ALLTAF

SKRÝTIÐ AÐ VERA EINI

PARTÍGESTURINN SEM

VILL HLUSTA Á EITTHVAÐ

ANNAD

vandmeðfarið. Umræðan á ráðstefnunni um jafnréttisplánetuna Ísland fór kannski skiljanlega í örlítið einhliða form um áherslurnar, til dæmis að hátt hlutfall kvenna á Alþingi hljóti að stafa nær eingöngu af aðgerðum á borð við kynjakvóta.

Ég tók þátt í umræðum um hvað þyrfti að gera til að ná jafnri stöðu kynjanna í stjórnmálum. Ég leiðrétti að kynjakvóti væri ekki óumdeildur á Íslandi. Að þótt árangur hafi náðst væri einföldun að skrifa hann alfarið á slíkar sértækar aðgerðir. Til lengri

tíma lítið væri heldur ekki vist að kynjakvótar vinni á undirliggjandi vandamálinu að mínu mati, sem er viðhorf til kvenna í valdastöðum.

Það er alltaf skrýtið að vera eini partígesturinn sem vill hlusta á eitt-hvað annað en það sem er á fóninum. Mér var fyrirgefning þessi málflutningur og fékk meira að segja nokkur hvetjandi „mhmm“ frá afrísku konunum sem tóku undir eins og þær væru í messu. Þrátt fyrir ólíkar áherslur eigum við sameiginlegan baráttutón þvert á landamæri.



Kolbeinn Óttarson Proppé, þingmaður Vinstri grænna

Það er fánlegt hve langan tíma hefur tekið að draga úr launamun kynjanna. Fyrir 65 árum varð það hluti af alþjóðalögum í tengslum við verkalyðshreyfinguna að jöfn laun skyldu greidd fyrir sambærilega vinnu. Samt er óútskýrður launamunur kynjanna enn 23% á heimsvísu. Það verður að beita öllum aðferðum til að vinna á þessu óréttlæti. En, eins og hefur komið fram á ráðstefnunni, er lagasetning eitt, hugarfarið annað. Hvað Ísland varðar verða allir að leggja á eitt og allra ráða verður að leita. Ráðherra hefur auglýst jafnlaunavottunina grimmt og segir ráðstefnugestum að frumvarp sé tilbúið sem verði að lögum í vor. Það verður áhugavert að sjá hver áhrif laganna verða, ef stjórnarflokkarnir þá ná saman um málið.

Óútskýrður launamunur heitir á ensku ómeðvitaður launamunur og þar liggur kannski hundurinn grafinn. Fólk er ekki meðvitað um að það sé að greiða mismunandi laun, þegar allar sporslur, aðstöðumunur, styrkir o.fl. er til tekið. Það er kannski ástæðan fyrir því að enn er til fólk sem heldur því fram að launamunur kynjanna sé ekki til.

Konur vinna langstærstan hluta ólaunaðra umönnunarstarfa, en verðmæti þeirra er um 10 trilljónir Bandaríkjadala á hverju ári. Og fá í ofanlag lægri eftirlaun. Hvað heimilisstörf varðar skipta tekjur litlu, konur sinna þeim mun meira en karlar. Á Íslandi eiga hátekkjkonur yfirleitt maka sem er með svipuð eða hærri laun en þær og vinnur svipað eða meira en þær og konurnar sjá um heimilisstörfin. Þetta óréttlæti er því þvert á öll tekjubil sem segir okkur að þetta er inngróð hugafarsmeinn. Mér þótti málstofa um sexisma, kynferðislega áreitni og ofbeldi gegn konum í stjórnmálum og svo önnur um hatursorðræðu áhugaverðar. Hvernig þaggað er niður í konum, þeim hótað, þær hæddar og niðdar fyrir það eitt að vera konur. Ég talaði um þessi mál ásamt ráðherra jafnréttismála í Kanada, Maryam Monsef, og reynslusaga hennar hreyfði mjög við mér, en hún flúði 11 ára gömul til Kanada frá Afganistan og varð ráðherra í fyrra, 32 ára gömul. Fyrir mig, forréttindapésann – hvítur, miðaldra, úr millistétt, með typpi – var áhrifamikilið að hlusta á konurnar í salnum sem höfðu fengið svívirðingar og morðhótanir, verið óskrað á þær á þjóðþingum og þær talaðar niður fyrir það eitt að vera konur. Og sumar hætt á samfélagsmiðlum, hætt að tjá sig, hætt í pólitík.



KONUR VINNA

LANGSTÆRSTAN HLUTA

ÓLAUNAÐRA

UMÖNNUNARSTARFA

Tækifæri

Það eru Tækifæris dagar hjá okkur. Líttu inn og gerðu góð kaup.



10 ára ábyrgð á iOdrive mótornum.



SIEMENS

Pvottavél

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótur með 10 ára ábyrgð.

Tækifærisverð: WM 14P4E8DN

94.900 kr.

Fullt verð: 129.900 kr.



SIEMENS

Purrkari

Gufuþétting, enginn barki. Hraðkerfi 40 mín. Krumpuvörn í lok kerfis.

Tækifærisverð: WT 45H208DN

89.900 kr.

Fullt verð: 119.900 kr.



BOSCH

Töfrasproti

Kraftmikill, 600 W. Hljóðlátur og laus við titring. Skál, hakkari og þeytari fylgja með.

Tækifærisverð: MSM 66150

8.900 kr.

Fullt verð: 12.900 kr.



Gigaset

Símtæki

Upplýstur skjár. Taltími allt að 18 klt. Biðtími allt að 200 klt. Fánlegt í hvítu og svörtu.

Tækifærisverð: A120

5.240 kr.

Fullt verð: 6.170 kr.



Wilma Borðlampi

Hæð: 31 sm.

Tækifærisverð: AN18308-20-01

4.900 kr.

Fullt verð: 7.900 kr.



SIEMENS

Bakstursofnar

Hagkvæmir með 66 lítra ofnrými. Fimm ofnaðgerðir. Sjálfhreinisplata í bakhlíð.

Tækifærisverð (hvítur): HB 23AB221S

Tækifærisverð (stál): HB 23AB521S

74.900 kr.

Fullt verð: 99.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




Hönnun

Smáatriðin á heimilinu

Bloggaranum Kolbrúnu Önnu Vignisdóttur hefur tekist að gera einstaklega notalegt heima hjá sér. Hún er með gott auga fyrir smáatriðum og notar plöntur og fallega smámuni til að setja punktinn yfir i-ið.



Kertastjaki úr Indiska, 5.495 krónur.



Þessi horn eru í uppáhaldi hjá Kolbrúnu. MYND/KOLBRÚN



21.900 krónur í Epal.



Vasi sem hentar fullkomlega undir grænar og vænar plöntur. 2.400 krónur í Fakó.



Kertin frá Voluspa ilma dásamlega og gleðja augað. Þau fást í Maia.



H&M Home er í sérstöku uppáhaldi hjá Kolbrúnu. Þessi bakki er þaðan.



MYND/KOLBRÚN



Kolbrún Anna Vignisdóttir bloggari


„Það er engin ein sérstök búð í uppáhaldi þegar kemur að heimilispunti. En Indiska, Epal og Myconceptstore eru búðir sem ég versla töluvert í hér á Íslandi. Svo á ég það til að kippa einhverju með úr H&M Home þegar ég fer út. Síðan er allafgaman að finna leyndar gersemar í Góða hirðinum eða á bílskúrssölum. Plöntur og kaktusar finnst mér gera mikið fyrir heimilið,“ segir Kolbrún sem kaupir gjarnan plöntur í IKEA og Blómavali.

Spurð út í uppáhaldshlut á heimilinu segir Kolbrún:

„Þeir eru nokkrir en ef ég á að nefna einn þá verð ég að nefna fyrsta punktið sem ég keypti inn á heimilið. Það eru horn úr Myconceptstore sem prýða forstofuna.“

Kolbrún breytir uppröðuninni á heimili sínu reglulega. „Ég er með Lack-hillu frá IKEA inni í stofu sem ég breyti reglulega til á. Stundum vikulega, ég er fljót að fá leiða á að hafa alltaf sömu hlutina og uppröðunina.“

Spurð út í skothelt ráð þegar kemur að uppröðun smáhluta á heimilinu segir Kolbrún engar reglur gilda í þeim málum. „Að mínu mati eru engar reglur eða mörk þegar kemur að fagurfræði. Mér finnst þetta allt saman spurning um stíl og karakter hvers og eins. Mér finnst gaman að blanda nýju og gömlu saman, hlutum með sál í bland við tímalausa hönnun. Og bækur eru skemmtilegar til þess að raða ýmsum hlutum á og gera skemmtilega stemningu.“ – gha



Kolbrún notar kaktusta og plöntur til að lífga upp á heimilið.

Væntanlegt



Karamellusúkkulaði með lakkrís og karamellufyllingu,
hversu mikil karamella er í því?

Næstum of gott til að vera satt!


NÓI SÍRÍUS



Ekki kaupa mat sem er verksmiðjuframleiddur og með tíu ára líftíma. Þetta er eitt þeirra ráða sem þær stóllur Þórunn Steinsdóttir og Lukka eru með á takteinum til að bæta heilsuna.



Sykurinn er skaðlegastur

Hefur mataræði áhrif á heilsu? Þær Þórunn Steinsdóttir og Unnur Guðrún Pálsdóttir eru sannfærðar um það og gefa góð ráð um innkaup og hugarfar.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Þórunn Steinsdóttir og Unnur Guðrún Pálsdóttir, eða Lukka eins og hún er jafnan kölluð, eru báðar þekktar fyrir mikinn áhuga sinn á samspili mataræðis og heilsu. Þær gáfu út matreiðslubókina Máttur matarins á síðasta ári og fengu fjóra lækna í lið með sér við gerð bókarinnar. Markmið þeirra var að fræða um mataræði sem styrkir heilsuna og heldur jafnvel sjúkdómum frá.

„Okkur fannst vanta meiri fræðslu um heilsusamlegt mataræði og að hún væri studd rannsóknum. Það er mikið framboð af heilsufæði og ýmsum varningi en það skiptir máli að það sé raunverulegur ávinningur á bak við það,“ segir Lukka. „Það þarf líka að vera ástríða í þessu,“ bætir Þórunn við.

Lukka segir mikilvægt að fólk halli sér ekki að skyndilausnum. „Þótt það

sé í tísku að borða heilsusamlega þá verður fólk að gæta sín. Ekki er allt, sem er markaðsett sem heilsuvara, það í raun og veru. Það þarf að sigta út og finna það sem einkennist af heidarleika og hjarta og er ekki tækifærismennska. Það eru svo margir sem hoppa á vagninn þegar eitthvað verður vinsælt.“

Þær eru sammála um að úrval verslana af ferskmeti og heilsuvörum hafi stórþatnað síðustu ár. Þórunn flutti frá Vancouver árið 2010. Fyrst eftir að hún flutti heim átti hún í mesta basli með að finna hráefni til matargerðar.

„Það hefur svo margt gerst síðan þá og nú finnst mér miklu auðveldara að finna ferskt og virkilega gott hráefni. Svo er allt í lagi að það sé ekki alltaf allt til, það er sjarmi yfir árstíðunum og gaman á haustin þegar verslanir fyllast af góðu grænmeti. Á móti er maður stundum í lægð þegar það er lítið til og þá hlakkar maður til betri tíma, segir Þórunn.

„Ég er sammála, svo ótrúlega margt hefur breyst,“ tekur Lukka undir. „Mér finnst stutt síðan Íslendingar borðuðu bara salt-hnetur, nú borða þeir fjöldann allan af hnetutegundum. En við getum gert betur, við eigum auðvitað að framleiða meira hér á landi. Minnka kolefnissporið og nýta okkar góðu endurnýjanlegu orku til að framleiða meira og fleiri tegundir af grænmeti og ávöxtum,“ segir hún.

Lukka bendir einnig á að verslanir eigi mikið inni í þjónustu við neytendur. „Það má hafa skýrara úrval á íslensku grænmeti frá því erlenda.

Stundum finnst mér erfitt að greina hvort um er að ræða íslenskt grænmeti eða erlent sem er pakkað í umbúðir hér heima,“ bendir hún á.

Þær segja heilsusamlegt mataræði ekki endilega merkja öfgar. „Grænmetisætur eru bara venjulegt fólk. Sú ímynd að þær séu ómáláðar í mussum er bara alveg horfin, segir Lukka og skellir upp úr. Öfgarnar hafa aukist á hinn veginn, það er mikið af fólki sem borðar mikla óhollustu og sykur, segir hún. „Við erum ekki að átta okkur á alvöru málsins. Heilsufæði má ekki vera einhver tísku-bylgja, það eiga að vera réttindi hverrar manneskju að borða hreina fæðu sem er ekki skaðleg heilsunni. Börnin okkar eru þyngri en börn á Norðurlöndunum. Eru foreldrar að taka þátt í heilsuæði en undanskilja börnin? Erum við fullorðna fólkið að kaupa okkur grænborða kleinuhringi? Það náttúrulega gengur ekki,“ segir Lukka og nefnir ýmis merki um óheilbrigða matarmenningu Íslendinga.

„Það er ekki í lagi að það sé röð klukkutímum saman eftir ársbirgðum af kleinuhringjum. Og að á íþróttakappleikjum sé bara seldur óhollur matur.“

Þegar Þórunn er beðin um ráð við innkaup eða í því að bæta mataræðið bendir hún oft á fræði Michael Pollan. „Fólk ætti að kaupa og elda mat sem það skilur hvað er og hvaðan hann er. Mat sem er ekki verksmiðjuframleiddur eða hefur kannski tíu ára líftíma, það er einfalt

Þetta kaupa þær ekki

Lukka

- Kleinuhringi
- Morgunkorn
- Sætt morgunkorn
- Aldrei unnar kjötvörur að undanskildu beikoni
- Nammi á nammibar

Þórunn

- Kleinuhringi
- Bjúgu eða unna kjötvöru eins og kjötfars
- Sykrað morgunkorn (kaupi Cheerios og Bran Flakes, þar hef ég játað mig sigraða.)
- Verksmiðjuframleiddan mat sem hefur langan líftíma



Þetta er alltaf til í búrinu hjá þeim

Lukka

- Avókadó
- Egg
- IPA bjór handa eiginmanninum
- Mjólk
- Epli



Þórunn

- Egg
- Agúrkur
- Tómatar
- Hrein AB mjólk
- Gæðaólífuoía í glerflösku
- Hvítlaukur
- Þrjár tegundir af lauk

og gott ráð sem er gott að hafa í huga við innkaup.“

En svo er fólk svo misjafnt bendir Lukka á. „Mér hentar að vera öfgamanneskja. Allt eða ekkert. Það þýðir ekkert fyrir mig að hætta smám saman að borða sykur. Það gengur ekki. Ég þarf að ákveða að taka allan sykur út í þrjár vikur. Það er stundum sagt að það taki 21 dag að búa til nýtt mynstur eða venju og

ég þarf á því að halda að vera ströng við sjálfa mig.“

Sykurinn er skaðlegastur heilsunni segja þær. „Já, við erum að átta okkur á skaðsemi sykurs eins og við uppgötvuðum hvað sigarettur voru hættulegar fyrir áratugum síðan,“ segir Þórunn. „Markmið okkar Lukku var að fá fólk til að fræðast um það hvað það er í matnum sem nærir, hvað það er sem styrkir okkur.“



LAUGARDAGUR 18. MARS 2017

Helgin



Úrval íslenskra stóla frá liðnum áratugum verður til sýnis í Hönnunarsafni Íslands næsta mánuðinn ásamt teikningum Elsu Nielsen af hluta þeirra.

[helgin →4](#)



Betri stjórn & betra jafnvægi

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Hormónalaus lausn fyrir mismunandi stig tíðahvarfa. Tvær nýjar Femarelle vörur eru nú komnar á markað. Þær Selma, Valgerður og Eva mæla með Femarelle. →2



Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle

40+ FEMARELLE REJUVENATE

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári



Femarelle skiptir Valgerði miklu máli

50+ FEMARELLE RECHARGE

- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi



Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle

60+ FEMARELLE UNSTOPPABLE

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast - vertu með okkur

Elskaðu. Lifðu. Njóttu.

Femarelle
vörulínan



„Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig.“

Selma Björk Grétarsdóttir.

Framhald af forsiðu →

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsóknna á undanföllum árum. Nú hefur Femarelle verið gert enn betra og bætt í það B6-vítamín. Þrjár vörur eru nú í Femarelle-línunni, Femarelle Rejuvenate sem hentar konum fyrir tíðahvörf, Femarelle Recharge sem veitir stjórn yfir tíðahvörfunum á öruggan og áhrifaríkan hátt og Femarelle Unstoppable sem hjálpar konum eftir tíðahvörf að viðhalda eðlilegum lífsstíl og lífsþrótti eftir því sem árin færast yfir.

Vertu þú sjálf á ný

Samsetning Femarelle Rejuvenate hentar best til að mæta þörfum kvenna 40 ára og eldri til að vinna á einkennum forstígs tíðahvarfa. Það inniheldur hörfræjaextrakt sem stuðlar að eðlilegri líðan þegar kemur að tíðahvörfum og biótín

Valgerður Kummer Erlingsdóttir.

Eva Ólöf Hjaltadóttir.

sem hjálpar konum að halda eðlilegu andlegu jafnvægi. B2-vítamín og biótín (B7) stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og húðar og eðlilegum efnaskiptum ásamt eðlilegri sálfræðilegri starfsemi og minni þreytu og sleni.

Taktu stjórn á líkamanum

Femarelle Recharge hefur áhrif á þau einkenni sem konur þjást af á meðan á tíðahvörfum stendur. Femarelle Recharge er sama vara og upprunalega Femarelle að við bættu B6-vítamín en það magnar þau áhrif sem Femarelle hefur. Femarelle Recharge inniheldur hörfræjaextrakt sem hjálpar konum á aldrinum fimmtíu ára og eldri til að taka stjórnina á einkennum tíðahvarfa á öruggan og áhrifaríkan hátt.

Sigraðu framtíðina

Femarelle Unstoppable hjálpar konum að halda aftur af einkennum í kjölfar tíðahvarfa. Það inniheldur kalk og D-vítamín fyrir eðlilega starfsemi beina og vöðva ásamt B2 og B7 fyrir jafn-



40+ Femarelle Rejuvenate

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári



50+ Femarelle Recharge

- Slær hratt á einkenni (hita-kóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi



60+ Femarelle Unstoppable

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að sálfræðilegu jafnvægi

vægi slímhúðar sem og að minnka þreytu og sleni. Femarelle Unstoppable hjálpar konum á aldrinum sextíu ára og eldri að viðhalda kraftmiklum lífsstíl þegar árin færast yfir.

Góð reynsla af Femarelle

Þær Eva Ólöf Hjaltadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir og Valgerður Kummer Erlingsdóttir hafa allar góða reynslu af Femarelle. „Ég hef notað Femarelle um nokkurt

vægi og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru.“ segir Valgerður. Eva Ólöf tekur í sama streng og segir: „Ég er svo ánægð með Femarelle, ég er hressari af þeim og ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar.“ Selmu Björk líður líka betur eftir að hún fór að nota Femarelle. „Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig.“

IceCare
þín heilsa

SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsværslunum og heilshillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare. www.icecare.is og www.femarelle.is

HEIMILI OG SKÓLI ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL FORELDRAVERÐLAUNA 2017

Tilnefningar sendist með því að fylla út rafrænt eyðublað á heimilogskoli.is. Hægt er að tilnefna til Foreldraverðlauna en einnig má tilnefna dugnaðarfork Heimilis og skóla. Síðasti skiladagur tilnefninga er **9. apríl 2017**.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Gulrótárbuff

Andasalat með asísku ívafi

Flestir vilja borða hollan og ljúffengan mat en stundum er lítill tími fyrir eldamennsku. Þá er hentugt að eiga fljótlegar uppskriftir í handraðanum til að grípa til. Þetta brakandi ferska salat með andabringu leikur við bragðlaukana og tekur stuttan tíma að útbúa.

2 ANDABRINGUR

klettsalat eða blandað salat,
1 poki
Kirsuberjatómatar, 1 askja
2 vorlaukar
Olía til steikingar

SALATDRESSING:

2 msk. sojasósa
3 msk. hunang
1 hvítlauksrif, marið
1 tsk. ferskt engifer
Baunaspírur til skreytingar, ef vill

Hitið ofninn í 180°C. Þerrið andabringurnar vel með eldhúspappír. Skerið tíglaunstur á ská í fituna en gætið þess að skera ekki ofan í kjötið. Hitið olíu á pönnu. Steikið bringurnar á fituhlíðinni þar til fitan er að mestu bráðnuð. Snúið við og steikið áfram í nokkrar mínútur. Takið bringurnar af pönnunni og setjið í eldfast mót. Þeytið saman sojasósu og hunang með litlum piski, bætið við hvítlauk og engifer og blandið öllu vel saman. Hellið yfir andabringurnar, nema geymið u.þ.b. 3 matskeiðar af dressingunni. Setjið bringurnar inn í ofn í u.þ.b. 10 mín. eða þar til þær eru orðnar bleikar í miðjunni. Takið þær út og látið standa í 5-10 mín. Skerið síðan í þunnar sneiðar. Blandið saman klettsalati, tómtum og vorlauk. Ráðið andabringunum ofan á og dreypið dressingunni yfir. Skreytið með baunaspírurum ef vill.



Andasalat sem slær alltaf í gegn, enda sérlega gott og fljótlegt.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundni ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigridding@365.is, s. 512 5372 | Starri Frey Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sölmenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Aukinn liðleiki og minni verkir með Benecta

Benecta er íslenskt fæðubótarefni unnið úr rækjuskel, sem stuðlar að verndun vefja og uppbyggingu stoðkerfis. Grétar Rafn hefur notað Benecta með góðum árangri.

Harður heimur atvinnu-mennskunnar í fótbolta skildi eftir sig laskaðan líkama," segir Grétar Rafn Steinson, fyrrverandi landsliðsmaður í fótbolta og núverandi tæknilegur framkvæmdastjóri Fleetwood Town Englandi.

„Með Benecta og daglegri hreyfingu nýt ég þess að vera í krefjandi vinnu og stunda áhugamálin. Þökk sé Benecta frá Siglufirði, mínum gamla heimabæ,“ segir Grétar Rafn. „Benecta styður við náttúrulega viðgerðarferla í líkamanum og getur þannig aukið hreyfigetu,“ segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor hf. Benecta inniheldur kítínfásýkrur, stuttar kítósankeðjur sem eru unnar úr rækjuskel. Sykrungarnir bindast próteinum í líkamanum og geta með því stuðlað að uppbyggingu vefja og aukið liðleika og hreyfigetu.

Með daglegri inntöku má draga úr óþægindum í stoðkerfi og þannig auka úthald og orku. Jafnframt gæti Benecta hjálpað líkamanum við endurnýjun vefja (s.s. brjósks, sína og beina) og þannig stuðlað að heilbrigðu stoðkerfi.

„Með Benecta og daglegri hreyfingu nýt ég þess að vera í krefjandi vinnu og stunda áhugamálin.“

Benecta er framleitt af íslenska líftæknifyrirtækinu Genís. Að baki vörunni liggur mikil þróunarvinna og áralangar rannsóknir sem byggja á sérhæfðri þekkingu tengdri framleiðslu á lyfjum og fæðubótarefnum unnum úr rækjuskel. Þróun Benecta hefur staðið yfir undanfarinn áratug í samstarfi við íslenska og erlenda vísindamenn.

Innihaldslýsing

Hvert hylki inniheldur 300 mg af kítínfásýkrum sem unnar eru úr rækjuskel. Engin aukefni eru í Benecta.

Benecta er ætlað fullorðnum, 18 ára og eldri.

Grétar Rafn Steinson, fyrrverandi landsliðsmaður í fótbolta, notar Benecta.



Benecta

- Hjálpar til við að vinna gegn eymslum í líkamanum.
- Styður við uppbyggingu vefja s.s. brjósks, sína og beina.
- Hjálpar til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi.
- Auðveldar hreyfigetu.
- Benecta er ætlað fullorðnum, 18 ára og eldri.
- Skammtar: 2 hylki á dag. Mælt er með því að taka Benecta á fastandi maga. Ekki skal taka meira en ráðlagðan dagskammt (2 hylki).
- Benecta er ekki ætlað þunguðum konum eða einstaklingum með skelfiskofnæmi.



Benecta fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og Perform.is

Benecta fyrir betri líðan

ÞITT ANNAÐ HEIMILI Í SÓLINNI

18. – 19. mars verður kynning á eignum á Costa Blanca ströndinni á Spáni. Kynningin er frá kl. 13 – 17 á Hotel Centrum, Aðalstræti 16, Reykjavík.



Eignir frá 50.000 euro

Vinnur eftir ISO 9001 gæðastaðli

Selt eignir á Costa Blanca frá 1981

Tryggjum lágsta verðið

Fríar skoðunarferðir á Spáni

Óvæntur glaðningur fyrir kaupendur til 1. júlí 2017





Elsa Nielsen, grafiskur hönnuður og myndlistamaður. MYND/GVA



Einn íslenskur stóll á dag

Úrval íslenskra stóla frá liðnum áratugum verður til sýnis í Hönnunarsafni Íslands næsta mánuðinn ásamt teikningum Elsu Nielsen af hluta þeirra.

501 SKINNY KR.

13.990



Vörunúmer: 34268-0000
Í Danmörk kr 15.883*
Í Svíþjóð kr 13.680*

*skv. verðskrá levi.com og gengistöflu Íslandsbanka 16.03.17

LIVE IN **Levi's**®

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi

Í dag verður opnuð sýningin Stóll í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ þar sem fjöldi stóla eftir íslenska hönnuði verður til sýnis. Samhliða sýningunni mun Elsa Nielsen, grafiskur hönnuður og myndlistarmaður, sýna teikningar sínar af hluta stólanna undir heitinu #einnadag auk þess sem veggspjald og póstkort með teikningum hennar verða til sölu í safninu.

Það var Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafnsins, sem hafði samband við Elsu á síðasta ári eftir að hafa fylgst með #einnadag teikningunum hennar árið 2015. Þar skrásetti Elsa líf sitt með því að teikna eina mynd á dag úr lífi sínu og birta á Facebook og Instagram.

Upphaflega það hún Elsu um að teikna nokkra valda gripi úr safneigninni og varð stólasafnið fyrir valinu. Þá segist Elsa hafa komið með hugmyndina að teikna einn stól á dag í febrúar og leyfa þannig fólki að fylgjast með verkefninu fæðast. „Þannig fléttaðist skipulag sýningar þeirra og teikningarnar mínar svona skemmtilega saman. Í tilefni af HönnunarMars hóf ég leikinn á Safnanótt, þann 3. febrúar síðastliðinn, og teiknaði einn stól á dag í febrúar, #einnadag. Það var erfitt að velja stólana því það eru margir áhugaverðir stólar til á safninu. Starfsfólk safnsins valdi 28 stóla út frá hönnunarsögu og einnig með það í huga að sýna fjölbreytileikann í íslenskri hönnun. Stólarnir eru eftir jafn marga flotta ólíka hönnuði.“

Fræðandi verkefni

Veggspjaldið sem selt er í Hönnunarsafninu er í stærðinni 50x70 cm og einnig verður selt úrval gjafakorta með teikningum af íslenskum stólum. „Ágóði af sölu þessara vara rennur til uppbyggingar safnkosts safnsins, sem

felst í að kaupa íslenska hönnun af íslenskum hönnuðum.“

Elsa segir verkefnið hafa verið mjög skemmtileg og fræðandi. „Marga af þessum stólum þekkti ég fyrir, en það voru einnig nokkrir sem ég hef oft séð og ekki áttað mig á að væru íslensk hönnun. Það sem mér fannst samt standa upp úr er þegar Sóley vinkona mín sá teikninguna af stólum Sóley á Instagram undir #einnadag. Þá sagði hún mér að pabbi hennar, Valdimar Harðarson, hefði hannað hann á sínum tíma og nefnt stólinn í höfuðið á henni. Stórskemmtileg fróðleiksviðbót sem ég vissi ekki af. Stóllinn Sóley er eitt fára íslenskra húsgagna sem hefur náð vinsældum á alþjóðavísu og vakti mikla athygli þegar hann kom á markað árið 1984.“


Nýjar vörur á leiðinni

Myndaséria Elsu frá 2015, #einnadag, hefur heldur betur dregið dilk á eftir sér. „Ég fékk styrk frá Hönnunarsjóði til að efla vörulínu úr #einnadag teikningunum mínum og nú bið ég spennt eftir sýnishorni af sængurverasetti og fleiri servíettum. Þetta litla teikniverkefni sem hófst 1. janúar 2015 er því aldeilis búið að taka skemmtilega stefnu upp á við.“

Nú stýttist í HönnunarMars og ætlar Elsa að vera vakandi og næra sálina með fallettri hönnun og fróðleik að eigin sögn. „Svo er ég með í samsýningu á Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, en þar sýnum við nokkrir grafískir hönnuðir góðar tillögur sem var hafnað og litu aldrei dagsins ljós. Svo vonast ég til að samstarf mitt við Hönnunarsafni Íslands haldi

áfram og ég fái að teikna fleiri hluti úr sameign safnsins í framtíðinni.“

Sýningin Stóll verður opnuð í dag, laugardaginn 18. mars kl. 15, og stendur yfir til sunnudagsins 18. júní. Nánari upplýsingar má finna á www.honnunarsafni.is. Fylgjast má með teikningum Elsu á Instagram (@elsanielsen).





ICELANDAIR ÓSKAR EFTIR FLUGMÖNNUM TIL STARFA 2018 ICELANDAIR IS RECRUITING FIRST OFFICERS FOR 2018

Icelandair óskar eftir að ráða flugmenn til starfa. Í boði er áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Umsækjendur þurfa að hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun og hafa lokið bóklegu námi til réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks (ATPL) og námskeiði í áhafnasamstarfi (MCC).

Atvinnuflugmannsskírteini umsækjanda skal hafa verið gefið út af Samgöngustofu eða sambærilegri stofnun í öðru aðildarríki Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA).

Krafa er um 300 flugtíma að lágmarki, þar af 100 flugtíma reynslu sem flugstjóri. Umsækjendur með færri en 500 flugtíma þurfa að hafa lokið Jet Orientation Course (JOC).

Vegna fyrirsjáanlegra árstíðabundinna sveifla í umsvifum Icelandair er gert ráð fyrir að nýir flugmenn hefji störf vorið 2018 og starfi til hausts 2018.

Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi.

Með umsókn þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- Afrit af gildu atvinnuflugmannsskírteini ásamt áritunum
- Afrit af gildri blindflugsáritun á fjölhreyfla flugvél
- Afrit af gildu heilbrigðisvottorði
- Afrit af gildu vegabréfi
- Afrit af MCC skírteini
- Afrit af JOC skírteini
- Afrit af prófskírteinum ásamt einkunnum fyrir allt bóklegt flugnám
- Afrit af stúdentskírteini eða sambærilegum prófskírteinum ásamt einkunnum
- Afrit af síðustu 100 fartímum í flugdagbók
- Nýtt sakavottorð (ekki eldra en 30 daga)

Á umsókn skal vera sundurliðun flugtíma sem hér segir:

- Heildarfartími
- Fartími sem kennari
- Fartími í blindflugi
- Fartími sem flugstjóri
- Fartími á fjölhreyfla flugvél
- Fartími á fjölstjórnarflugvél (MPA)
- Fartími á þotu og skrúfuþotu

Icelandair is recruiting first officers. Interesting and challenging work in a good working environment where safety, reliability and quality practices are the guiding values.

Applicants must hold a valid EASA Flight Crew Licence with a valid instrument rating on multi-engine aircraft (ME/IR). Applicants must have passed the ATPL(A) theoretical knowledge examinations in accordance with Part-FCL and hold a certificate of satisfactory completion of an MCC course in aeroplanes.

Applicant's Flight Crew Licence must be issued by the Icelandic Transport Authority (ICETRA) or a comparable authority in an EASA member state, and conform with EASA requirements.

The minimum requirement is 300 flight hours, including 100 flight hours as PIC. Applicants with fewer than 500 flight hours must have completed a Jet Orientation Course (JOC).

Due to seasonal fluctuations in Icelandair activity, we expect new pilots to start operating spring 2018 and work until autumn 2018. The home base is Keflavik; duty periods start and finish at Keflavik.

Applicants must have completed a high school diploma (matriculation / university entrance examination) or a comparable education.

Applications must include the following material:

- Copy of valid EASA Flight Crew Licence and ratings
- Copy of valid instrument rating on multi-engine aircraft (ME/IR)
- Copy of valid health certificate
- Copy of valid passport
- Copy of MCC certificate
- Copy of JOC certificate
- Copy of examination certificates, including grades, for all Aviation Theory
- Copy of undergraduate certificate or other comparable certificate, including grades
- Copy of logbook, last 100 flight hours
- Certificate of No Criminal Record (not older than 30 days)

The application shall include a breakdown of flight time as follows:

- Total flight hours
- Flight hours as a teacher
- Flight hours IFR
- Flight hours as PIC
- Flight hours on multi-engine aircraft
- Flight hours on MPA
- Flight hours on jet and turboprop

Umsóknarfrestur:

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2017 vegna ráðninga fyrir fyrstu námskeið sem haldin verða sumarið 2017. Eftir þann tíma verður hægt að leggja inn umsóknir fyrir námskeið sem hefjast síðar og seinni tíma ráðningar.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á vef félagsins: www.icelandair.is/umsokn
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Fyrirspurnum svara:

Margrét Þórarinsdóttir, mannauðsstjóri áhafna | mth@icelandair.is
Hilmar B. Baldursson, flugrekstrarstjóri | hba@icelandair.is
P. Haukur Reynisson, yfirflugstjóri | thr.crew@icelandair.is

The application deadline is 31 March 2017, due to recruitment for training courses to be held in the summer of 2017. After that time, it will be possible to submit applications for courses starting later, autumn / winter 2017 / 2018.

Applications will only be accepted through the Icelandair website: www.icelandair.is/umsokn
Previous applications must be renewed.

For further information contact:

Margrét Þórarinsdóttir, Human Resources – Crew | mth@icelandair.is
Hilmar B. Baldursson, VP Flight Operations | hba@icelandair.is
P. Haukur Reynisson, Chief Pilot | thr.crew@icelandair.is





Okkur vantar fólk

Við leitum að metnaðarfullum og drifandi einstaklingum sem hafa brennandi áhuga á upplýsingatækni og eru með þjónustulundina í lagi. Verkefnum framundan eru fjölmörg og tækifærin spennandi.

Deildarstjóri stjórnendaupplýsinga

Viðkomandi mun fara fyrir hópi sérfræðinga í viðskiptagreind og bera ábyrgð á þróun, skipulagi verkefna, stefnumótun og öðrum spennandi verkefnum.

Fjárhagsráðgjafi með áherslu á áætlanagerð

Við leitum að aðila með góðan skilning og reynslu af áætlanagerð (beyond budgeting, rolling forecast) til að þjónusta viðskiptavinum Advania.

Verkefnastjórar

Okkur vantar útsjónarsama einstaklinga með reynslu af verkefnastjórnun til að halda utan um og stýra innleiðingar- og þróunarverkefnum fyrir lausnir Advania.

Ráðgjafi í NAV

Við leitum að aðila til að veita ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina okkar í Microsoft Dynamics NAV.

Hugbúnaðarsérfræðingur í Sharepoint

Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi í starf forritara í Sharepoint umhverfi Microsoft Office 365.

Kerfisstjóri í kerfis- og notendabjónustu

Okkur vantar kerfisstjóra til að sjá um daglegan UT rekstur viðskiptavina okkar. Meðal verkefna er almenn þjónusta, bilanagreining og rekstur upplýsingakerfa.

Sérfræðingur í viðskiptagreind

Við leitum að einstaklingi til að sinna ráðgjöf, þjónustu og þróun í viðskiptagreindarlausnum okkar, m.a. TSQL, Power BI og Targit.

SQL sérfræðingur

Við leitum að framúrskarandi einstaklingi til að sinna greiningum og rekstri í Microsoft SQL umhverfi Advania.

Sérfræðingur í rekstrarþjónustu

Viðkomandi mun sjá um rekstur Windows-þjóna innri kerfa Advania og hjá viðskiptavinum okkar. Starfið felur einnig í sér greiningu og úrlausn tæknilegra mála.

Kerfisstjóri í öryggis- og eftirlitsþjónustu

Við leitum að einstaklingi með mikinn áhuga á tækni og ríka þjónustulund í starf kerfisstjóra á vöktum í öryggis- og eftirlitsþjónustu.

Sérfræðingur í netkerfum

Við leitum að rétta aðilanum til að sjá um rekstur, ráðgjöf, hönnun og uppsetningu á stórum netkerfum, innan og utan gagnavera Advania.

Forritari á veflausnasviði

Óskum eftir að bæta við okkur duglegum og snjöllum hugbúnaðarsérfræðingi til að taka þátt í spennandi verkefnum á sviði vefforritunar.

Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2017

**Tekið er á móti umsóknum á www.advania.is/atvinna
Frekari upplýsingar veitir Sigrún Ósk Jakobsdóttir,
radningar@advania.is, 440 9000**

Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og svara lausnir fyrirtækisins þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutíminn sveigjanlegur. Ef þú leitar að spennandi verkefnum, góðu vinnuumhverfi og hressum vinnufélögum, þá finnur þú það hjá okkur. Við viljum nefnilega vera besti vinnustaður landsins!

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is



advania

Welcome to IT



Eyja- og Miklaholtshreppur auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra við Laugargerðisskóla

Þjört og rúmgóða 3ja herbergja íbúð í góðu fjölbýli á besta stað í Laugardalnum. Íbúðin er á fjórðu hæð með frábæru útsýni og sjávarsýn. Laugardalslaug og World Class Laugar er í göngufæri frá húsinu auk þess er Kaffi Laugalækur, verslun 10/11, Frú Lauga, bakarí og ísbúð við götuna. Stutt er í leik- og grunnskóla og húsdýragarðurinn er í næsta nágrenni.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is



Við seljum fasteignir fyrir þig



Hafðu samband og við fylgjum þér alla leið

Vigdís R.S. Helgadóttir Löggiltur fasteignasali 414 4700 vigdis@remax.is
Guðrún Þ. Helgadóttir Sölufulltrúi 820 0490 gudrun@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 414 4700 - www.remax.is

Breiðavík 8
112 Reykjavík
Rúmgóð og björt eign.

Stærð: 101,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1999
Fasteignamat: 32.150.000



Sunnudaginn 19 mars 13:30 til 14:00 Verð: 38.900.000

Opið Hús

Remax Fjörður kynnir: Rúmgóða og bjarta 4ja herbergja endaiðú á þriðju hæð skráða samkvæmt FMR 101.6 FMR og þar af geymsla 7.4 fm.
Nánari lýsing: Komið inn í flisalagt anddyri með fataskáp. Tvo rúmgóð barnaherbergi með parketi á gólf og bæði með fataskáp. Rúmgott hjónaherbergi með fataskáp og parketi á gólf. Baðherbergi með flisum í hólf og gólf, baðinnrétting og sturt. Þvottahús innan íbúðar með flisum á gólf. Stofa og borðstofa í opnu rími með parketi á gólf, útgengi úr stofu á stórar flisalagða svalir. Eldhúsið er opið og bjart með góðu skáplássi og tengi fyrir uppþvottavél. Sameiginleg vagna og hjólageymsla ásamt sérgeymslu á jarðhæð. Stutt í alla þjónustu svo sem skóla og leikskóla.
Allar nánari upplis gefur Páll Guðmundsson lögg.fasteignasali í síma 861-9300 eða pallb@remax.is

Páll Guðmunds Lögg. fasteignasali 861-9300 pallb@remax.is

Fjóluhvammur 11
220 Hafnarfjörður
Glæsilegt einbýlishús með aukaíbúð

Stærð: 325,3 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1981
Fasteignamat: 72.300.000
Bílskúr: Já



Opið hús nk. sunnudag frá kl.16:30-17:00 Verð: 91.900.000

Opið hús nk. sunnudag frá kl.16:30-17:00


Verið velkominn í opið hús að Fjóluhvamm 11 nk. sunnudag frá kl.16:30-17:00.
Glæsilegt og vel við haldið 325,3 fm einbýlishús með einstöku útsýni við Fjóluhvamm 11 í Hafnarfirði með séríbúð á neðri hæð, gefur möguleika á útleiguingu. Eign á fallegum stað sem býður upp á mikla möguleika, sjón er sögu ríkari.
Efri hæð: Fjögur svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrtling, eldhús, sjónvarpsrími, borðstofa, stofa með fallegu útsýni, arinstofa, þvottahús, eldhús með borðkrók og geymsla innaf forstofu. Aðgengi er úr sjónvarpsrími upp á rúmgott háloft með fallegu útsýni. Neðri hæð: tvö svefnherbergi, stofa, baðherbergi og rúmgott eldhús, sér inngangur. Einnig er hægt að hafa opið á milli hæða.
Glæsileg eign með einstöku útsýni á fallegum stað í firðinum fagra.
Allar nánari upplýsingar veitir Guðrún sölufulltrúi í síma 8200-490 eða á netf. gudrun@remax.is.

Guðrún Þ. Helgadóttir Sölufulltrúi (í) 8200490 gudrun@remax.is
Vigdís Lögg. fasteignasali 414-4700 vigdis@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Hörðurkór 5
203 Kópavogur
Stórglæsileg eign

Stærð: 196,3 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2006
Fasteignamat: 57.600.000



Sunnudaginn 19 mars 15:00 til 15:30 Verð: 74.900.000

Opið Hús

Remax Fjörður Kynnir: Sérlega glæsilega penthouse íbúð við Hörðurkór 5 skráð samkvæmt FMR 196,3 fm á tveimur hæðum með stórkostlegu útsýni á þessum eftirsóttu stað í Kópavogi.
Nánari lýsing: Komið inn í rúmgóða forstofu með flisum á gólf. Inn af forstofu er rúmgott og bjart svefnherbergi með parketi á gólf. Annað minna svefnherbergi með parketi á gólf. Þvottahús með flisum á gólf og skolvaski. Baðherbergi með flisum í hólf og gólf baðinnrétting, sturtu og baðkar. Opið og bjart eldhús með góðu skáplássi. Ofn í vinnuhæð og tengi fyrir uppþvottavél. Úr eldhúsi er opið inn í bjarta stofu og borðstofu með oborganlegu útsýni og útgengi á suður svalir. Á efri hæð eignar er sérlega rúmgóð og björt stofa með parketi á gólf og mikilli lofthæð og oborganlegu útsýni, útgengi á suðursvalir úr stofu. Rúmgott og bjart baðherbergi með hornbaðkari og flisum í hólf og gólf ásamt baðinnréttingu. Rúmgott og bjart hjónaherbergi með parketi á gólfum og inn af því er rúmgott fataherbergi. Sér staði í tilgeymslu og í sameign er sér geymsla ásamt sameiginlegri vagna og hjólageymslu. Allar nánari upplis gefur Páll Guðmundsson

Páll Guðmunds Lögg. fasteignasali 861-9300 pallb@remax.is

Vallakór 2c
203 Kópavogur
Rúmgóð 3ja herbergja íbúð

Stærð: 123,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2014
Fasteignamat: 40.000.000



Opið hús á mánud. 20 mars kl. 18.00-18.30 Verð: 44.900.000

Opið hús á mánud. 20 mars kl. 18.00-18.30

endaibúð á 1. hæð í lyftuhúsi við Vallakór í Kópavogi. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í sameign. Íbúðin sjálf skiptist í forstofu, opið alrími með eldhúsi og opnum stofum, 2 góð svefnherbergi, fataherbergi, rúmgott baðherbergi og þvottahús innan íbúðarinnar. Komið er inn í flisalagða forstofu með fataskápum. Stofa, borðstofa og eldhús eru í opnu alrími með gluggum mót austri og suðri með útsýni yfir Elliðaavatnið og til fjalla. Eldhús er með hvítri innréttingu, granít á borðplötum og flisum milli skápa, tengi er fyrir uppþvottavél og gott skápa og brorðpláss. Innan eldhús er þvottahús, flisalagt með innréttingu og glugga með opnanlegu fagi. Stofan er opin og björt og rúmar vel bæði setustofu og borðstofu. Út úr stofu er gengið út á stórar svalir (23,9fm) Svefnherbergin eru tvö, rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi. Barnaherbergi með skáp. Baðherbergið er flisalagt með innréttingu með granitborðplötu, upphengt salerni og bæði sturtuklefi og baðkar. Gólfefni: Parket er á stofum, eldhúsi, gangi og herbergjum, flisar á baðherbergi, forstofu og þvottahúsi


Gunnar Sverrir Sölufulltrúi 8622001 gunnar@remax.is
Ástþór Reynir Lögg. fasteignasali 899 6753 arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is



BANKASTRÆTI 11, 101 REYKJAVÍK

Rúmgóð og björt 6 herb. hæð á besta stað í miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin er 183,2 fm. þar af er sérgæmsla í kjallara 7,1 fm. Mikil lofthæð er í íbúðinni. Glæsileg eign sem býður upp á mikla möguleika í hjarta miðborgarinnar. **Verð 165 millj.**



LAUGAVEGUR 144, 105 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 22. MARS KL. 17:00-17:30


Góð 80,3 fm 3ja herbergja íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Skemmtileg eign sem var upphaflega tvær íbúðir og býður upp á ýmsa möguleika. Mikil uppbygging í vændum á svæðinu við Hlemm. **Verð: 37,9 millj.**



SÓLVALLAGATA 37, 107 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 21. MARS KL. 17:30-18:00

Priggja herbergja 68,2 fm. íbúð á besta stað í Vesturbænum. Eignin er á þriðju hæð/efstu en herbergin eru að hluta til undir súð þannig að gólfötur er aðeins stærri. Gott útsýni og frábær staðsetning. **Verð: 34,9 millj.**



REYKÁS 31, 110 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 22. MARS KL. 17:30-18:00

Um er að ræða bjarta og fallega 2-3 herb. 82,7fm. íbúð á jarðhæð. Eignin er mikið endurnýjuð og með miklu útsýni yfir Rauðvatn og Bláfjöll á eftirsóttum stað í Seláshverfi. Útgengt er út í garð af svölum íbúðarinnar. Þvottahús innan íbúðar. Gæmsla íbúðar á sömu hæð. Snyrtileg sameign. **Verð 34,9 millj.**



LAUFÁSVEGUR 79, 101 REYKJAVÍK

Glæsilegt 372 fm. hús við Laufásveg 79 í miðbæ Reykjavíkur.

Í þessu húsi eru tvær íbúðir í dag auk kjallara þar sem leigð eru út herbergi. Þetta hús gefur mikla möguleika sem einbýli eða tvíbýli. Búið er að gera úttekt á ástandi hússins og er hluti af söluþingliti eignarinnar. **Verð: 147 millj.**



TRAUSTI

fasteignasala

Trausti fasteignasala
Vegmúla 4 • 108 Reykjavík
trausti@trausti.is
s.546-5050



VIÐ ERUM TRAUSTI



Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali,
löggiltur leigumíðari.
S: 867-3040



**Bergþóra Heiða
Guðmundsdóttir**
Lögræðingur - löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja-
og skipasali.
S: 779-1929



**Guðbjörg G.
Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr.,
lögg. fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali,
leigumíðari.
S: 899-5949



Hákon Guðmundsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala.
Sími: 861-9240



Einar P. Pálsson
löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392



**Guðbjörg
Matthíasdóttir.**
hdl. Sölufultrúi.
Er í námi til löggildingar
fasteigna-, fyrirtækja-
og skipasölu.
S: 899-3984



Sólveig Regína Biard
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími: 869-4879



**Bryndis Bára
Eyjólfssdóttir**
Sölufultrúi.
Er í námi til löggildingar
fasteigna-, fyrirtækja-
og skipasölu.
S: 616-8985



Bára Danielsdóttir
Skrifstofustjóri
693-1837



Gylfi Jens Gylfason
hdl., löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali.
Sími: 822-5124



Garðar Kjartansson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími: 853-9779

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BÍLAMARKAÐURINN



EKINN 12.ÞÚS

M.BENZ E 220 bluetec 4matic cdi (082). Árgerð 2015, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.980.000. Rnr.223978. er a staðnum á BÍLAMARKAÐNUM KÓPAVOGI 5671800



TILBOÐ 4,290,ÞÚS.

HONDA Cr-v. Árgerð 2016, ekinn 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 4.290.000. Rnr.109541. er á staðnum á BÍLAMARKAÐNUM KÓPAVOGI 5671800



TILBOÐ 3,120,ÞÚS STG

RENAULT Kadjar awd. Árgerð 2016, ekinn 46 Þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 3.120.000. Rnr.224032. er á staðnum á BÍLAMARKAÐNUM KÓPAVOGI 5671800



TILBOÐ 1,190,ÞÚS STG

BMW X3 2.0tdi. Árgerð 2005, ekinn 218 Þ.KM, dísel, 6 girar. leður, TILBOÐ 1.190.000. Rnr.223255. er á staðnum á BÍLAMARKAÐNUM KÓPAVOGI, 5671800

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



AUDI A3 SPORTBACK E-TRON nýskr. 02/2016, ekinn aðeins 7 Þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Vel búinn sýningarbilli! Verð 4.990.000 kr. Skipti skoðuð! Raðnr.255804 á BÍLO.IS



M.BENZ CLA 180 AMG Árg. 2016, ekinn 30 Þ.km, bensín, sjálfskiptur (7 girar). Griðarlega flottur! TILBOÐSVERÐ 5.490.000 kr. Raðnr. 255798 á BÍLO.IS

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is



MAZDA 6 s/d optimum. Árgerð 2015, ekinn aðeins 13 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. Verð 4.490.000. Umboðsbill Rnr.212076.



VOLVO Xc60 r-design awd. Árgerð 2013, ekinn aðeins 45 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 5.490.000. umboðsbill og 1 eigandi Rnr.340430.



TOYOTA Hilux double cab sr d/c. Árgerð 2006, ekinn 176 Þ.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.212121.



GMC Sierra denali 3500hd nýja vélin. Árgerð 2017. Nýr dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 8.850.000. Rnr.211296.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



SUZUMAR gúmmibátar. Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



HONDA CR-V I-V-TEC 150 HÖ nýskr. 03/2004, ekinn aðeins 130 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. EINN EIGANDI! Verð 1.150.000 kr. Raðnr. 256179 á BÍLO.IS



M.BENZ E 280 cdi nýskr. 06/2007, ekinn 171 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður, einn eigandi TILBOÐSVERÐ 1.990.000 kr. Raðnr. 256071 á BÍLO.IS



Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



VW Passat comfortline. Árgerð 2012, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. Verð 2.650.000. Rnr.115550.



Toyota Hilux 2008, ekinn 155þ, sjálfskiptur, bakkskynjari, 33" breyttur stærri vélin. Mjög vel með farinn. Ásett verð 3.250þ. Sími 897 7983
Allar þjónustuskoðanir og viðhald hjá Toyota. Bíllinn er staðsettur í Kaupþúni.

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2

Sími 5773777

www.bill.is



SUZUKI Grand vitara.

Verð: 790.000

Árgerð: 2008 : Bensín
Ekinn: 237þ.km. : Sjálfskiptur

Rnr.106145.



YAMAHA Xvs v-star.

Verð: 690.000

Árgerð: 2003 : Bensín
Ekinn: 18þ.míllur : Beinskiptur

Rnr.270313.



TOYOTA Land cruiser 120 vx.

Verð: 2.990.000

Árgerð: 2006 : Dísel
Ekinn: 260þ.km. : Sjálfskiptur

Rnr.270408.



OPEL Antara

Verð: 1.990.000

Árgerð: 2009 : Dísel
Ekinn: 126þ.km. : Sjálfskiptur

Rnr.270394.



SKODA Octavia ambiente combi

Verð: 1.090.000

Árgerð: 2006 : Bensín
Ekinn: 77þ.km. : Sjálfskiptur

Rnr.270374.



SUZUKI Grand vitara prem-n

Verð: 2.490.000

Árgerð: 2014 : Bensín
Ekinn: 113þ.km. : 5 girar

Rnr.302063.

AFMÆLISTILBOÐ HJÁ *Curvy.is*

Við fögnum 6 ára afmæli okkar og bjóðum því uppá 30% afslátt af völdum vörum



VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Við erum á Snap chat - Curvy.is

VERSLUNIN CURVY - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Frönsk verðlaunaleikkona

Isabelle Huppert vakti heimsathygli þegar hún hlaut Golden Globe verðlaunin og var tilnefnd til Óskarsins fyrir hlutverk sitt í myndinni Elle.

Isabelle Huppert er á toppi ferils síns en hún varð 62 ára í vikunni. Hún hefur starfað sem leikkona allt frá unglingsaldri og hlaut fyrstu BAFTA-verðlaun sín 23 ára gömul fyrir myndina The Lacemaker eða La Dentellière. Síðan þá hefur hún sankað að sér hinum ýmsu verðlaunum. Hún hefur til dæmis 16 sinnum verið tilnefnd til César-verðlaunanna og er ein af aðeins fjórum konum sem hafa tvisvar hlotið nafnbótina besta leikkonan á Cannes-kvikmyndahátíðinni.

Hún hefur mest starfað í Frakklandi en hefur einnig unnið við fjölmargar alþjóðlegar kvikmyndir. Meðal enskumælandi




mynda má nefna Heaven's Gate (1980), I Heart Huckabees (2004), The Disappearance of Eleanor Rigby (2013) og Louder Than Bombs (2015).

Nýjasta afrek hennar er frammistaðan í frönsku myndinni Elle en fyrir hana hlaut hún meðal annars Golden Globe-verðlaun og var tilnefnd til Óskarsverðlauna. Huppert þykir ekki aðeins taka sig vel út á hvíta tjaldinu, hún þykir ekki síðri á rauða dreglinum eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Í rauðum kjól í Óskarsverðlaunapartíi Vanity Fair og í fallegum drapplitum kjól á BAFTA-verðlaunahátíðinni.



Glæsileg á Óskarsverðlaunahátíðinni (t.v.) og töff á tiskuvíkunni í Paris (t.h.).



Flott á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Santa Barbara í febrúar.

HEIMILI OG SKÓLI ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL FORELDRAVERÐLAUNA 2017

Tilnefningar sendist með því að fylla út rafrænt eyðublað á heimiliogskoli.is. Hægt er að tilnefna til Foreldraverðlauna en einnig má tilnefna dugnaðarfork Heimilis og skóla. Síðasti skiladagur tilnefninga er **9. apríl 2017**.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SUBURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS

OPIÐ HÚS Í MK

Miðvikudag 22. mars

Kl. 16.30-18.30



Menntaskólinn í Kópavogi

Þekking - þroski - þróun - þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel- og matvælagskólinn
Ferðamálastólur og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is

Alþjóðabraut
Félagsgreinabraut
Opin braut
Raungreinabraut
Viðskiptabraut
Framhaldsskólabraut
Starfsbraut fyrir einhverfa
Bakstur - bakari
Framreiðsla -þjónn
Kjötið - kjötiðnaðarmaður
Matreiðsla - kokkur
Grunndeild matvæla- og ferðagreina

Ferðamála- og leiðsögunám
Matsveina- og matartæknunám
Meistarunám í matvælagreinum

Hjartað slær í MK



Kynntu þér málið á www.mk.is og á facebooksíðu skólans

Vinnuvélar

Nú er tíminn!

Nú er rétti tíminn til að huga að golfbílakaupum.



ClubCar

Vinnuvélar- tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuveilar@vinnuveilar.is
www.vinnuveilar.is

LITLA bílaskoðun
www.litla.is 587 7777



BMW X5 Xdrive. Árgæð 2014, Ekinn 41 þ.KM, Dísel, Sjálfskiptur Verð 7.950.000. Rnr.118709.



TOYOTA Land Cruiser 120 lx 35". Árgæð 2008, ekinn 212 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.980.000. Rnr.118589.



MAZDA 6 h/b t. Árgæð 2006, Ekinn 149 þ.KM, Bensín, Sjálfskiptur Verð 790.000. Rnr.221981

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
Opíð á laugardögum 12-15
www.litla.is

Bílar til sölu



GULLMOLI TIL SÖLU!
Land Rover Discovery 4 SE árg. 2011. Ekinn 75.000 km. Ásett verð 7.790.000 kr. Tilboð 7.490.000 kr. Sími 897-9266



NÝR VW PASSAT GTE
5 ára ábyrgð. Digit. mælaborð, stóri skjárin, krókur o.m.fl. Bill.is s: 5773777. 5,39m



M benz. Dísel. 2010 árg. 1.900.000. Ekinn 180þ.km. Heilsársdekk. Ekkert áhvilandi. Uppl. í síma: 7817200



BMW 330E LUXURY LINE
02/16. e. 12þ. Plug-in hybrid. Sem nýr hlaðinn búnaði. Bill.is s: 5773777. 5,49m



Toyota Rav4 2006 til sölu sjálfskiptur og skráður í apríl, ek. 157.500 km. Einn eigandi. Bilnum fylgir þjónustubók og hefur alltaf verið reglulega smúður. Dráttarkrökur. Nýleg dekk og bremsur nýlega yfirfarnar. Skoðaður 2018 Bein sala. Verð 1.400.000 kr. Uppl. í s. 698-4464



VW Polo Comfortline. Vel með farinn og lítið keyrður. Ástandsskoðaður og nýskoðaður. Ekinn 104þ. Er á neglidum og sumardekk fylgja. Eyðir litlu Áhvilandi 580 þús / ca. 10 þús á mán Verð 840.000. Uppl. í s. 6952468 eða 8987953



7 MANNA FERÐA-OG FJÓLSK. BÍLL 4X4
Starex '06, ek 183þ.sk.'17, breyttur Krökur, spilbiti, brettak., þakst., stigbr. Tengdó, mikið endurn. Tilb. 1600 þús Uppl. í síma 8982608 og 8982821

Til sölu Suzuki Grand Vitara leðurklæddur með toppplúgu, árg 2010, í toppstandi, sko 2018. Gott verð. Uppl. í s. 893 4530

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Bergfínnur ehf. Bilaviðgerðir, sérgrein, bremsuviðgerðir. Sími 892 7852 Sævar.

Bátar



Til sölu SÓMI, lengd 5,70, með 100 hp mótör. Árgæð 2006. Notkun 192 klst. Bátur í toppstandi. Verðhugmynd 2,9 millj. Nánari upplýsingar í s. 891-9181, Ómar

Hjólhýsi



HOBBY HJÓLHÝSI 2017

STÓRSPARNADUR!
Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir voríð beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:
kriben@simnet.is
s. 863 4449

Vinnuvélar



Zetor 7341 Turbo '98. Ný skófla, 215cm á breidd og margt endurnýjað. Alltaf má gott bæta. Verð 1.900.000. Uppl í s. 8942905



Smiðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algjuggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppi ný. Vaka s. 5676700

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069

Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Bókhald

FRAMTAL 2017

Framtöl einstaklinga, verktaka

og rekstraraðila.

Góð og traust þjónusta.

Vönduð vinna.

FRAMTALSPJÓNUSTAN, Ármúla 19.

Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Húsaviðhald



VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Gott Viðhald
Húsasmiðameistari
S. 771 6050
Nýsmíði, viðhald, sumarhús og gipsvinna.
gottvidhald@gmail.com

SMÍÐSKRAFTUR EHF.
NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagningar og allt almennt viðhald.
Uppl. í s. 663 3944 Ingi
smidskraftur@gmail.com

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skílar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Parketslípun
sólþallaslípun | parketlagningar
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólf list
Parketlagningar og viðhald
99% RYKFRITT

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Málalarar
Málameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkar ehf

Búslóðaflutningar
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

FERMING 2017
Fjölbreytt úrval af glæsilegum vörum til að skreyta fyrir ferminguna.
Föndurlist Vaxandi
www.facebook.com/fondurlist
Föndurlist-Vaxandi, Strandgötu 75, Hafnarfirði
Gestabækur • kerti
• borðar og renningar
• skartgripir o.fl.

LOK Á HEITA POTTA
Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

vélastilling
Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is
Ahliða bílaverkstæði

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Stjórnljós- Heilun og Spá. Símaspá
og tímapantanir í s. 844 1596

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti.
Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta



Parket/sólpallaslípun/
parketvélaeiga um allt land. www.
parketslipunmeisterans.is -7817200
í Reykjavík og Akureyri.

Keypt
& Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Hljóðfæri



Harmonikur og
harmonikkugeislaskar í úrvali.
Tökum harmonikkur í umboðssölu.
Harmonikur frá 35 þús. Pokar og
ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610
& 660 1648.

Vélar og verkfæri



Til leigu bygginakrani,
sjálfreisanlegur H:25/L:35. Er á dollí,
þæginlegur í flutningi og tekur
30min að reisa. S:8925309

GEFÐU
HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

Skólar &
Námskeið

Námskeið

ICELANDIC F. FOREIGNERS -
ENSKA - ENGLISH

ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III.
ENSKA f. Fullorðna I,II, ENGLISH f.
Adults: Byrja/Start: 3/4, 1/5, 29/5,
26/6, 21/8, 11/9: Morgna/Síðd/
Kvölds - Morn/Aftern/Evening. 4
vikur/weeks x 5 daga/days. 2 - 5
nem/students - www.iceschool.is
- ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-
IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 /
8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við
endurtökupróf og akstursmat.
S. 893 1560 og 587 0102, Páll
Andrússon.

Heimilið

Dýrahald



Húsnæði

Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í 111 inni 4ja herb.
íbúð. Leiga 90 þús allt innifalið. S.
699 0555

Til leigu 106m2 íbúð í pnr.108.
Þrjú svefnherbergi. Leigist aðeins
til fyrirtækja, 6mán. í senn. Laus.
Leiga 300þkr, hússj. innifalinn.
einstaklingsíbúð107@gmail.com

Til skammtímaleigu er 3ja herb,
íbúð í Vestmannaeyjum til leigu í
sumar. Rúm fyrir 5 manns. S. 895
8582

Húsnæði óskast

LEIGUÍBÚÐ/HERBERGI
ÓSKAST

Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu
þjóðanna vantar til leigu 3-4
herbergja íbúð eða herbergi á
höfuðborgarsvæðinu. Íbúðin
þarf að vera búin nauðsynlegum
húsgögnum og heimilistækjum.
Herbergin þurfa að vera búin
húsgögnum og bjóða upp á
aðgang að tækjum til þrifa, þvotta
og eldunar. Leigutími er frá 23.
apríl til 15. október 2017. Nánari
upplýsingar í s:5696069 / thi@
os.is.

Reyklaus maður í fastri vinnu óskar
eftir að leigja stúdíó íbúð, litla íbúð
eða herbergi í Reykjavík. Netfang:
algis45@gmail.com S: 7829913

Atvinnuhúsnæði

GLÆSILEGT VERSLUNAR-
OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI
(TÖLVULAGNIR)

Til leigu í Askalind 4 Kópavogi. 80
m2 bjartur salur með gluggum
í norður og suður. Auklega 20
fermetra milliloft/geymsla.
Laust fljótlega. Upplýsingar í
GSM 896-4494

TIL LEIGU 50 M2

Gott atvinnubíll í Steinhelli með 4
m lofthæð. Nýtt og snyrtilegt. Fyrir
rólega starfsemi. S: 770-0111

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.
geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

PRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ

Röskur, stundvís og heilsuhausur
starfskraftur óskast til vinnu
við þrif og aðstoð í bakarí og
önnur tilfallandi störf í Kópavogi.
Vinnutími alla virka daga frá kl.
9-17 þarf að hafa bílpróf.

Áhugasamir sendi umsókn og/
eða ferilskrá á: kokuhornid@
kokuhornid.is

kvosin
FRÉSKT OG FLJÓTT

Verslunin Kvosin óskar eftir
ábyrgum og samvirksum
einstakling aðra hvora helgi.
Einungis 18 ára og eldri koma til
greina. Reynsla af afgreiðslustörfum
æskileg. Vinsamlegast
sendið ferilskrá og uppl. um
meðmælendur á telma@kvosin.is

VERKSTÆÐISMAÐUR

Óskum eftir að ráða vélvirkja eða
bifvélavirkja
til starfa á verkstæði, til að
sinna viðgerðum og viðhaldi á
verkstæði okkar í Garðabæ.
Í boði er vinna á vel búnu
verkstæði

Fæði á staðnum og heimkeyrsla á
höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar veitir Robert
Andersen á staðnum eða í síma.
8919669

robert@loftorka.com

Loftorka Reykjavík ehf.

TRADEX EHF. EYRARTRÖÐ
11, HAFNARFIRÐI

óskar að ráða nú þegar stundvíst
og duglegt fólk til starfa við
framleiðslu og þökkun á harðfiski.
Dagvinnutími er frá kl. 07:00 -
15:00. Upplýsingar veitir Brynjar
framleiðslustjóri í s. 693 0206.

Umsóknir með yfirliti yfir fyrri
störf og meðmælendur má
senda í tölvupósti á tradex@
tradex.is eða afhenda á
staðnum.

NONNABITI

Starfskraftur óskast til starfa á
Nonnabita, fullt starf/hlutastarf.
Umsóknir sendist á nonnabiti@
nonnabiti.is eða S. 699 1095
Elmar

Atvinna óskast

PROVENTUS
STARFSMANNABJÓNUSTA

Útvegum starfsmenn til
fjölbreytilegra

starfa um lengri eða skemmri
tíma.

Nánari upplýsingar í síma 551
5000 eða

sendið fyrirspurn á netfangið
proventus@proventus.is

Viðskiptatækifæri

TIL SÖLU LÍTL BÍLALEIGA

Tvær heimasíður - tvöföld
markaðssetning. Bara rekstur - engir
bilar fylgja. Góður stökkpallur inn á
ört vaxandi markað. Auðveld kaup
og gott tækifæri. V: 7,9 m. Uppl. í S:
770-0111

Stangveiðimenn/konur athugið

Námskeið í flugkústum hefst sunnudaginn 19. mars
í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, kl. 20:00.

Kennt verður 19 og 26 mars, 2 og 9 apríl

Námskeiðin eru þessir fjórir sunnudagar.
Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu.
Mætið tímanlega, munið eftir inniskóm.

Verð 16.000 kr enn 14.000 kr til félagsmanna.

Uppl. í s. 894 2865 Gísli & 896 7085 Svavar. KKR, SVFR & SVH



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir
einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,
Ártúnsholt / Árbær.

Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
sendtohelgi@gmail.com

Langar þig að vinna
á líflegum vinnustað?

N1 Staðarskála leitar að þjónustuliprum og
áreiðanlegum vaktstjóra til starfa. Um er að ræða
fullt starf í vaktavinnu.

Helstu verkefni

- Almenn afgreiðsla
- Stjórnun starfsmanna á vakt
- Vaktauppgjör
- Pantanir
- Önnur tilfallandi verkefni á
stöðinni

Hæfniskröfur

- Almenn þekking á verslun og
þjónustu
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegum
störfum er kostur
- 25 ára eða eldri.

Nánari upplýsingar veitir Einar Rúnar Ísfrjörð
í síma 440-1335 eða einar@n1.is.

Öll aðstaða í Staðarskála er fyrsta flokks og boðið er upp á húsnæði.

Höfum einnig opnað fyrir umsóknir vegna sumarstarfa.

Áhugasamir sækji um á www.n1.is – merkt staðarskáli/sumarstörf

Langar þig að vinna
á fjörugum vinnustað?

Við leitum að þjónustufóðu fólki í afgreiðslu og
önnur tilfallandi störf á þjónustustöðvar okkar
á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum.

Viðkomandi þurfa að vera liprir í mannlegum
samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.
Reynsla af þjónustustörfum er kostur.

Áhugasamir sækji um á www.n1.is
– merkt framtíðarstörf.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum
til að sækja um starfið.



Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

HAPPY HOUR
alla föstudaga
16-19

Leikir helgarinnar:

Laugardaginn 18. mars
12:20 W.B. Albion - Arsenal
21:00 UFC Fight Night í London:
GUNNAR NELSON vs Jouban

Sunnudaginn 19. mars
11:50 Middlesbrough - Man.United
16:30 Man. City - Liverpool

Hljómssveitin TRAP Rúnar Þór,
Ásgeir, Reynir, Örn og Diddi spila um helgina,
föstudag 23-02 (opið til 03) og laugardag 00-03

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

**STÆRSTI
MATARMARKAÐUR
LANDSINS, Í HÖRPU
18. & 19. MARS
KL. 11-17
AÐGANGUR ÓKEYPIS**

Gísli Matthías Auðunsson
matreislumaður á Slippnum
bakar, bræðir og býður
íslenskar **gulrætur**.

Ólafur Örn Ólafsson
sjónvarps-matar-maður
verður með spurningarkeppni
kl. 17.17 á laugardag.



LEIKVANGURINN

Draumurinn rættist í rifnum takkaskóm

Saga **Sadio Mané**, leikmanns Liverpool, er eins og góð lygasaga. Mané er einn allra besta framherji enska boltans um þessar mundir. Hinn 24 ára Senegali hefur þurft að hafa fyrir hlutunum á leið sinni frá götum Senegal að býlaborginni Liverpool.

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Sadio Mané er alinn upp í borginni Sedhiou í Senegal þar sem hann lærði fótamennt sína með heimatilbúnum fótbolta á götunum. Tveggja til þriggja ára var hann kominn með boltann á fæturna og sparkaði. Ekkert annað komst að. Þegar hann var aðeins 15 ára flutti hann að heiman til að elta draum sinn, fór til höfuðborgarinnar Dakar til að reyna að komast á samning.

Mané var ekki einn um plássin og þegar leikmönnum var skipt í lið gekk eldri maður að honum, horfði á útganginn og takkaskóna, sagði að hann hlyti að vera á vitlausum stað glotti út í annað. „Hvernig heldurðu að þú getir spilað heilan fótboltaleik í þessum skóm? spurði hann mig,“ rifjaði Mané upp í viðtali fyrir skömmu við blaðið 4-4-2. Skórnir voru gamlir, rifnir og illa farnir. En eins og Kalli í knattspyrnu, sem spilaði í gömlu skónum hans Hemma Gunn og var samt langbestur, þá var Mané ekki lengi að heilla þjálfara og aðra sem voru á staðnum. „Ég var meira að segja í eldgömlum stuttbuxum líka. En ég sagði þessum manni að mig langaði að sýna mig og sanna. Þegar leikurinn byrjaði þá þurrkaðist glottidi af honum. Eftir leikinn gekk maðurinn til mín og valdi mig í akademíuna í Generation Foot,“ segir Mané en akademían hefur komið að þjálfun Diafro Sakho og Papiss Cissé.

Fjölskylda Mané hefur ekki mikinn áhuga á fótbolta og vildi annað hlutskipti fyrir hann. „Þegar þau sáu að ég elskaði fótbolta og hjarta mitt var í íþróttinni leyfðu þau mér að fara til Dakar. Síðan þau áttuðu sig á því að það komst ekkert annað að hafa þau hjálpað mér mikið.“

Í Dakar bjó hann hjá frænda sínum sem hann hafði aldrei séð og þekkti ekki neitt. Þar bjó hann þangað til hann var seldur til Metz í Frakklandi árið 2011. Í hvert

sinn sem hann stígur inn á völlinn vill hann þakka fyrir sig því hann veit að stórfjölskyldan fylgist með.

Þrátt fyrir aðeins tvö mörk í 22 leikjum með franska liðinu var hann valinn til að spila með Senegal á Ólympíuleikunum í London árið 2012. Á einum leiknum fékk sér sæti Jürgen nokkur Klopp sem þá stýrði Dortmund. Hann hreifst af pilti og reyndi að kaupa hann til liðsins, oftar en einu sinni. En Mané var seldur til Salzburg og þar reimaði hann á sig markaskóna. Mörkin fóru að hrúgast inn og 2014 buðu Southampton, Dortmund og Spartak Moskva öll í hann. Salzburg tók tilboði Southampton en Mané hitti Klopp og vildi ólmur fara til Dortmund. Það gekk ekki eftir.

Hjá Southampton komu mörkin á færibandi og skoraði hann meðal annars sneggstu þrennu í sögu enska boltans. Þrennan kom gegn Aston Villa á aðeins fjórum mínútum og 33 sekúndum.

Þegar tækifærið kom fyrir tímabilið að kaupa Mané var Klopp fljótastur af stað og stangi Mané sig gæti hann orðið dýrasti leikmaður í sögu Liverpool, met sem Andy Carroll á í dag. Verðmiðinn gæti endað í 36 milljónum punda eða 4,8 milljörðum króna.

„Það var smá svekkelsi að komast ekki til Dortmund á sínum tíma en ég sagði við sjálfan mig að halda áfram að æfa vel og þá kæmi eitthvað gott upp í hendur mínar. Ég fór til Southampton og bætti mig sem leikmaður. Klopp vildi mig aftur og nú er ég heppinn að vera hér hjá Liverpool að vinna með honum.“

Mané viðurkennir að hann sakni heimahaganna þótt hann kvarti ekki. „Ég sakna fjölskyldu minnar gríðarlega. En ég vildi verða fótboltamaður og vildi ekkert annað. Það var erfitt að yfirgefa það sem ég þekkti þegar ég var svona ungur og margir sem ég ólst upp með og eru frábærir leikmenn fengu aldrei þetta tækifæri sem ég fékk. Ég vissi að erfið reynsla myndi gera mér gott og hér er ég nú og lifi drauminn sem mig dreymdi alltaf.“

Mané skrifaði undir fimm ára samning við Liverpool og hefur þegar unnið hug og hjörtu stuðningsmanna félagsins. Með hann, Coutinho, Firmino, Lallana og fleiri góða inni á vellinum og Klopp utan vallar þá er aldrei að vita nema nýtt gullaldartímabil Liverpool sé að renna upp.

Prófillinn

Fæddur: 10. apríl 1992

Hæð: 175 sm

Þyngd: 69 kg

Félag: Liverpool

25 **12**
LEIKIR MÖRK

Tölfræði Mané í enska boltanum

2
Skallamörk

22
Mörk með hægri fæti

9
Mörk með vinstri fæti


92
LEIKIR Í ENSKU
DEILDINNI

33
MÖRK Í ENSKU
DEILDINNI

14
STOÐ-
SENDINGAR

82
Skot á mark

3
Skot í tréverkið



12
Gul spjöld

2
Rauð spjöld

FJALLALAMB Á FRÁBÆRU VERÐI

ALLIR SEM VERSLA FYRIR 8.000 KR. EDA MEIRA
OG BÖRGA MEÐ NETGÍRÓ FÁ GJAFAKORT
FRÁ DUNKIN DONUTS

DRAUMAR GETA RÆST.
KIPPA AF HRINGJUM.



DUNKIN'
DONUTS

© 2015 DD IP Holder LLC.

Netgíró
Betri leið til að borga

DUNKIN'
DONUTS



Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan biggjur endast.

FJALLALAMBSLÆRI
FROSID

999 KR.KG



FJALLALAMB
SÚPUKJÖT ÚR FRAMPARTI

599 KR.KG

HAUST-
SLÁTRUN
2016

KR.KG



BASKIN
ROBBINS
499
500ML KR/PK



ICELAND
MEAL FOR ONE
398
500G KR/PK



COCA COLA
1L - Allar tegundir
169
1L KR/L



LAY'S SENSATIONS
THAI SWEET & MEXICAN PER
199
150G KR/PK



54
Fyrir
AF ÖLLUM PIZZUM



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson

skrifar um vísindi á villigötum.

Frakkar sendu árið 1802 herlið til Haítí til að berjast niður í eitt skipti fyrir öll þrælauppreisn sem þar hafði staðið nánast samfleytt í áratug. Herförin varð misheppnuð. Sjúkdómar, einkum gulusótt, hjuggu stór skörð í hersveitirnar og þótt frönsku herforingjarnir litu niður á þeldökka stjórnendur óvinanna, reyndust heimamennirnir slyngari og gerðu innrásarhernum ýmsar skráveifur.

Ógöngur franska herliðsins á Haítí reyndust afdrifaríkar fyrir þróun heimsmála. Þær urðu þeim mikill álitshnekkir og drögu úr trú umheimsins og Frakka sjálfra á að þeir hefðu bolmagn til að verja lönd og áhrifsvæði sín í Vesturheimi. Napóleón, sem mátti heita einráður í Frakklandi um þessar mundir, komst að sömu niðurstöðu og ákvað að gefa upp á bátinn alla stórveldisdröma í Norður-Ameríku, en einbeita sér þess í stað að yfirvofandi átökum í Evrópu.

Í ljósi þessarar nýju stefnu gengu ríkisstjórnir Frakklands og Bandaríkjanna til samninga árið 1803, þar sem stjórnin í Washington festi kaup á Louisiana. Um var að ræða gríðarstórt landsvæði sem náði allt frá núverandi landamærum Kanada suður til New Orleans við Mexíkóflóa og má því ekki rugla saman við samnefnt ríki í Bandaríkjunum í dag.

Kaupin vöktu hörð viðbrögð margra Bandaríkjamanna, sem margir sökuðu forsetann um

að taka sér völd og bentu á að stjórnarskráin veitti enga heimild til slíkrar útpenslustefnu. Þá voru ýmsir ósattir við að Bandaríkin legðu Frökkum lið gegn Bretum með svo beinum hætti, en hagnaðurinn af sölu landsins rann beint í stríðsundirbúning.

Með tímanum fékk kaupsamningurinn góð eftirmæli og er talinn hafa skipt sköpum fyrir útpenslu hins unga ríkis vestur á bóginn. Þegar leið að aldarafmæli Louisiana-samkomulagsins vildu íbúar hinna ört vaxandi svæða vestan Mississippí-árinna minnst þess með veglegum hætti. Því var ákveðið að efna til heimssýningar í borginni St. Louis í Missouri.

Deigla heimsins


„Louisiana Purchase Exposition“ eða heimssýningin í St. Louis var opnuð fyrir gestum þann 30. apríl árið 1904 og stóð í hálf ár. Enn í dag eru heimssýningar haldnar sem vekja athygli víða um lönd, en þær komast þó ekki í hálfkvísta við það sem tíðkaðist á gullöld slíkra samkoma á ofanverðri níttjándu öld og framan af þeirri tuttugustu.

Heimssýningar þessar voru oftast en ekki haldnar í minningu stórvíðburða í sögu gestgjafalandanna. Stjórnir viðkomandi ríkja veittu þá drjúgar fjárhæðir til að gera sýningar sem veglegastar, auk þess sem borgarstjórnir litu á þær sem auglýsingu og tilefni til stórfelldrar innviðauppbýggingar. Heimssýningarnar gegndu því svipuðu hlutverki og



Mannfræðisýningar voru keimlíkar furðufyrirbærasyningum þeim sem lengi höfðu tíðkast í vestrænum fjölleikahúsum og minntu á raun á mennskan dýragarð.

Skraelingjaleikarnir



Ólympiuleikar eða stórmót í knattspyrnu gera í dag.

Öll helstu fyrirtæki heims vildu láta ljós sitt skína á heimssýningunum, enda var vörusýningarhlutinn einna mikilvægasti þáttur þeirra. Þar voru veitt verðlaun í hinum ýmsu flokkum og þótti mikil upphéð fyrir framleiðendur að geta bætt viðurkenningum frá heimssýningum á umbúðir varnings

sins. Uppfinningamenn kepptust við að sýna snilli sína á heimssýningunum, enda var áherslan á tækni og framfarir yfirleitt mikil í dagskránni.

Þótt uppfinningarnar væru sjaldnast búnar til sérstaklega með sýningar þessar í huga voru þær vettvangur til að kynna þær fyrir heiminum. Þannig vakti röntgentækni fyrst heimsathygli á St. Louis-sýningunni. Á sviði rafmagnsfræðinnar gat sömu leiðis margt að líta, þannig útbjó vesturislenski hugvitsmaðurinn Hjörtur Þórðarson fyrsta milljón volta spenninn í heiminum og sýndi þar.

Jafnvel matargerðarlistin varð ekki ósnortin. Þannig munu skyndiréttirnir hamborgari, pylsa og ís í brauðformi allir hafa slegið fyrst í gegn í St. Louis og þaðan breiðst út um Bandaríkin. Rétt er þó að taka öllum slíkum upprunaskýringum með nokkrum fyrirvara.

Sýningarvæðið var ógnarstórt og vitaskuld þurftu gestirnir að hafa fleira fyrir stafni en að dást að varningi og tækninýjungum. Boðið var upp á ókjörin öll af listviðburðum og skemmtunum. Þriðju nútímaólympiuleikarnir og þeir fyrstu sem haldnir voru í Ameríku, fóru fram í tengslum við sýninguna, eins og áður hefur verið rakið á þessum vettvangi. Líkt og fjórum árum fyrr, þegar Ólympiuleikarnir voru haldnir í París í tengslum við stóra vörusýningu, vildu íþróttirnar drukka

í öllum hamaganginum. Enn í dag þrefa íþróttasagnfræðingar um hvaða íþróttaviðburði eigi að telja til formlegra Ólympiuleikanna frá þessum óreiðukenndu sumardögum í St. Louis.

Manneskjur til sýnis

Líklega voru fæstir þeirra sem mættu á heimssýninguna mikið að hugsa um íþróttáurslit, en öðru máli gegndi um allar mannfræðisýningarnar sem drögu til sín torfur áhorfenda. Mannfræðisýningar voru keimlíkar furðufyrirbærasyningum þeim sem lengi höfðu tíðkast í vestrænum fjölleikahúsum og minntu á raun á mennskan dýragarð. Þannig gátu gestir gegn vægu gjaldi fengið að berjast augum sjálfan Geronimo, indíánahöfðingjann fræga, sem sat fjörgamall og hreyfingarlítill á stól til sýnis.

Aðstandendur mannfræðisýninganna í St. Louis höfnuðu því þó alfarið að þær ættu neitt sameiginlegt með ómerkilegum fjölleikahúsum. Þvert á móti væri um hávísindalegt verkefni að ræða sem unnið væri í samvinnu við fræðimenn og háskólastofnanir.

Um og fyrir aldamótin 1900 höfðu Bandaríkin unnið mikla hernaðarsigra á Spánverjum og komist til áhrifa í mörgum fjarlægum löndum, svo sem í Austur-Asíu og á Kyrrahafi. Þar komust þeir í kynni við ýmis óvenjuleg samfélög innfæddra, sem vöktu mikla forvitni landsmanna. Bandaríkin voru skyndilega orðin hálfgerst nýlenduveldi, líkt og evrópsku stórbjóðirnar og brugðust að mörgu leyti eins við þeirri stöðu.

Á fyrri heimssýningum höfðu mennskir dýragarðar verið settir upp og vakið mikla athygli. Þar höfðu fæinar fjölskyldur, til dæmis af „frumstæðum“ afrískum þjóðflokkum, verið hafðar til sýnis á sviði eða innan girðingar þar sem undrandi göðborgarar gátu gönt á klæðalítla og húðflúraða blökkumennina.

Í St. Louis voru sýningarnar allt aðrar og stærri í sniðum. „Sýningar-gripirnir“ voru ekki taldir í tugum heldur mátti sjá vel á annað þúsund

manns frá öllum heimshornum. Litlir ættbálkar frá örsmáum Kyrrahafseyjum, fjöldi Japana sem klæddir voru í gamaldags skrautbúninga, norðuramerískir indíánar og afrískir búskmenn – öllu ægði saman. Til að upplifun gestanna yrði sem eðlilegust var mikil áhersla lögð á að skapa sem réttast umhverfi. Heilu afrísku þorpunum og indíánatjaldbúðunum var komið upp svo áhorfendur fengu sem raunsæjasta innsýn í daglegt líf fólksins á sýningunni. Leiktjóldin voru þó vitaskuld blekking og þáttakendurnir í raun leikarar sem löguðu sig að væntingum áhorfenda og hegðuðu sér frekar í samræmi við þær hugmyndir sem sýningargestir höfðu um atferli fjarlægra þjóða en raunveruleikann.

Stjórnendur mannfræðisýninganna í St. Louis litu svo á að starf þeirra væri hávísindalegt, í dag eru þær taldar með groddalegri birtingarmyndum þeirra rasísku erfðafræðihugmynda sem riðu húsum á Vesturlöndum á þessum árum. Skipuleggjendurnir gáfu sér þá forsendu að hvítir Evrópubíar og afkomendur þeirra væru komnir lengst allra á þróunarbrautinni. Markmið þeirra var því einkum að bera saman hina „óæðri“ kynþætti og leggja mat á þróunarstig einstakra hópa.

Blásið til keppni

Þar sem mannfræðisýningarnar og Ólympiuleikarnir voru hvort tveggja hluti af sömu heimssýningunni, kviknaði sú hugmynd að slá þrjár flugur í einu höggi: að nýta íþróttirnar til að flokka kynþættina, staðfesta yfirburði hvíta mannsins og skapa skemmtilega sýningu fyrir áhorfendur. Útkoman varð furðuleg blanda af vísindatilraun og íþróttakeppni, sem tveir menn báru öðrum fremur ábyrgð á. Þeir voru mannfræðingurinn William John McGee og íþróttaforkólfurinn James Edward Sullivan.

McGee var aðalumsjónarmaður mannfræðisýninganna í St. Louis en Sullivan var aðalskipuleggjandi Ólympiuleikanna. Sem forystumað-

ur í íþróttahreyfingunni var hann afar ihaldssamur og stóð til að mynda gegn því að konur kepptu í íþróttum fyrir hönd Bandaríkjanna. Að hans mati höfðu bandarískir háskólar náð fullkomnun í íþróttajálfun og bandarískir, hvítir háskólaíþróttamenn væru því hraustustu og heilbrigðustu mannverur í heimi. Þeir McGee og Sullivan sáu sér nú leik á borði að sanna þá kenningu.

Íþróttakeppni kynþáttanna var kynnt með pompi og prakt. „Hver er konungur villimannanna?“ – var spurt í auglýsingum. Safnað var saman fulltrúum allra þeirra kynþátta sem til sýnis voru á heimssýningunni og þeir látnir keppa innbyrðis í fjölda íþróttageina. Útkoman varð hreinasta ringulreið.

Í fyrsta lagi var fólkið af sýningunni engir sérstakir íþróttamenn og hafði jafnvel aldrei spreytt sig á þeim greinum sem keppa átti í. Þeir McGee og Sullivan ákvaðu að banna keppendunum að æfa sig, þar sem það gæti spilt niðurstöðum tilraunarinnar. Í tæknigreinum á borð við spjótkastr, bogfimi og hástökk varð frammistaðan því afar dýpur. Þá gleymdist að útvega túlka til að útskýra reglurnar fyrir í þáttakendum.

Ekki bætti úr skák að Sullivan leit svo á að þar sem keppni væri óbeint hluti af Ólympiuleikunum yrðu áhugamannareglur þeirra að gilda. Enginn fékk því greitt fyrir þátttökuna, sem þýddi að fólkið á sýningunni hafði takmarkaðan áhuga á að taka þátt.

Til samanburðar við þennan herskara afbyrjendum, létu þeir McGee og Sullivan hóp þjálfara bandarískra íþróttamanna keppa í sömu greinum. Útkoman varð vitaskuld sigur hvíta mannsins. Þótt þessi fánalegi aðstöðumunur hefði mátt vera öllum ljós, töldu félagarnir sig hafa fengið endanlega sönnun á rasískum hugmyndum sínum og voru miklar ályktanir dregnar af tilrauninni um atgervi og stöðu einstakra kynþátta á þróunarbrautinni. Í dag ber þó vonandi öllum saman um að keppnin sé ljótur blettur á sögu nútímaólympiuleikanna, enda hefur Alþjóðaólympiunefndin reynt að má hana snyrtilega úr öllum sínum plögum.



ÚTKOMAN

VARÐ

FURÐULEG

BLANDA AF

VÍSINDA-

TILRAUN OG

ÍÞRÓTTA-

KEPPNI

SÓFAR Á TILBOÐI 15-40% AFSLÁTTUR



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
Verð: 236.000,-
TILBOÐSVERÐ: 188.800,-



NAPOLI SÓFI M/2 TUNGUM
Stærð: 320X170X170cm
Verð: 249.000,-
TILBOÐSVERÐ: 174.300,-



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm - færánleg tunga
Verð: 169.900,-
TILBOÐSVERÐ: 127.425,-



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
Verð: 209.000,-
TILBOÐSVERÐ: 177.650,-



ARES TUNGUSÓFI
Stærð: 278X175cm
Verð: 219.000,-
TILBOÐSVERÐ: 186.150,-



ORLANDO TUNGUSÓFI
Stærð: 272X165cm
Verð: 209.000,-
TILBOÐSVERÐ: 177.650,-



JERSEY 4RA SÆTA
Breidd: 298cm
Verð: 195.000,-
TILBOÐSVERÐ: 156.000,-



NAPOLI TUNGUSÓFI
Stærð: 250X165cm
Verð: 199.000,-
TILBOÐSVERÐ: 119.400,-

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1760 Embættið landlæknir, landfysikus, er stofnað á Íslandi með úrskurði Danakonungs. Bjarni Pálsson er fyrsti landlæknir Íslands.

1772 Björn Jónsson er skipaður fyrsti lyfsali á Íslandi með aðsetur í Nesi við Seltjörn.

1871 25 karlar og tvær konur hvetja til þess að stofnaður verði kvennaskóli í Reykjavík í ávarpi til Íslendinga.

1922 Mahatma Gandhi er dæmdur í sex ára fangelsi á Indlandi fyrir borgaralega óhlýðni.

1926 Útvarpsstöð tekur formlega til starfa í Reykjavík en hættir fljótlega.

1967 Risaolíuskiptið Torrey Canyon strandar á rífi fyrir utan Wales. Um 120 þúsund tonn af olíu fara í hafið og valda gifurlegu tjóni.

